



Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða

Skýrsla 2020

Samkvæmt ákvæðum 79. gr. laga nr. 60/2013 skal Umhverfisstofnun gefa ráðherra árlega skýrslu um ástand náttúruverndarsvæða í umsjá stofnunarinnar. Í þessari skýrslu er að finna mikilvægar upplýsingar er varða ástand friðlýstra svæða en hér er þó einblínt á áfangastaði ferðamanna innan friðlýstu svæðanna. Umhverfisstofnun hefur frá árinu 2010 gefið út skýrslur um ástand friðlýstra svæða og frá sama tíma hefur verið gefinn út listi um svæði í hættu, svokallaður Rauði listi, annað hvert ár.

Nú er í fjórða sinn unnið með verkfæri til að meta ástand áfangastaða innan friðlýstra svæða. Verkfærið var unnið af Umhverfisstofnun en á vordögum 2016 gerðu Umhverfisstofnun og Stjórnstöð ferðamanna með sér samning um að fyrrgreindi aðilinn myndi hanna og þróa verkfæri sem nýta mætti til að leggja mat á svæði sem væru undir álagi vegna gestasóknar. Áhersla er lögð á að verkfærið leggi hlutlægt mat á verndarsvæði, sé samanburðarhæft milli svæða og gefi til kynna hvort ástand svæða fari batnandi eða versnandi milli ára. Þrjú meginþættir (skipulag, innviðir og verðmæti) eru metnir til að byrja með en bæta má við nýjum meginþáttum og fella þætti út eftir því hvernig verkfærið þróast. Verkfærið sem hér fylgir er því enn í þróun og verður það sennilega komandi ár.

Í þessari skýrslu er að finna ástandsmat 146 áfangastaða innan friðlýstra svæða. Sú ánægjulega þróun milli ára er að nú hafa systurstofnanir okkur Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarður tekið verkfærið í sína þjónustu og eru niðurstöður mats á svæðum innan þjóðgarðanna jafnframt að finna í þessari skýrslu.

Uppsetning skýrslunnar er þannig að fremst er matseinkunn allra metinna svæða. Þeim er raðað eftir stafrófsröð innan hvers landshluta. Í tilfalli Vatnajökulsþjóðgarðs, sem spannar nokkur landssvæði, er garðinum skipt í starfssvæði og fylgir hvert starfssvæði landshlutanum sem það er í, þannig er því að finna fjóra kafla um Vatnajökulsþjóðgarð í skýrslunni. Þar á eftir er kafli þar sem dregin eru fram annars vegar svæði í hættu en hins vegar svæði sem standa vel að vígi. Að lokum er hið eiginlega ástandsmat hvers svæðis með tillögum að úrbótum þar sem litið er til möguleika svæðis til að þjóna gestum og viðhalda verndargildi. Jafnframt er fjallað um breytingar milli ára þar sem við á.

Verkfærið

Ýmsar leiðir eru þekktar erlendis til að meta ástand og álag á fjölsóttum svæðum og gera úttekt á stjórnun þeirra. Við gerð þessa verkfæris voru ýmis erlend tól skoðuð og hugmyndafræði þeirra nýtt. Ber sérstaklega að nefna *Management Effectiveness Tracking Tool - WWF* sem er verkfæri hannað til að meta virkni stjórnunar á friðlýstum svæðum. Aðferðarfræði ástandsmatsins er byggð á svipuðum grunni, þ.e. settar eru fram fullyrðingar um vísu þætti sem skipta ástand svæða máli. Sú fullyrðing sem á best við gefur vísu einkunn.

Matið skiptist í þrjú meginhluta: skipulag, innviði og verðmæti. Alls er um 27 þætti eða viðföng að ræða og felur hver þáttur í sér fullyrðingar þar sem hverri fullyrðingu fylgir ákveðin einkunn. Eigi tiltekinn þáttur ekki við um tiltekið svæði hverfur hann úr matinu og vægi hans núllast út.

Kallaður var saman fundur margra hagsmunaaðila þar sem viðföng sem skipta máli er kemur að ástandsmati áfangastaða voru samin, rædd og metin. Í kjölfarið voru viðföngin fínþússuð og sett fram með einkunnum. Þá var sett fram reiknilíkan til að leggja lokamat á einkunnargjöf hvers metins svæðis.

Haustið 2018 unnu sérfræðingar í teymi náttúruverndar að uppfærslu matsverkfærisins. Í þeirri vinnu var reynt að afmá þá hnökra sem komið höfðu upp og bæta við viðföngum sem talið var að myndu hjálpa til við að gefa skýrari mynd af ástandi hvers áfangastaðar fyrir sig. Verkfærið fór aftur í gegnum nokkrar breytingar vorið 2020 en engu að síður er talið að það sé samanburðarhæft milli ára.

Hafa skal í huga að verkfærið er hannað til að leggja mat á ástand svæða sem eru undir álagi vegna gestasóknar, þekktir áfangastaðir. Ekki er ástæða til að leggja mat á svæði sem fáir sækja og áhrif gesta eru óveruleg. Sama á við ef álag á svæði er vegna náttúrulegra þátta og/eða framkvæmda þriðja aðila s.s. virkjanir, vegaf framkvæmdir eða annað álag sem ekki er hægt að rekja beint til ferðamanna. Með verkfærinu er gestaálag metið og lagðar til leiðir til úrbóta. Þó eru stök viðföng sem heyra ekki beint undir álag gesta en geta haft áhrif á upplifun þeirra, t.d. landnýting, framandi ágengar lífverur o.s.frv.

Frekari upplýsingar um verkfærið ásamt leiðbeiningum um notkun má finna í viðauka 1.

Efnisyfirlit

Einkunnir áfangastaða	5
Áfangastaðir sem standa vel.....	12
Ástandsmat, ástand og úrbætur.....	14
Vesturland.....	14
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	20
Vestfirðir	26
Norðvesturland.....	34
Norðausturland.....	36
Austurland.....	45
Suðurland.....	49
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	64
Þingvellir – Almannagjá	64
Miðhálandið.....	67
Friðland að Fjallabaki	67
Kerlingarfjöll.....	74
Vatnajökulspjóðgarður – Hálandi Skaftárhrepps	76
Vatnajökulspjóðarður – hálandið norðan Vatnajökuls.....	78
Suðvesturland	82
Reykjanesfólkvangur.....	108
Lokaorð	114
Viðauki 1	115

Einkunnir áfangastaða

Hér er að finna töflu með upplýsingum um ástand allra metinna áfangastaða. Þeir eru flokkaðir eftir landssvæðum og einkunn áfangastaða skipt niður í þrjá flokka; þ.e. skipulag, innviði, verðmæti og heildareinkunn áfangastaðar. Vert er að benda á að í þarnæsta kafla eru frekari upplýsingar um ástand hvers staðar fyrir sig og yfirlit yfir brýnar úrbætur.

Árið 2020 framkvæmdu starfsmenn Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum, ástandsmat á 146 áfangastöðum ferðamanna innan friðlýstra svæða. Í tilfellum þar sem friðuðu svæðin eru stór hafa verið skilgreindir fleiri en einn áfangastaður innan hins friðlýsta svæðis og er því að finna upplýsingar um allt að átta áfangastaði innan sumra friðaðra svæða. Má þar nefna svæði eins og Þjóðgarðinn Snæfellsjökull og Friðlandið að Fjallabaki. Hér skal tekið fram að sökum stærðar Vatnajökulspjóðgarðs, þá flokkast hann undir fjögur landssvæði; Norðausturland, Austurland, Suðurland og Miðhálandið.

Einkunnir sumra svæða tóku nokkrum breytingum sem tengja má við breytta ferðahegðun vegna Covid-19. Má þar fyrst nefna að fjölsóttustu ferðamannastaðirnir fengu aðeins brot af þeim gestum sem sækja svæðin heim í venjulegu ári. Það gat skilað sér í því að innviðir voru nægjanlegir, ástand gróðurs við gönguleiðir batnaði o.s. frv. Á sama tíma varð mikil sprenging í útivistaráhuga landans og þar með mikið álag á svæðum nálægt þéttbýli, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Hluti þessara svæða lækka í einkunn vegna þess hve illa þau voru í stakk búin fyrir þessar skjótu breytingar. Innviðir dugðu ekki þeim fjölda sem allt í einu var kominn á staðinn, göngustígar önnuðu ekki fjölda göngumanna o.s.frv.

Tafla 1. Einkunnir áfangastaða

Vesturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Arnarstapi	8,33	9,28	9,23	9,16
Búðahraun	7,22	8,67	9,33	8,71
Einkunnir	6,53	8,52	7,87	7,76
Eldborg	9,33	8,38	9,07	8,94
Geitland	6,85	7,92	8,00	7,74
Grábrók	9,81	8,67	9,66	9,49
Hraunfossar	7,50	9,22	8,50	8,49
Húsafell	8,54	9,07	9,11	8,98
Ströndin Stapar-Hellnar	8,33	8,95	9,17	8,93
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Djúpalón	8,67	7,86	9,57	8,92
Lóndrangar	8,33	8,57	9,00	8,68
Malarrif	9,00	9,29	9,30	9,27
Saxhóll	8,89	8,81	8,93	8,89
Skarðsvík	8,33	7,33	10,0	8,93
Skálasnagi	9,26	8,13	9,24	9,24
Svalþúfa	8,90	9,38	9,13	9,09
Öndverðarnes	8,89	6,67	9,20	8,45

Vestfirðir	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Dynjandi	8,33	6,94	8,67	8,13
Hornstrandir, Hesteyri	8,52	7,00	7,56	7,61
Hornstrandir, Horn	8,96	8,06	7,61	8,00
Hornstrandir, Höfn	9,44	9,00	8,00	8,57
Hornstrandir, Látrar	7,50	8,67	8,00	8,08
Hornstrandir, Veiðileysufjörður	8,15	8,00	8,67	8,64
Surtabrandsgil	9,63	10,00	10,00	9,92
Vatnsfjörður, Flókalundur	6,67	7,78	7,67	7,49
Vatnsfjörður, Hörgsnes	7,78	9,38	8,22	8,44
Vatnsfjörður, Vatnsdalur	7,78	9,05	8,78	8,64
Vatnsfjörður, Þingmannaá	7,22	6,67	9,00	8,00
Norðvesturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Hrútey	7,78	9,00	7,67	8,05
Kattarauga	6,67	8,00	10	8,76
Spákonufellshöfði	8,15	7,92	7,39	7,69
Norðausturland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Böggvistaðafjall	7,78	7,78	7,22	7,49
Dimmuborgir	9,33	9,05	7,33	8,22
Glerárdalur	7,14	6,67	7,56	7,23
Goðafoss	8,00	8,57	8,22	8,27
Hraun	6,67	8,33	9,33	8,50
Hverfjall	8,67	7,22	7,33	7,58
Klasar	5,67	8,57	8,67	8,01
Krossanesborgir	9,52	7,78	8,33	8,43
Seljahjallagil	6,25	7,50	10,00	8,54
Skútustaðir	9,00	8,10	7,89	8,18
Svarfaðardalur	8,15	7,92	7,22	7,60
Vatnajökulsþjóðgarður	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Botnstjörn í Ásbyrgi	8,00	7,14	7,33	7,42
Dettifoss að austanverðu	6,30	5,71	5,67	5,81
Dettifoss að vestanverðu	8,17	8,75	7,33	7,89
Hljóðaklettur	6,48	7,22	6,89	6,89
Austurland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Álfaborg	6,67	9,05	9,33	8,70
Blábjörg í Berufirði	5,19	6,11	8,22	7,01
Helgustaðanáma	7,67	7,78	6,11	6,89
Hólmanes	8,67	8,10	7,33	7,82
Neskaupsstaður fólkvangur	8,33	6,67	7,89	7,65
Teigarhorn	9,33	8,10	8,00	8,31
Suðurland	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn

Álftaversgígar	5,19	5,83	6,67	6,13
Dverghamrar	9,26	7,78	7,89	8,15
Dyrhólaey, Háey	8,67	8,10	8,00	8,17
Dyrhólaey, Lágey	8,67	9,05	7,33	8,08
Geysir	7,78	7,04	6,35	6,83
Gullfoss	8,00	7,33	6,00	6,78
Háalda	3,33	7,78	7,00	6,44
Ingólfshöfði	7,22	8,54	9,33	8,68
Kirkjugólf	8,33	7,22	10,00	8,90
Ósland	8,89	7,78	9,67	8,99
Skógafoss, Skógaheiði	6,67	6,67	8,33	7,53
Skógafoss, láglandi	8,33	7,14	8,78	8,24
Þjórsárdalur, Gjáin	5,56	4,17	7,33	6,11
Þjórsárdalur, Háifoss	5,56	6,30	8,33	7,20
Þjórsárdalur, Hjálparfoss	6,30	6,11	8,00	7,13
Vatnajökulsþjóðgarður	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Fjallsárlón	8,70	8,67	9,66	9,19
Jökulsárlón	6,83	6,28	6,11	6,31
Námuvegur	5,17	2,78	5,44	4,67
Sel	9,07	9,39	9,03	9,14
Skaftafell tjaldsvæði	8,33	9,20	8,60	8,71
Skaftafell þjónustukjarni	8,17	8,61	8,93	8,69
Skaftafellsjökull	9,10	7,67	8,44	8,37
Svartifoss	9,50	9,17	8,33	8,80
Þröng	7,67	7,20	6,28	6,82
Þjóðgarðurinn Þingvellir	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Almannagjá	10	9,67	8,67	9,22
Hakið	10	10	8,61	9,28
Silfra	9,67	9,44	5,89	7,64
Öxarárfoss	9,50	8,89	7,67	8,38
Miðhálandið	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Fjallabak, Hnausapollur	5,93	5,33	8,67	7,19
Fjallabak, Hrafninnusker	4,81	7,08	7,00	6,56
Fjallabak, Landmannahellir	5,19	5,56	7,33	6,40
Fjallabak, Landmannalaugar	4,81	4,29	7,33	5,98
Fjallabak, Laugahringur	6,30	7,22	7,33	7,09
Fjallabak, Laugavegur	5,19	7,14	6,00	6,14
Fjallabak, Ljótípollur	5,56	5,42	7,33	6,44
Fjallabak, Rauðifoss	5,19	4,29	6,00	5,37
Fjallabak, Stútur	4,81	4,29	4,67	4,59
Fjallabak, Suðurnámur	5,19	5,19	4,67	4,92

Fjallabak, Vondugiljaaurar	5,19	6,19	6,00	5,88
Hveravellir	6,88	8,89	6,56	7,25
Kerlingarfjöll, Ásgarður	7,71	7,04	6,67	6,99
Kerlingarfjöll, Hveradalir	6,04	5,56	6,00	5,89
Kerlingarfjöll, Keis	6,04	6,67	7,00	6,71

Vatnajökulsþjóðgarður	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Askja	9,67	10,0	9,33	9,58
Drekagil	8,67	9,33	8,44	8,73
Eldgjá	9,81	9,07	8,67	9,02
Herðubreiðarlindir	7,33	8,18	6,67	7,22
Holuhraun	9,33	9,63	7,33	8,37
Hvannalindir	9,63	8,57	8,67	8,84
Laki	9,44	8,15	8,33	8,52
Langisjór	9,07	8,96	9,33	9,18
Snæfell gönguleið	10,0	9,58	10,0	9,89
Tjarnargígur	9,44	9,58	8,67	9,08

Höfuðborgarsvæði	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Álafoss	8,52	8,00	6,00	7,07
Ásfjall	5,42	7,33	5,67	6,06
Ástjörn	5,56	7,33	6,00	6,27
Bakkatjörn	6,25	8,89	6,67	7,18
Borgir	6,67	8,67	7,67	7,73
Bringur	5,71	5,56	6,11	5,88
Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá	7,50	6,25	6,67	6,73
Fjaran við Kasthúsatjörn	6,67	8,00	7,00	7,20
Fossvogsbakkar	7,50	7,33	6,00	6,68
Garðahraun og Vífilstaðahraun	8,10	9,52	6,33	7,56
Gálgahraun	7,22	9,17	7,33	7,81
Maríuhellar við Vífilstaðahraun	7,22	6,67	6,67	6,78
Gróttta	7,14	8,67	7,56	7,77
Hamarinn	7,62	8,67	6,67	7,41
Háubakkar	8,10	7,50	7,22	7,48
Hleinar	6,19	6,11	5,33	5,72
Hlið	6,67	6,67	5,67	6,15
Hvaleyrarlón	6,19	8,33	7,00	7,19
Kaldárhraun og Gjárnar	4,81	6,19	7,33	6,50
Kasthúsatjörn	7,50	7,22	7,00	7,17
Laugarás	8,10	8,67	7,00	7,68
Rauðhólar	4,58	5,42	6,00	5,55
Stekkjahraun	7,08	8,33	6,67	7,20
Tröllabörn	5,83	6,67	7,00	6,67

Tungufoss	7,50	7,33	5,00	6,16
Valhúsahæð	7,22	8,33	6,67	7,23
Varmárósar	7,22	8,67	8,67	8,36
Vífilsstaðavatn	8,52	7,50	6,67	7,28
Víghólar	6,19	9,17	6,89	7,36

Bláfjallasvæði og Reykjaneskagi	Skipulag	Innviðir	Verðmæti	Heildareinkunn
Bláfjallafólkvangur, skíðasvæði	7,04	8,33	5,33	6,50
Bláfjallafólkvangur, Þríhnúkagígur	8,33	9,44	8,78	8,86
Eldborg í Bláfjöllum	5,24	8,33	8,67	7,86
Eldborg undir Geitahlíð	5,83	7,22	6,11	6,35
Herdísarvík	5,19	6,67	7,33	6,70
Litluborgir	5,56	10	6,67	7,33
Reykjanesfólkvangur, Helgafell	4,44	5,83	6,00	5,63
Reykjanesfólkvangur, Krisuvíkurbjarg	6,30	5,33	7,00	6,40
Reykjanesfólkvangur, Leiðarendi	7,33	9,05	7,00	7,62
Reykjanesfólkvangur, Seltún	7,33	9,05	7,00	5,92
Reykjanesfólkvangur, Sogin	5,00	5,83	6,33	5,92
Reykjanesfólkvangur, Stapar og fjaran við Kleifarvatn	4,29	6,00	6,33	5,81
Reykjanesfólkvangur, Vigdísarvellir og Vigdísarvallaleið	5,42	5,42	5,33	5,37

Ástandsmat áfangastaða ferðamanna

Ástandsmat áfangastaða verkfærið var þróað til að unnt væri að fá heildaryfirsýn um ástand áfangastaða á Íslandi. Verkfærið er miðað að einum af stærstu þáttunum sem hafa áhrif á ástand náttúru Íslands, sem er ferðamennska og nýting náttúru til útivistar. Með notkun þess verkfæris sem hér er kynnt til sögunnar er hægt að greina eftirsótt náttúrusvæði, sem eru í hættu vegna ferðamennsku og útivistar, á skilvirkan hátt. Nú birtum við nýja lista yfir svæði í hættu – rauða áfangastaði árlega, þar sem gerð er grein fyrir áhrifum ferðamanna á náttúru. Unnið er samkvæmt eftirfarandi flokkun þegar kemur að einkunum sem áfangastaðir fá út úr matinu:

- Áfangastaður með heildareinkunn lægri en 5 telst rauður og er í verulegri hættu á að tapa verndargildi sínu. Þar er æskilegt að grípa til tafarlausra aðgerða. Það sama gildir ef einkunn fyrir þann hluta er fellur undir „verðmæti áfangastaðar“ er lægri en 5.
- Áfangastaður með heildareinkunn á bilinu 5-6 flokkast sem appelsínugulur áfangastaður, þ.e. hugsanleg hættu er á því að svæðið tapi verndargildi sínu og þörf er á aðgerðum til afstýringar. Það sama gildir ef einkunn fyrir þann hluta er fellur undir „verðmæti áfangastaðar“ er á milli 5 og 6.

Ástandsmat ferðamannastaða tekur ekki tillit til álags vegna annarra hagsmunaárekstra eins og kann að vera t.d. vegna orkunýtingar, landbúnaðarnotkunar, iðnaðar, áhrif þéttbýlis (t.a.m. skólphreinsun, byggingar) og annarrar starfsemi sem telst ekki til ferðamennsku (né álags vegna ólöglegar starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á náttúruverndarsvæði).

Tafla 3. Áfangastaðir í hættu

2019	2020
Áfangastaðir í hættu	Áfangastaðir í hættu
Dettifoss (að austanverðu) Innan Friðlands að Fjallabaki: <i>Rauðifoss</i>	Innan Friðlands að Fjallabaki: <i>Stútur og Suðurnámur</i> Innan Vatnajökulsþjóðgarðs: <i>Námuvegur</i>
Appelsínugulir áfangastaðir	Appelsínugulir áfangastaðir
Álafoss	Ásfjall
Ásfjall	Bringur
Ástjörn	Dettifoss (að austanverðu)
Eldborg undir Geitahlíð	Innan Friðlands að Fjallabaki: <i>Landmannalaugar,</i> <i>Rauðifoss og Vondugiljaaurar</i>
Innan Friðlands að Fjallabaki: <i>Landmannalaugar</i>	Hleinar
Helgustaðanáma	Hlíð
Hleinar	Kerlingafjöll (Hveradalir)
Hlíð	Rauðhólar
Hveravellir	Innan Bláfjallafólkvangs: <i>Skíðasvæði</i>
Laugarás	Innan Reykjanesfólkvangs: <i>Helgafell, Seltún, Sogin,</i> <i>Stapar og fjaran við Kleifarvatn, Vigdísarvellir og</i> <i>Vigdísarvallaleið.</i>
Rauðhólar	Tungufoss
Tungufoss	Innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum: <i>Silfra og</i> <i>nærumhverfi</i>
Innan Bláfjallafólkvangs: <i>Skíðasvæði</i>	
Innan Reykjanesfólkvangs: <i>Helgafell, Leiðarendi, Sogin, Starpar við Kleifarvatn og</i> <i>Vigdísarvellir</i>	

Þegar skoðaðir eru áfangastaðir sem eru nýir á þessum listum sést að það eru allt áfangastaðir sem hafa ekki verið metnir áður. Báðir áfangastaðirnir sem voru í hættu árið 2019 hafa nú færst í appelsínugula áfangastaði. Rauðifoss vegna þess að farið var í aðgerðir á svæðinu en Dettifoss (að austanverðu) líklega vegna fækkunar gesta árið 2020.

Sambærilegur fjöldi svæða er nú á appelsínugula listanum og í fyrra (fór úr 19 í 18). Þau svæði sem koma ný inn á þennan lista eiga það sameiginlegt, líkt og nýju svæðin á, svæði í hættu listanum, að vera nú metin í fyrsta skipti. Undantekningin frá þessu er fólkvangurinn Bringur, en hann líkt og mörg svæði í nágrenni höfuðborgarinnar, voru undir meira álagi í ár, líklega sökum aukins útivistaráhuga fólks tengt við Covid-19.

Áfangastaðir sem standa vel

Til að komast á græna listann þarf svæði að hafa náð a.m.k. 8 í heildareinkunn.

Mikil fjölgun er meðal grænna áfangastaða árið 2020. Munar þar óneitanlega um hversu mörg svæði voru að fá mun færri heimsóknir en í meðal ári en jafnframt hefur innviðauppbýggingu verið haldið áfram. Til að mynda náðu allir áfangastaðir Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls inn á listann.

Ekki er líklegt að ágætiseinkunn haldist allstaðar eftir að gestakomur komast aftur í hefðbundinn farveg, nema til komi áframhaldandi innviðauppbýgging.

Eingöngu einn áfangastaður missir sæti sitt á græna listanum á milli árána 2019 og 2020. Það er áfangastaðurinn Hverfjall. Skýringin á því er að vatnslaust var á svæðinu í sumar eftir að borhola féll saman og tilraunir til að laga hana báru ekki árangur. Þar með var ekki hreinlætisaðstaða á svæðinu. Unnið er að lausn málsins.

Tafla 4. Áfangastaðir sem standa vel

2019	2020
Grænir áfangastaðir	Grænir áfangastaðir
<p>Arnarstapi</p> <p>Innan Bláfjallafólkvangs: <i>Þríhnjúkagígar</i></p> <p>Búðahraun</p> <p>Dimmuborgir</p> <p>Dynjandi</p> <p>Dverghamrar</p> <p>Eldborg í Hnappadal</p> <p>Grábrók</p> <p>Innan Hornstranda; <i>Horn, Látrar og Veiðileysufj.</i></p> <p>Hraun</p> <p>Hraunfossar</p> <p>Hverfjall</p> <p>Húsafell</p> <p>Ingólfshöfði</p> <p>Kattarauga</p> <p>Kirkjugólf</p> <p>Krossanesborgir</p> <p>Seljahjallagil</p> <p>Skútustaðir</p> <p>Ströndin á milli Stapa og Hellna</p> <p>Surtarbrandsgil</p> <p>Innan Vatnsfjarðar; <i>Hörgsnes og Vatnsdalur</i></p> <p>Innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls; <i>Djúpalón, Lóndrangar, Malarrif, Saxhóll, Skarðsvík, Skálasnagi, Svalþúfa og Öndverðarnes</i></p>	<p>Arnarstapi</p> <p>Álfaborg</p> <p>Innan Bláfjallafólkvangs: <i>Þríhnjúkagígar</i></p> <p>Búðahraun</p> <p>Dimmuborgir</p> <p>Dynjandi</p> <p>Dyrhólaey (háey)</p> <p>Dverghamrar</p> <p>Eldborg</p> <p>Grábrók</p> <p>Goðafoss</p> <p>Innan Hornstranda: <i>Horn, Höfn, Látrar og Veiðileysufjörður</i></p> <p>Hrútey</p> <p>Hraun</p> <p>Hraunfossar</p> <p>Húsafell</p> <p>Ingólfshöfði</p> <p>Kattarauga</p> <p>Kirkjugólf</p> <p>Klasar</p> <p>Krossanesborgir</p> <p>Ósland</p> <p>Seljahjallagil</p> <p>Skógarfoss (láglandi)</p> <p>Skútustaðir</p> <p>Ströndin Stapar - Hellnar</p> <p>Surtarbrandsgil</p> <p>Teigarhorn</p> <p>Innan Vatnsfjarðar: <i>Hörgsnes, Vatnsdalur og Þingmannaá</i></p> <p>Innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökull: <i>Djúpalón, Lóndrangar, Malarrif, Saxhóll, Skarðsvík, Skálasnagi, Svalþúfa og Öndverðarnes.</i></p> <p>Varmárósar</p> <p>Innan Vatnajökulsþjóðgarðs: <i>Askja, Drekgil, Eldgjá, Fjallsárlón, Holuhraun, Hvannalindir, Laki, Langisjór, Sel, Skaftafell tjaldsvæði, Skaftafell þjónustumiðstöð, Snæfell gönguleið, Svartifoss, Tjarnargígur</i></p> <p>Innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum: <i>Almannagjá, Hakið og Öxarárfoss</i></p>

Ástandsmat, ástand og úrbætur

Hér er að finna ástandsmat hvers áfangastaðar sem metinn hefur verið með verkfærinu. Áfangastöðunum er raðað upp eftir landshlutum og í stafrófsröð innan landshlutans. Þar sem fleiri en einn áfangastaður er metin innan eins friðlýsts svæðis, er hann að finna undir nafni friðlýsta svæðisins.

Vesturland

Arnarstapi

<https://ust.is/nattura/nattuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/strondin-vid-stapa-og-hellna/>

Arnarstapi er skammt austan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og undir umsjón starfsmanna hans. Ekki er fullljóst hve margir gestir koma árlega á Arnarstapa, en í Þjóðgarðinn komu tæplega 500.000 gestir í venjulegu ári og má áætla að flestir þeirra hafi einnig komið við á Arnarstapa. 2020 var fækkun vegna ástands í heimsmálum.

Arnarstapi – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,83
Innviðir áfangastaðar	9,19	9,28
Verðmæti áfangastaðar	7,98	9,23
Heildareinkunn áfangastaðar	8,38	9,16

Breyting á milli ára

Tiltölulega fáar framkvæmdir áttu sér stað á Arnarstapa 2020, utan endurbætur á gönguleiðinni frá Arnarstapa að Hellnahrauni. Þar sem ferðamönnum fækkaði talsvert 2020 tók lífríki betur við sér og staða þess batnaði talsvert. Bætt var við girðingar á svæðinu, bæði stýringar og öryggisgirðingar (keðjur).

Úrbætur

Árið 2021 verða smíðaðir útsýnispallar/stígar við Músagjá og gönguleið að þeim bætt. Göngubrú verður lagfærð og endursmíðuð. Sótt hefur verið um fjármagn til gerð deiliskipulags þar sem heildarhönnun svæðisins verður reifuð.

Búðahraun

<https://ust.is/budahraun>

Búðahraun er utanvert á sunnanverðu Snæfellsnesi. Svæðið er friðlýst vegna jarðmyndana og gróðurs. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull fer með umsjón svæðisins. Á svæðinu er vinsælt hótél og kirkja. Ekki eru til skilgreindar tölur um hve margir sækja þjónustustaðina heim og hve margir nýta sér friðlandið til útivistar. Flestir gestir virðast þó aka beint að kirkjunni, skoða hana og nærumhverfi en fara lítið inn í friðlandið sjálft.

Búðahraun – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,29	7,22
Innviðir áfangastaðar	8,81	8,67
Verðmæti áfangastaðar	9,23	9,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,71	8,71

Breyting á milli ára

Unnið var við göngustíga frá efra bílastæði að Frambúðum 2020. Bílastæðið fær lægri einkunn 2020 en fyrra ár og kallar það á úrbætur.

Úrbætur

Hanna þarf aðkomu að friðlandinu. Í dag eru tvö bílastæði, annað við hótelið og hitt við kirkjuna. Skoða þarf hvort gera þurfi annað bílastæðanna að aðalsvæði og flytja alla upplýsingagjöf þangað. Talning gesta og eigindi er mikilvægt. Fara þarf í bætingar á girðingu með öllu móti, enda ástand hennar farið að lækka hluta einkunnar. Áfram verður unnið við göngustíga friðlandsins 2021.

Einkunnir

<https://ust.is/einkunnir>

Einkunnir er fólksvangur rétt við Borgarnes. Svæðið er töluvert nýtt af Borgnesingum til útivistar. Fallegar gönguleiðir í vel grónu umhverfi, en skógrækt er á svæðinu og hefur verið allt frá 1950. Ekki er ljóst hve mikil umferð er um svæðið. Svæðið er í umsjón Borgarbyggðar, en svæðislandvörður hefur eftirlit með því. Gott samstarf er á milli landvarðar og umsjónanefndar Einkunnar. Einkunnir koma inn í ástandsmat nú í fyrsta skiptið.

Einkunnir - ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,53
Innviðir áfangastaðar	8,52
Verðmæti áfangastaðar	7,87
Heildareinkunn áfangastaðar	7,76

Úrbætur

Endurnýja þarf öll skilti á svæðinu og staðsetningu þeirra. Auka þarf samstarf við sveitarfélagið um málefni Einkunna. Gera þarf áætlun um uppbyggingu á svæðinu og forgangsraða verkefnum eftir þörfum. Skoða þarf allar gönguleiðir vel og koma á skýru gönguleiðakerfi. Fylgjast þarf vel með umferð reiðhjóla og hvort sum umferð sé að hafa áhrif á svæðið jákvæð eða neikvæð. Bæta þarf aðgengi upp á klettaborgirnar bæði til að koma í veg fyrir slys og rask á gróðri og jarðminjum. Skoða skrásetningu á menningarminjum á svæðinu með minjaverði. Útbúa vöktunaráætlun fyrir lífríkið.

Eldborg

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/eldborg-i-hnappadal/>

Eldborg er áberandi gosgígur við mynni Hnappadals. Svæðið er ekki sér merkt og því hafa flestir leitað sér upplýsinga um svæðið áður en þeir koma. Áætlað er að 7000 gestir hafi gengið á Eldborg 2020 (skv. teljara) og er það talsverð fækkun frá síðustu árum. Til að mynda var 87% fækkun gesta í september 2020 frá sama mánuði 2019. Áætla má að í meðalári fari 30-50 þúsund gestir á Eldborg.

Eldborg – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,17	9,33
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,38
Verðmæti áfangastaðar	8,72	9,07
Heildareinkunn áfangastaðar	8,71	8,94

Breyting á milli ára

Sumarið 2020 var vinnu við stíga á Eldborg haldið áfram. Nú er búið að klára öll þrep og aðgengi því orðið nokkuð gott. Allar framkvæmdir sem unnar hafa verið á síðustu árum bæta aðgengi, auka öryggi gesta sem fara um svæðið og stuðla að náttúruvernd.

Úrbætur

Hanna þarf nýtt staðarskilti fyrir svæðið. Skoða þarf fasta viðveru landvarðar í samræmi við talningu á gestum. Undurbúa hönnun á bílastæði og göngubrú í samstarfi við landeigendur. Vinna þarf að áætlun um stefnu og þróun á svæðinu næstu ár. Halda þarf áfram endurbótum á gönguleið. Samtal við vegagerðina og landeigendur um bættan veg frá þjóðvegi. Laga þarf afmarkanir á toppi Eldborgar og skoða hugmyndir um útsýnisskífu á toppnum.

Geitland

<https://ust.is/geitland>

Geitland er stór afréttur í Borgarfirði vestan Langjökuls. Um Geitland liggur vegur um Kaldadal til Þingvalla. Allnokkur umferð er um svæðið en aðeins hluti gesta stoppar. Ekki er ljóst hve margir sækja Geitland heim. Þrátt fyrir stærð svæðisins er talið óhætt að meta það sem eina heild enda áningarstaðir mjög fáir innan þess. Átroðningur er því að mestu við akvegi. Nokkuð er um akstur utan vega og lúpína er útbreidd víða.

Geitland - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,29	6,85
Innviðir áfangastaðar	7,92	7,92
Verðmæti áfangastaðar	7,16	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,39	7,74

Breyting milli ára

Reglulegra eftirlit yfir sumarmánuðina og skráning á utanvegaakstri. Framkvæmdir við ný og bætt salerni við Langjökul.

Úrbætur

Hönnun á staðarskilti, leiðbeiningar og upplýsingar. Fjölga þarf eftirlitsdögum landvarðar á svæðinu. Vinna þarf rekstraráætlun og áætlun um uppbyggingu fyrir svæðið. Huga þarf að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið með landeigendum. Skoða þarf hvort deiliskipulag þurfi fyrir svæðið. Gera þarf átak í skráningu utanvegaaksturs til að leggja mat á hver vandinn sé. Vöktun á umferð, fjölda gesta, lífríkis og umferð reiðhjóla á svæðinu og skrá í dagbók. Fylgjast þarf vel með leiðum inn í Þjófakróka og að Geitlandsgígum, meta hvort bregðast þurfi við t.d með merkingum. Bæta þarf við útskotum á veg til að auðveldara sé að mæta stórum bílum. Gera þarf gróðurúttekt á svæðinu. Auka þarf vinnu við upprætingu á lúpinu með slætti.

Grábrók

<https://ust.is/grabrok>

Grábrók er í alfaraleið við hringveg 1 um Norðurárdal í Borgarfirði. Gígarnir eru þrír Litla -Grábrók, Grábrók og Grábrókarfell. 2020 er áætlað út frá teljara að tæplega 25.000 gestir hafi farið á Grábrók og er fækkun um 35% frá fyrra ári. Fjöldi gesta er um 75.000 í eðlilegu ári. Álag á umhverfið er lítið þar sem gestir ganga á uppbyggðum göngupöllum. Gestir eru heimafólk, innlendir og erlendir ferðamenn í stórum sem smáum hópum. Umferð er allt árið og reglulegt eftirlit er haft með svæðinu.

Grábrók – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,38	9,81
Innviðir áfangastaðar	8,57	8,67
Verðmæti áfangastaðar	8,37	9,66
Heildareinkunn áfangastaðar	8,63	9,49

Breytingar á milli ára

Haustið 2019 var lokið við smíða á göngupall uppá gíginn og vinna við lagafæringu á minjum við Grábrók hófust. Vinna við lokun villustíga og mosauppgræðslu hélt áfram sumarið 2020.

Úrbætur

Hanna þarf skilti, staðarskilti og fræðsluskilti. Setja þarf fram áætlun um áframhaldandi uppbyggingu og þróun svæðins. Lagfæring á gönguleið kringum Grábrók og Grábrókarfell með merkingum er mikilvæg. Koma þarf upplýsingum um næsta salerni á skilti. Halda áfram með uppgræðslu á mosa og fylgjast vel með aukinni umferð um Grábrókarfell. Þá er áætlað að framkvæmdum við endurnýjun á bílastæði ljúki snemma árs 2021.

Hraunfossar/Barnafoss

<https://ust.is/hraunfossar>

Hraunfossar/Barnafoss er einn af vinsælustu áfangastaðum á Vesturlandi. Áætlaður fjöldi gesta á ári er um 200.000. Gestir sem heimsækja svæðið eru af öllum toga, erlendir og innlendir ferðamenn í stórum sem smáum hópum. Ágætis göngustígar og útsýnisstaðir eru á svæðinu og aðgengi fyrir alla á hluta þess. Umferð um svæðið er allt árið um kring, en vetrarumferð hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin með auknu álagi.

Hraunfossar/ Barnafoss - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,85	7,50
Innviðir áfangastaðar	8,33	9,22
Verðmæti áfangastaðar	8,33	8,50
Heildareinkunn áfangastaðar	8,02	8,49

Breyting á milli ára

Fastur viðveru tími landvarðar einu sinni í viku. Endurbætur á ræsum í og við göngustíg og aukin vetrarþjónusta. Vinna við gróðurvernd með lokun á villustígum/hættusvæðum.

Úrbætur

Vinna þarf skilti fyrir svæðið, bæði staðarskilti og fræðsluskilti. Auka þarf viðveru landvarðar á svæðinu á háannatíma. Endurhanna þarf svæðið með tilliti til aukins fjölda gesta og enduskoða deiliskipulag fyrir svæðið samhliða því. Bæta þarf aðstöðu til hálkvarnar s.s sand og verkfæri. Vinna áfram að úrbótum í gróðurvernd með lokun á villustígum. Fylgjast með lúpínu sem er í nálægð við svæðið. Mikilvægt er að hefja hönnun á svæðinu, en einkenni þess eru bútasaurmur, pallar, girðingar og stígar án samræmis. Setja þarf hlið við göngubrú svo hægt sé að loka svæðinu norðan við Hvítá út í Hallmundarhraun yfir vetrartímann.

Húsafell

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/husafellsskogur-borgarbyggd/>

Húsafell er vinsæll staður ofarlega í Borgarfirði sem fjölmargir heimsækja allt árið um kring. Óvissa er um heildarfjölda ferðamanna innan friðlandsins, en svæðið nýtur mikilla vinsælda sem útivistarsvæði fyrir gesti sem og heimamenn.

Húsafell - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,54
Innviðir áfangastaðar	9,07	9,07
Verðmæti áfangastaðar	9,04	9,11
Heildareinkunn áfangastaðar	8,90	8,98

Breyting á milli ára

Lagfæringar á stikum og klipping á trjám hafa bætt ásýnd svæðisins.

Úrbætur

Skoða þarf uppsetningu skilta fyrir svæðið s.s upplýsingaskilti, leiðbeininga- og fræðsluskilti með landeigendum. Finna þarf lausn á girðingamálum friðlandsins með heimamönnum og bændum. Kanna notagildi svæðisins hjá heimamönnum og sumarhúsa eigendum. Auka vöktun á svæðinu, lífríki og ferðamáta.

Ströndin Stapar-Hellnar (göngustígur um Hellnahraun)

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/strondin-vid-stapa-og-hellna/>

Ein vinsælasta gönguleiðin á Snæfellsnesi liggur milli Arnastapa og Hellna. Óvíst er um fjölda göngumanna, en áætla má að þeir skipti þúsundum árlega.

Ströndin Stapar – Hellnar - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,75	8,33
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,95
Verðmæti áfangastaðar	8,46	9,17
Heildareinkunn áfangastaðar	8,07	8,93

Breyting á milli ára

Staðurinn hækkar í mati milli ára, enda mikið unnið við stíginn 2020.

Úrbætur

Ætlunin er að bæta útsýnisstaði á gönguleiðinni og setja niður fræðsluskilti. Þá verða settir upp vegpóstar beggja megin gönguleiðarinnar 2021. Verndaráætlun er í vinnslu. Telja þarf og gráða fjölda þeirra sem ganga stíginn og/eða setja upp gönguteljara.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

www.snaefellsjokull.is

Yst á Snæfellsnesi liggur Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og umlykur garðurinn jökullinn. Stærð hans er um 170 km². Fjöldi gesta sækir garðinn árlega og má áætla að fjórði hver erlendra ferðamanna hérlendis komi í garðinn. Áætlaður fjöldi gesta er rúmlega 500.000 gestir á ári. 2020 er þó ólíkt fyrri árum og dró verulega úr gestasókn vegna ástands heims mála. Stefnir í 180.000 gesti yfir árið sem er 65% fækkun frá 2019. Hinsvegar voru nú Íslendingar í miklum meirihluta eða um 90% gesta. Innan Þjóðgarðsins eru fjölmargir vinsælir áfangastaðir og er ástand þeirra metið árlega, þ.e. áfangastaðir þar sem gestasókn skiptir tugþúsundum árlega (frá 20.000 til 150.000 gestir).

Þó gestum hafi fækkað verulega árið 2020, lengdist dvalartími þeirra í garðinum. Erlendir gestir hafa flestir skamma viðdvöl í garðinum (fáar klukkustundir) og heimsækja 2-3 áfangastaði. Íslendingar hinsvegar dvöldu einhverja daga á Snæfellsnesi og heimsóttu garðinn nær daglega og dvöldu lungan úr deginum innan hans. Það má því segja að gestatími innan þjóðgarðsins sé svipaður eða jafnvel meiri árið 2020 en undangengin ár. Íslendingar dreifðust jafnramt meira um garðinn og nýttu frekar gönguleiðir, ofsetnir staðir voru því fáir. Lögð verður meiri áhersla á íslenska ferðamenn í framtíðinni.

Djúpalón

www.snaefellsjokull.is

Djúpalón er í suðurhluta Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Fjöldi gesta sækir staðinn heim árlega. Djúpalón er einn þeirra staða hérlendis sem hefur fengið mikla umfjöllun og hefur sterkt aðdráttarafl. Árið 2020 fækkaði gestum við Djúpalón um 65% frá fyrra ári og er áætlað að heildarfjöldi ársins sé 140.000.

Djúpalón - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,52	8,67
Innviðir áfangastaðar	7,89	7,86
Verðmæti áfangastaðar	9,42	9,57
Heildareinkunn áfangastaðar	8,82	8,92

Breytingar á milli ára

Fækkun gesta hafði jákvæð áhrif á svæðið, enda dró verulega úr álagi. Lagfæringar voru unnar í eystri uppgöngu (við Dritvíkurbjarg), annars voru fremur fáar framkvæmdir á svæðinu 2020. Gróður tók vel við sér og endurheimt sem unnin hafði verið á hluta svæðisins skilaði sér.

Úrbætur

Árið 2021 verður unnið við göngustíga og hringleið á svæðinu og áframhald á hleðslum við Nautastíg, jafnframt verður stígur lengdur og hlaðnir upp tveir útsýnispallar. Leitað er lausna varðandi flutning salerna og stækkun bílastæðis og næst vonandi lending 2021. Þá verður settur upp skiltaveggur við bílastæðið.

Lóndrangar

www.snaefellsjokull.is

Lóndrangar eru áberandi kennileiti í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og draga þeir tugi þúsunda gesta til sín árlega. Ekki er akvegur að þeim en gengið er frá tveimur stöðum, Malarrífi og Svalþúfu.

Lóndrangar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,54	8,33
Innviðir áfangastaðar	8,57	8,57
Verðmæti áfangastaðar	9,42	9
Heildareinkunn áfangastaðar	9,01	8,68

Breytingar á milli ára

Árið 2020 var um margt sérstakt, ekki síst þar sem ferðamönnum fækkaði talsvert á ársvísu. Hinsvegar komu fjölmargir gestir yfir sumartímann og dvalartími þeirra lengdist. Smá breytingar urðu á einkunn milli ára, m.a. lækkar einkunn fyrir skipulag vegna þess að gestir voru ekki taldir (gráðaðir 2020). Meiri þörf er á að bæta merkingar, álag á útsýnisstað er sýnilegra o.fl. Göngustígur að dröngunum frá Malarrífi var endurbættur en eftir er að vinna við stíg ofan við drangana. Eftirlit með ábúð á refagreni sýnir að grenið er ekki lengur í ábúð og lækkar það verðmætaeinkun milli ára.

Úrbætur

Áfram verður unnið við göngustíga við Lóndranga. Hanna þarf útsýnispall milli dranganna og bæta merkingar, ekki síst vegpósta við upphaf gönguleiða. Gera þarf úttekt á lífríki á svæðinu með Náttúrustofu Vesturlands.

Malarrif

www.snaefellsjokull.is

Á Malarrífi er gestastofa Þjóðgarðsins og salerni sem opin eru allan sólahringinn allt árið. Auk þess eru góðar gönguleiðir, leiktæki, viti og fjara á Malarrífi sem draga marga gesti að. Um 60% gesta Þjóðgarðsins koma við á Malarrífi eða um 90.000 gestir árið 2020 og er það fækkun um 60% milli ára. Íslendingar, ekki síst fjölskyldufólk, voru í meirihluta gesta.

Malarrif – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2019
Skipulag áfangastaðar	8,89	9,00
Innviðir áfangastaðar	8,48	9,29
Verðmæti áfangastaðar	9,09	9,30
Heildareinkunn áfangastaðar	8,88	9,27

Breytingar á milli ára

Miklar framkvæmdir hafa verið við gestastofuna og er þeim nær lokið. Bílastæði var malbikað og stéttar steiptar. Gönguleiðir eru betur afmarkaðar, ekki síst að vita og í fjöru. Með aukinni opnun gestastofunnar hefur viðvera landvarða á svæðinu einnig aukist. Einnig hefur vetrarþjónusta verið aukin og fjármagn er tryggt í skilti og göngustíga að hluta.

Úrbætur

Fjölmörg verkefni eru á döfinni á Malarrifi og hefur fjármagn fengist til þeirra. Stígakerfi verður einfaldað og bætt (villustígum lokað). Útsýnispallur verður smíðaður á skerjum sunnan vitans 2021 og gönguleið með aðgengi fyrir alla lögð að honum. Skiltaveggur verður hannaður og settur upp 2021 og allar merkingar bættar. Hönnun göngustíga og úrbætur ásamt fjölgun leiktækja er á framkvæmdalista 2021.

Saxhóll

www.snaefellsjokull.is

Saxhóll er einn af vinsælli áfangastöðum innan þjóðgarðsins. Mikil fækkun var í gestasókn árið 2020 eða um 60%. Áætlað er að 70.000 manns hafi gengið á Saxhól árið 2020. Teljari var settur upp á árinu sem mun leiða til nákvæmni í talningum á komandi árum.

Saxhóll – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,13	8,89
Innviðir áfangastaðar	8,57	8,81
Verðmæti áfangastaðar	8,85	8,93
Heildareinkunn áfangastaðar	8,62	8,89

Breytingar á milli ára

Bílastæði var lagfært sem og akvegur. Jafnframt var settur upp teljari við aðkomuleið (okt 2020). Lokið er hönnun á göngupalli á toppi gígsins og hönnun nýrra skilta. Vegur og bílastæði voru lagfærð, stækkuð og sléttuð 2020.

Úrbætur

Halda þarf áfram þeim framkvæmdum sem þegar eru hafnar og eru á hönnunarstigi. Svo sem að leggja klæðningu á vegsvæðið. Ljúka við uppsetningu útsýnispalls á toppi gísgsins. Bæta þarf merkingar. Fjármagn er þegar tryggt.

Skarðsvík

www.snaefellsjokull.is

Skarðsvík er innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Nokkur óvissa er með fjölda gesta sem kemur í eða ekur fram hjá Skarðsvík. Talning sumarið 2018 sýndi að 24% gesta í þjóðgarðinum aka út í Öndverðarnes. Af þeim fóru 52% í Skarðsvík. Þrátt fyrir mikla fækkun gesta í þjóðgarðinum (60% milli ára) var Skarðsvíkin vel sótt, ekki síst yfir sumartímann, enda vinsæll staður hjá Íslendingum og fjölskyldufólki. Áætla má að 40.000 gestir hafi sótt Skarðsvíkina 2020.

Skarðsvík – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,33
Innviðir áfangastaðar	7,22	7,33
Verðmæti áfangastaðar	9,61	10,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,70	8,93

Breytingar á milli ára

Eftirlit hefur verið aukið. Skarðsvíkin ber gestafjölda vel fyrir utan að bílastæði er lítið. Þrátt fyrir litla innviði sinna þeir hlutverki sínu vel.

Úrbætur

Bílastæði verður bætt 2021 og er þegar fjármagnað. Skilti verða bætt og deiliskipulag endurskoðað. Fjöldi ferðamanna verður talinn og gráðaður. Talsvert hefur borist af grjóti upp í víkina og þarf að ryðja leið að fjörunni frá helstu göngustígum, ef náttúran verður ekki sjálf búin að lagfæra ástandið fyrir vorið 2021.

Skálasnagi

www.snaefellsjokull.is

Skálasnagi er fuglabjarg og útsýnisstaður í vestanverðum þjóðgarðinum. Þar er viti og góð aðstaða fyrir gesti. Áætlað er að um 20.000 gestir hafi komið að Skálasnaga árið 2020 og er nær helmingi fækkun milli ára.

Skálasnagi – ástand	Einkunn 2018	Einkunn 2019
Skipulag áfangastaðar	8,89	9,26
Innviðir áfangastaðar	8,10	8,13
Verðmæti áfangastaðar	9,62	9,24
Heildareinkunn áfangastaðar	9,05	9,24

Breytingar á milli ára

Smá hækkun milli ára sem skilgreina má að hluta út frá ástandi 2020, þ.e. fækkun ferðamanna með mun minna álagi samhliða. Lækkun í verðmætum koma vegna óvissu um áhrif gesta á fuglabjargið.

Úrbætur

Endurhanna þarf veginn út í Skálasnaga og lagfæra. Vegna álags á veginn þyrfti jafnframt að setja á hann bundið slitlag. Gönguleiðir verða merktar og stikaðar 2021 og sett upp staðarskilti. Samráð verður haft við Náttúrustofu Vesturlands varðandi vöktun bjargfugls.

Svalþúfa

www.snaefellsjokull.is

Svalþúfa er vinsæll áningarstaður rétt vestan suðurmarka Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Fjöldi gesta sækir staðinn heim árlega. Áætlaður er að tæp 25% gesta sem koma í Þjóðgarðinn stoppi á Svalþúfu. Gestir stoppa að meðaltali í 34 mínútur á staðnum og 14,5% þeirra ganga að Lóndrögnum. Áætlaður fjöldi gesta á Svalþúfu 2020 er 50.000 manns.

Svalþúfa – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,89	8,90
Innviðir áfangastaðar	9,44	9,38
Verðmæti áfangastaðar	9,09	9,13
Heildareinkunn áfangastaðar	9,04	9,09

Breytingar á milli ára

Nýr útsýnispallur var reistur á Svalþúfu árið 2020. Einnig var unnið við göngustíga og öryggisgirðingar voru bættar. Smá lækkun er á innviðum þrátt fyrir uppbyggingu og kemur það til af því að varðaðar leiðir eru nú teknar inn sem var ekki áður og göngustígur að Lóndrögnum þarf enduruppbyggingar og merkingar.

Úrbætur

Stefnt er að úrbótum á bílastæði, hækkun og bætt drenun á hluta göngustíga, lagfæring á rofsvæðum og endurbætur á upphafsgönguleið að Lóndrögnum ásamt endurnýjun skilta (staðarskilti og fræðsluskilti) sem fara upp 2021. Þá verða leiðir að og frá Svalþúfu stikaðar og vegpóstar settir upp.

Öndverðarnes

www.snaefellsjokull.is

Öndverðarnes er í raun minjaheildarsvæði (útræði og búseta) í vestanverðum þjóðgarðinum. Mikið er af minjum á svæðinu. Þá er víðfeðmt útsýni á nesinu og talsvert fugla og hvalalíf utan stranda. Áætlað er að 25.000 manns hafi komið í Öndverðarnes 2020 og fækkar milli ára.

Öndverðarnes – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,96	8,89
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	9,04	9,20
Heildareinkunn áfangastaðar	8,17	8,45

Breytingar á milli ára

Lítill breyting er á Öndverðarnesi milli ára. Fækkun gesta 2020 hækkaði einkunn verðmæta. Árlega hefur verið unnið lítilega í göngupöllum á svæðinu.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á staðnum, staðarskilti verður sett upp 2021. Bæta þarf talningar á fjölda gesta og áfram verður unnið að mótun minjaheildarsvæðis. Úrbætur þarf að vinna á veg og bílastæði og vinna þarf áfram í göngupöllum.

Vestfirðir

Dynjandi

www.ust.is/dynjandi

Dynjandi er náttúruvætti í Arnarfirði, Ísafjarðarbæ og dregur svæðið nafn sitt af efsta fossinum í fossaröð sem fellur niður Dynjandisá til sjávar. Dynjandi er einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Vestfjörðum og árlega sækja tæplega 75.000 svæðið heim yfir sumarmánuðina. Gestir eru af öllum þjóðernum en stærstur hluti þeirra er erlendur. Algengt er að farþegar skemmtiferðaskipa komi í dagsferðir í rútum frá Ísafirði en fleiri koma þó á svæðið í einkabílum og eitthvað er um göngu- og hjólræiðafólk. Á veturna hefur Dynjandi verið utan alfaraleiða en með opnun Dýrafjarðarganga og áætluðum samgöngubótum í nágrenninu verður breyting á og Dynjandi verður heilsársáfangastaður. Stærstur hluti gesta gengur eftir stígunum að efsta fossinum en sumir láta sér nægja útsýnið af láglandinu. Dynjandi er vinsæll ljósmyndastaður og hafa myndir af fossinum birst víða.

Dynjandi - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,52	8,33
Innviðir áfangastaðar	7,22	6,94
Verðmæti áfangastaðar	8,46	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,14	8,13

Breytingar á milli ára

Einkunn lækkar lítillega vegna göngustíga en þar sem Dynjandi er nú orðinn aðgengilegur allan ársins hring er orðið enn brýnna að lagfæra náttúrustíg ofan Hrísvaðsfoss. Hann verður verri með hverju ári þrátt fyrir lagfæringar landvarða og sjálfboðaliða á þeim blettum sem verstir eru. Sumarið 2020 var lokið við frágang við salernishús og stígur að Hrísvaðsfossi var hellulagður. Landverðir og sjálfboðaliðar þökulögðu láglandið og hleðslustöðvar eru komnar á svæðið en uppsetning og tenging við greiðslukerfi bíður vors 2021. Gengið var frá endurskoðun á hönnun útsýnispalla Ú3-Ú5 við Göngumannafoss, Stromppljúfrafoss og Hæstahjallafoss í árslok 2020.

Úrbætur

Ráðast þarf í lagfæringar á náttúrustíg ofan Hrísvaðsfoss og setja upp þá þrjá útsýnispalla sem út af standa en eru á skipulagi. Sótt hefur verið um fjármagn til þeirra framkvæmda í innviðasjóð. Stjórnunar- og verndaráætlun Dynjanda þarf á uppfærslu að halda en Dynjandi er innan marka fyrirhugaðs þjóðgarðs á Vestfjörðum og því verður ekki ráðist í þá vinnu að sinni. Huga þarf að því hvernig vetrarþjónustu við Dynjanda verður háttað í framtíðinni og taka ákvarðanir hvað það varðar. Kanna þarf áhrif umferðar um fjöru á fuglalíf við Dynjanda, einkum í tengslum við landtökur skemmtiferðaskipa í vöginum.

Hornstrandir

www.ust.is/hornstrandir

Friðlandið Hornstrandir er um 600 km² svæði nyrst á Vestfjörðum. Sökum landfræðilegrar legu svæðisins koma flestir gestir inn á svæðið sjóleiðina og þá jafnframt langflestir yfir hásumarið. Þó er boðið upp á skíðaferðir og náttúruskoðunarferðir yfir veturinn, en það eru aldrei mjög fjölmenn. Flestir sem koma á Hornstrandir eru þangað mættir til að ganga um náttúru þeirra eða til að heimsækja áttagana og búa þá gjarnan í sumarhúsum sínum.

Um 6000 gestir heimsækja Hornstrandir árlega, þar sem ríflega helmingur kemur eingöngu í dagsferð, um fjórðungur dvelur í sumarhúsunum á svæðinu og um fjórðungur ferðast um svæðið gangandi. Að meðaltali eru göngumenn 4,7 daga innan svæðis en í ár voru þeir eingöngu í 4,1 dag.

Í ár hófst ferðamennska í friðlandinu seinna en undanfarin ár og voru mjög fáir á svæðinu þar til um mánaðarmótin júní/júlí. Talið er að heildarfjöldi ferðamanna í ár hafi verið undir 4000 manns og telur þar hæst, sá mikli samdráttur sem átti sér stað í komu dagsferðamanna.

Hornstrandir – Hesteyri

Hesteyri er þorp í Jökulfjörðum, innan friðlandsins á Hornströndum. Mjög stór hluti þeirra sem heimsækja friðlandið koma við á Hesteyri. Á það bæði við um göngumenn sem hefja eða ljúka ferð sinni þar eða gista á tjaldsvæðinu og ganga út frá því í nokkra daga. Dagsferðamenn koma til að ganga dagsferðir yfir í næstu vík eða eingöngu til að ganga um þorpið. Undanfarin ár hefur mikið verið um komur dagsferðamanna, sem koma af skemmtiferðaskipum, með viðkomu á Ísafirði. Árið 2020 voru því töluvert færri dagsferðamenn en árin á undan. Undanfarin ár hafa gestir verið um 3500 en í ár er metið að fjöldi gesta sem heimsóttu Hesteyri hafi verið rétt undir 2000.

Hesteyri - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,52
Innviðir áfangastaðar	7,50	7,00
Verðmæti áfangastaðar	7,50	7,56
Heildareinkunn áfangastaðar	7,68	7,61

Breytingar á milli ára

Sumarið 2020 var haldið áfram með viðhald á göngustígum innan þorpsins. Rétt ofan við þorpið skemmdist göngustígur illa í miklu vatnsveðri sem gekk yfir svæðið um miðjan júlí. Jafnframt fór göngubrú yfir Hesteyrará mjög illa í sama veðri. Núverandi göngubrú er orðin lúin og passar illa þar sem árfarvegur hefur breyst mikið frá því að hún var sett upp. Brúin sem er í umsjón/eigu einkaaðila er ekki með handriði né ásættanlegum tröppum og því hamlar hún för margra um svæðið.

Úrbætur

Byggja þarf upp innviði á Hesteyri. Þar má fyrst og fremst nefna aðstöðu fyrir landverði og salernis aðstöðu fyrir gesti. Mikilvægt er að byggja örugga og trausta brú yfir Hesteyrará. Fara þarf í markvissar aðgerðir til að draga úr kerfli á svæðinu. Mikilvægt er að unnið verði að skipulagi á svæðinu svo unnt verði að fara af stað með innviðaverkefni.

Hornstrandir - Horn í Hornvík

Horn í Hornvík er hluti af gönguleið sem ríflega 75% göngumanna á Hornströndum heimsækja. Að auki er boðið upp á dagsferðir og gestir í vitanum í Látravík koma mjög gjarnan við. Gönguleiðin er frá bænum Horni, upp á Horn, yfir Miðfell og niður Miðdalinn.

Í meðalári er áætlað að 1200 – 1400 manns fari þessa leið. Sumarið 2020 voru mjög fáar dagsferðir og má því áætla að fækkun hafi orðið í um 1000 manns.

Mjög lítið er um komur gesta í Hornvík utan sumarfrístíma.

Horn – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,96	8,89
Innviðir áfangastaðar	8,00	8,06
Verðmæti áfangastaðar	7,69	7,61
Heildareinkunn áfangastaðar	8,04	8,00

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar hafa átt sér stað á milli ára. Fregnir eru þó af mink á svæðinu sem er þá ný framandi á geng tegund sem þarf að finna leiðir til að uppræta. Göngustígar við Horn hafa skemmst/horfið vegna sjávarrofs og því hafa nokkrar gróðurskemmdir átt sér stað þegar fólk reynir að komast leiðar sinnar án stíga.

Úrbætur

Vinna þarf áætlun vegna framandi á gengra tegunda á svæðinu. Jafnframt þarf að lagfæra göngustíga á Miðfelli í Miðdal og við Hornsá. Fjármagn er tryggt af innviðaaætlun í verkið sumarið 2021.

Hornstrandir - Höfn

Innst í Hornvík er Höfn, þar er að finna stærsta og fjölmennasta tjaldsvæðið á Hornströndum. Talið er að 75% göngumanna sem fara um Hornstrandir gisti í Höfn og flestir þeirra í 2 nætur. Jafnframt er nokkuð um að ferðalangar hafi aðsetur sitt í Höfn og gangi út frá henni í nokkurra daga ferðum. Sumarið 2020 gistu rúmlega 800 manns í Höfn að meðaltali í 2 nætur.

Höfn - ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,44
Innviðir áfangastaðar	9,00
Verðmæti áfangastaðar	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,57

Úrbætur

Lagfæra þarf stíga allt í kringum Höfn. Jafnframt þarf að fá Minjastofnun til að skoða hvaða minjar eru á svæðinu og hvernig sé best að varðveita þær.

Hornstrandir - Látrar

Látrar er lítið þorp norðan til í Aðalvík. Heimamenn dveljast þar í sumarhúsum sínum en jafnframt er nokkuð um að gestir friðlandsins fari um þorpið. Bæði er um að ræða dagsferðamenn, sem ganga á milli Hesteyrar og Aðalvíkur og gesti í lengri ferðum, sem gista þá gjarnan á tjaldsvæðinu og fara á Straumnesfjall. Ekki er um formlegar talningar að ræða á Látrum, en talið er að um 200-300 göngumenn fari um svæðið á ári hverju fyrir utan húsafólk.

Látrar - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,08	7,50
Innviðir áfangastaðar	9,33	8,67
Verðmæti áfangastaðar	8,08	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,21	8,08

Breytingar á milli ára

Aðalgönguleiðin frá tjaldsvæði og að bryggju er mjög illa farin eftir sjávarrof og mun að öllum líkindum hverfa á næstu árum.

Úrbætur

Skipuleggja þarf betur og auka viðveru landvarða á svæðinu.

Hornstrandir - Veiðileysufjörður

Veiðileysufjörður er einn af Jökulfjörðunum. Mjög algengt er að göngufólk komi inn á svæðið í Veiðileysufirði eða fari þaðan. Samkvæmt talningum árið 2020 fóru rúmlega 600 göngumenn í gegnum fjörðinn og hluti þeirra kom inn og fór út í gegnum fjörðinn.

Veiðileysufjörður- ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,50	8,15
Innviðir áfangastaðar	9,33	8,00
Verðmæti áfangastaðar	9,04	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,80	8,64

Breytingar á milli ára

Göngustígar neðst í firðinum er mjög blautir og þarf að brúa blautustu svæðin til að draga úr gróðurskemmdum. Kamarinn hefur látið á sjá, líklega vegna snjóþunga.

Úrbætur

Setja þarf upp vegvísi við landtökustað. Laga göngustíg neðst í firðinum, með pöllum eða göngubrettum yfir viðkvæmstu svæðin.

Surtarbrandsgil

www.ust.is/surtarbrandsgil

Surtarbrandsgil er í landi Brjánslækjar á Barðaströnd og er friðlýst sem náttúruvætti. Þar má finna steingerðar leifar gróðurs sem klæddi landið á tertíer-tímabilinu. Sýning Umhverfisstofnunar um Surtarbrandsgil var opnuð haustið 2016 og er í gamla prestbústaðnum á Brjánslæk, utan hins friðlýsta svæðis, Hún er opin yfir sumartímann. Frá sýningunni leiðir landvörður göngur fimm sinnum í viku á sumrin en uppganga í gilið er óheimil nema í fylgd landvarðar. Árlega fara tæplega 200 ferðamenn í gilið en fleiri láta sér nægja að skoða steingervinga á sýningunni. Gestir eru af ýmsu þjóðerni og í flestum tilfellum er um að ræða ferðamenn á eigin vegum en einnig er farið með hópa í gilið ef þess er óskað sérstaklega. Hópum sem vilja skoða sýninguna utan opnunartíma (þ.e. á veturna) stendur það til boða.

Surtarbrandsgil – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,17	9,63
Innviðir áfangastaðar	10,0	10,00
Verðmæti áfangastaðar	10,0	10,00
Heildareinkunn áfangastaðar	9,83	9,92

Breytingar á milli ára

Engar breytingar voru á milli ára nema breyting á matsþáttum sem skýra hærri einkunn.

Úrbætur

Halda þarf áfram að leiðrétta rangar upplýsingar í ferðahandbókum með því að hafa samband við höfunda eða útgefendur þegar leiðbeiningar um uppgöngu í gilið finnast á prenti.

Vatnsfjörður

www.ust.is/vatnsfjordur

Vatnsfjörður er vestastur þeirra fjarða sem ganga úr norðanverðum Breiðafirði og er friðlýstur sem friðland. Til eyja, hólma, skerja og fjara Vatnsfjarðar taka líka lög nr. 54/1995 um verndun Breiðafjarðar. Vegagerðin telur umferð um Vestfjarðaveg í Vatnsfirði en aðrar talningar eru ekki fyrir hendi utan talninga landvarða á tjaldstæði við Flókalund. Um friðlandið liggur leið þeirra sem koma á sunnanverða Vestfirði af Vesturlandi og því er gegnumstreymi mikið. Vetrarþjónusta innan friðlandsins er lítil sem engin og langflestir gesta dvelja þar yfir sumarmánuðina en þar er bæði hótél, orlofsbyggð, sundlaug og vinsæl náttúruleg í fjöru. Gestir sækja líka svæðið heim í dagsferðum en í Vatnsfirði er mikið af fallegum gönguleiðum, áhugavert landslag, saga, gróðursæld og fjölbreytt fuglalíf. Ferðamenn á eigin vegum eru algengari en ferðamenn í skipulögðum ferðum. Vatnsfjörður er innan marka áformaðs þjóðgarðs á Vestfjörðum og því liggur vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnsfjörð niðri. Innan friðlandsins eru fjórir staðir sem flokka má sem áfangastaði ferðamanna: Flókalundur og umhverfi, Hörgsnes, Vatnsdalur og svæði við Þingmannaá.

Vatnsfjörður - Flókalundur

Flókalundur er þungamiðja ferðamanna í Vatnsfirði. Þar er veitingasala, verslun, eldsneytissala og tjaldstæði auk orlofsbyggðar, steyptrar sundlaugar og hlaðinnar náttúrulegar í nágrenninu. Nokkrar gönguleiðir liggja um svæðið og þar mætir Barðastrandarvegur nr. 62 Vestfjarðavegi nr. 60.

Flókalundur - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,08	6,67
Innviðir áfangastaðar	7,92	7,78
Verðmæti áfangastaðar	6,54	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,03	7,49

Breytingar á milli ára

Sumarið 2020 fóru hestamenn um Vatnsfjörð og var beitarhólf sett upp við bæjartóftir Hellu en ekki hefur verið tekið á reiðleiðum í ástandsmati fyrr.

Úrbætur

Setja þarf upp upplýsingaskilti við Flókalund og hanna veginn þannig að bílastæðapörf við Hótél Flókalund og Pennu verði mætt. Huga þarf að ferðalögum ríðandi manna og skoða þörf á skilgreindu svæði beitarhólfa fyrir hesta innan friðlands. Gera ætti fornleifakönnun fyrir svæðið. Bæta þarf öryggi gangandi vegfarenda við hótél og Hellulaug sérstaklega þar sem margir ganga eftir þjóðvegi.

Vatnsfjörður - Hörgsnes

Hörgsnes er nes á Hjarðarnesi við eystri mörk friðlandsins í Vatnsfirði, Vesturbyggð. Þar er áningastæði Vegagerðarinnar og stikuð gönguleið sem liggur m.a. framhjá Gíslahelli og klettinum Hörgi. Engar talningar hafa verið gerðar á gestum og óvíst er hversu margir staldra við á Hörgsnesi en af staðnum er fagurt útsýni yfir skerjagarða Vatnsfjarðar og Breiðafjörð.

Hörgsnes - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,92	7,78
Innviðir áfangastaðar	9,17	9,38
Verðmæti áfangastaðar	8,08	8,22
Heildareinkunn áfangastaðar	8,34	8,44

Breytingar á milli ára

Trétröppur á göngustíg voru lagfærðar af sjálfboðaliðum Umhverfisstofnunar sumarið 2020. Varanlegt upplýsingaskilti við Gíslahelli hefur verið hannað og bíður uppsetningar vorið 2021.

Úrbætur

Koma þarf fyrir áningarborðum við bílastæðið á Hörgsnesi þaðan sem víðsýnt er yfir Breiðafjörð. Einnig væri gott að setja þar upp upplýsingaskilti um Hörgsnes og Breiðafjörð.

Vatnsfjörður - Vatnsdalur

Vatnsdalur gengur inn úr Vatnsfirði, akvegur í dalbotni er torfær og ekki þjónustaður af Vegagerðinni. Árlega loka landverðir honum í leysingum á vorin svo hann verði ekki fyrir skemmdum. Í Vatnsdal er lítið um innviði utan nokkurra áningarborða og stikaðra gönguleiða að Smalahellu og í kringum Vatnsdalsvatn sem lagfærðar eru árlega. Einnig eru táknmyndir til staðar. Veiði er í vatninu. Engar talningar eru í Vatnsdal.

Vatnsdalur - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,50	7,78
Innviðir áfangastaðar	9,05	9,05
Verðmæti áfangastaðar	9,42	8,78
Heildareinkunn áfangastaðar	8,92	8,64

Breytingar á milli ára

Breyting á einkunn skýrist aðallega af breytingum á matsþáttum og því að stjórnunar- og verndaráætlun er ekki lengur í vinnslu af ástæðum er koma fram í umfjöllun um Vatnsfjörð framar í skýrslunni.

Úrbætur

Setja upp skilti sem komið er úr hönnun við Smalahellu vorið 2021.

Vatnsfjörður - Þingmannaá

Þingmannaá rennur til sjávar í Vatnsfirði austanverðum. Nálægt ósum hennar er upphaf gömlu akleiðarinnar yfir Þingmannaheiði en hún er aðeins fær vel búnum bílum. Landverðir loka henni í leysingum á vorin svo hún verði ekki fyrir skemmdum. Í Þingmannaá eru fallegir fossar og gljúfur og á svæðinu er upphaf nokkurra stikaðra gönguleiða. Friðlýstar fornminjar, smiðju Gests Oddleifssonar, er að finna á svæðinu. Engar talningar eru til staðar.

Þingmannaá – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,29	7,22
Innviðir áfangastaðar	7,04	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,88	9,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,53	8,00

Breytingar á milli ára

Viðgerðum á náttúrustíg var fram haldið af sjálfbóðaliðum Umhverfisstofnunar en hönnun á útsýnisstöðum við Nafnlausa fossinn er yfirstandandi á ritunartíma skýrslunnar. Upplýsingaskilti við reynilund, vörðuröð og Gestssmiðju voru hönnuð og verða sett upp vorið 2021. Sumarið 2020 fóru hestamenn um Þingmannaheiði og þá kom í ljós að huga þarf að framtíðarþörf á beitahólfum innan friðlandsins.

Úrbætur

Ljúka þarf við hönnun á útsýnisstöðum við fossinn og lagfæra nokkra bletti á náttúrustígnum. Nauðsynlegt er að bæta aðkomu og aðgengi gesta með því að útbúa bílastæði á svæðinu og lagfæra veginn á láglandi lítilla og hefur verið sótt um fjármagn til þess í innviðasjóð. Gott væri að setja upp 2-3 áningarborð til viðbótar við það sem fyrir er.

Norðvesturland

Hrútey í Blöndu

www.ust.is/hrutey

Hrútey í Blöndu er fólkvangur innan sveitarfélagsins Blönduóss. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði bæði hjá heimamönnum og öðrum gestum, engar talningar eru þó til um fjölda gesta ár hvert.

Hrútey – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	7,78
Innviðir áfangastaðar	8,67	9,00
Verðmæti áfangastaðar	7,88	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,84	8,05

Breytingar á milli ára

Unnið hefur verið að aðkomumálum að eyjunni undan farin sumur. Nú tekur á móti fólki mjög snyrtileg aðkoma og bílastæði. Brúin yfir ána hefur verið nokkur farartálmi, en á haustmánuðum 2020 á að skipta út brúnni fyrir nýja mun breiðari og traustari. Farið var í að breikka valda stíga í eyjunni sumarið 2020. Lúpína er að dreifa sér til fleiri staða og í ár var ekki farið í skipulagðar mótvægisáðgerðir gagnvart henni.

Úrbætur

Stemma þarf stigu við útbreiðslu lúpínu með markvissum aðgerðum.

Kattarauga

www.ust.is/kattarauga

Kattarauga er lítil tjörn með fljótandi hólum í, staðsett í Vatnsdalnum. Ekki er vitað hversu margir heimsækja náttúruvættið, en þó er vitað að ferðamenn staldra gjarnan við þar stutta stund.

Kattarauga - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,62	6,67
Innviðir áfangastaðar	8,0	8,00
Verðmæti áfangastaðar	10	10
Heildareinkunn áfangastaðar	8,96	8,76

Breytingar á milli ára

Engin landvarsla var á Norðurlandi vestra sumarið 2020. Sérfræðingar fóru tvisvar á svæðið, vor og haust.

Úrbætur

Bæta þarf bílastæði á veginum við náttúruvættið. Bæta þarf eftirlit með svæðinu, með aukinni landvörslu.

Spákonufellshöfði

www.ust.is/spakonufellshofdi

Spákonufellshöfði er fólkvangur við Skagaströnd. Fólkvangurinn er notaður sem útivistarsvæði bæði fyrir heimamenn og gesti svæðisins. Ekki eru til talningar á fjölda gesta. Svæðið er notað til göngutúra og almennrar útivistar flesta mánuði ársins eða þar til allt fer á kaf í snjó.

Spákonufellshöfði - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,10	8,15
Innviðir áfangastaðar	8,00	7,92
Verðmæti áfangastaðar	7,40	7,39
Heildareinkunn áfangastaðar	7,71	7,69

Breytingar á milli ára

Lúpína er að dreifa sér um svæðið og má sjá miklar breytingar á milli ára.

Úrbætur

Mikilvægt að fara strax í markvissar mótvægisáðgerðir vegna útbreiðslu lúpínu á svæðinu.

Norðausturland

Böggvisstaðafjall

<https://ust.is/boggvistadafjall/>

Böggvisstaðafjall er fólkvangur við Dalvík sem nýtist bæjarbúum til útivistar. Á svæðinu er skíðasvæði, skógræktarreitur, göngustígar og hjólreiðabraut.

Böggvisstaðafjall - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,33	7,78
Innviðir áfangastaðar	5,83	7,78
Verðmæti áfangastaðar	6,35	7,22
Heildareinkunn áfangastaðar	6,42	7,49

Breytingar á milli ára

Unnið hefur verið að umbótum á skíðasvæðinu í Böggvisstaðafjalli auk þess sem unnið var að lagningu hjólreiðabrautar. Lúpína er mikil í kringum skógrækt og bílastæði skíðasvæðisins.

Sérfræðingur fór eina ferð á svæðið sumarið 2020.

Úrbætur

Vinna stendur yfir við gerð deiliskipulags fyrir svæðið sem mun skýra mjög framtíðarskipulag svæðisins. Uppbygging og skipulag verða í þágu útivistar.

Mikilvægt er að halda áfram vinnu við upprætingu ágengra plöntutegunda á svæðinu.

Dimmuborgir

<https://ust.is/dimmuborgir/>

Dimmuborgir eru austan Mývatns og friðlýstar sem náttúruvætti. Þangað leggja margir ferðamenn leið sína ár hvert, sumar jafnt sem vetur. Landgræðslan fer með umsjón Dimmuborga og hefur framkvæmt talsvert á svæðinu hin síðari ár. Verndaráætlun er í gildi fyrir svæðið og er samstarf Umhverfisstofnunar og Landgræðslunnar með miklum ágætum. Dimmuborgir þola vel þá umferð sem þar er og gengur skipulag verndaráætlunar vel upp.

Dimmuborgir - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,26	9,33
Innviðir áfangastaðar	9,05	9,05
Verðmæti áfangastaðar	7,31	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,19	8,22

Breytingar á milli ára

Lokið hefur verið við að malbika fjölförnustu stígana en í sumar var unnið að breikkun og endurbótum á stígum á lengri leiðum. Helstu athugasemdirnar lúta að skorti á merkingum á bílplani en þar myndast oft mikið flækjustig á annatímum.

Úrbætur

Unnið verður að því að merkja bílastæði. Endurnýja þarf merkingar á vegvísnum sem valda ruglingi hjá gestum, þar sem stafir hafa flagnað af.

Glerárdalur

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/folkvangur-i-glerardal/>

Fólkvangur skammt frá Akureyri sem er mikið nýttur til útivistar. Svæðið býður upp á margvíslega útivistarmöguleika s.s. fjallgöngur, vélsleðaferðir og skíðamennsku. Svæðið er víðfemt og ber mikla umferð fólks án þess að það komi niður á náttúrufari.

Glerárdalur - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,11	7,14
Innviðir áfangastaðar	8,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	6,32	7,56
Heildareinkunn áfangastaðar	6,92	7,23

Breytingar á milli ára

Ekki eru miklar breytingar á svæðinu en unnið er að endurbótum á gönguleiðum sem bæta munu og styrkja náttúrufar. Umferð á Súlu er töluverð og hefur gönguleið um Súlumýrar látið á sjá.

Úrbætur

Verið er að leita leiða til að lagfæra gönguleiðina um Súlumýrar en auk þess mætti bæta bílastæði við gömlu öskuhaugana, sem er helsta bílastæði fyrir ferðafólk sem leggur á dalinn.

Goðafoss

<https://ust.is/godafoss>

Goðafoss í Þingeyjarsveit var friðlýstur sem náttúruvætti sumarið 2020. Goðafoss er vinsæll ferðamannastaður og þangað kemur fjöldi ferðamanna allan ársins hring. Undanfarin ár hefur farið fram mikil uppbygging á innviðum svæðisins á vegum sveitarfélagsins.

Goðafoss- ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,00
Innviðir áfangastaðar	8,57
Verðmæti áfangastaðar	8,22
Heildareinkunn áfangastaðar	8,27

Úrbætur

Lagfæra þarf reiðleiðina sem fór undir göngustíg og byggja upp aðstöðu fyrir hestamenn. Stefnt er að því að framkvæma það á næsta ári. Koma þarf upp aðkomuskiltum við aðkomuleiðir og bílastæði.

Hraun

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/hraun-i-oxnadal/>

Fólkvangurinn Hraun er í umsjá Hörgársveitar. Um er að ræða stórt landsvæði sem ekki er undir miklu álagi.

Hraun - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,67
Innviðir áfangastaðar	10,0	8,33
Verðmæti áfangastaðar	9,42	9,33
Heildareinkunn áfangastaðar	9,00	8,50

Breytingar á milli ára

Litlar breytingar hafa orðið á milli ára, helstu breytingar eru þær að dregið hefur úr umsjón á svæðinu án þess að það hafi komið niður á verðmæti áfangastaðar.

Úrbætur

Auka þarf eftirlit á svæðinu.

Hverfjall

<https://ust.is/hverfjall/>

Náttúruvættið Hverfjall í Mývatnssveit er sívaxandi áfangastaður ferðamanna enda gígurinn einstök náttúrusmíð og aðgengilegur staður með útsýni yfir Mývatnssveit. Aðgengi að náttúruvættinu er mjög takmarkað á veturna og því koma langflestir gestir á tímabilinu apríl - október. Salernisaðstaða og upplýsingaskilti eru við bílastæði norðan við Hverfjall.

Hverfjall – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2002
Skipulag áfangastaðar	8,15	8,67
Innviðir áfangastaðar	8,1	7,22
Verðmæti áfangastaðar	8,08	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,1	7,58

Breytingar á milli ára

Á árinu 2020 var malbikað nýtt bílaplan sunnan við þjónustuhús. Það tengist nýjum vegi sem var lagður meðfram fjallinu árinu á undan. Ennþá á eftir að ljúka við frágang og nýjum vegi og bílastæði. Það sem vegur þungt í því að draga niður einkunn svæðisins á þessu ári er að salernin voru óvirk nánast allt árið þar sem kaldvatnsborholan féll saman. Aðgerðir til lagfæringar á holunni báru ekki árangur og nú er annarra lausna leitað.

Úrbætur

Finna þarf lausn á vatnsmálunum og koma vatni á húsið til að hægt sé að starfrækja salernin. Ljúka þarf vegagerð og bílastæðafrágangi til að tryggja gott aðgengi stærstan hluta ársins.

Klasar - Kálfaströnd

Klasar eru hraundrangar í og við bakka Mývatns milli Höfða og Kálfastrandar. Bílastæði er við heimreið að Kálfaströnd og þaðan er göngustígur meðfram vatninu að Klösum. Áfangastaðurinn er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Klasar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	5,67
Innviðir áfangastaðar	8,57	8,57
Verðmæti áfangastaðar	7,31	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,51	8,01

Breytingar á milli ára

Ekkert var framkvæmt við Kálfaströnd og Klasa í ár en stærsta breytingin á svæðinu er líklega til komin vegna færri ferðamanna í ár en fyrri ár.

Úrbætur

Koma þarf upp fræðsluskilti á bílastæði, slíkt er í vinnslu og þarf að koma upp fyrir næsta sumar.

Krossanesborgir

<https://ust.is/krossanesborgir/>

Fólkvangur innan þéttbýlismarka á Akureyri. Mikil aðsókn er í fólkvanginn enda er um að ræða skemmtilegt útivistarsvæði.

Krossanesborgir – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,26	9,52
Innviðir áfangastaðar	8,00	7,78
Verðmæti áfangastaðar	8,65	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,60	8,43

Breytingar á milli ára

Akureyrarbær hefur eftirlit með svæðinu og hefur sinnt viðhaldi á innviðum. Örlítið ber á rofi á gróðurþekju þar sem fólk fer út fyrir stíga til að komast á útsýnisstaði, sem oft eru auðkenndir sem útsýnisstaðir en stígar ná ekki til.

Úrbætur

Afmarka mætti gönguleiðir betur og gera aðkomuleiðir að útsýnisstöðum sem eiga að vera opnir en loka þeim sem ekki á að ganga um.

Seljahjallagil, Bláhvammur og Þrengslaborgir

<https://ust.is/seljahjallagil/>

Seljahjallagil er í hálandisbrún ofan Mývatnssveitar og langt utan alfaraleiðar. Þangað liggja torfærir vegir frá Hverfjalli og Grænavatni. Slæmt aðgengi verður þess valdandi að álag af völdum ferðamanna á svæðinu er takmarkað og er vernd þess því nokkuð örugg, sé horft til Seljahjallagils og Bláhvamms. Ekki er þó vitað hve umferð er mikil. Ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum að svo stöddu til þess að bæta ástand svæðisins. Svæðið gæti orðið vinsæll áfangastaður með bættu aðgengi.

Seljahjallagil og nágrenni - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,25	6,25
Innviðir áfangastaðar	7,22	7,50
Verðmæti áfangastaðar	10	10,00
Heildareinkunn áfangastaðar	8,46	8,54

Breytingar milli ára

Engin töluleg gögn eru til um fjölda gesta sem sækja svæðið heim en það er tilfinning starfsmanna á gestastofu að töluvert meira hafi verið spurt um Seljahjallagil sumarið 2020 en árin á undan. Mögulega aukinn gestafjöldi hefur ekki haft áhrif á ástand svæðisins.

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Skútustaðagígar

<https://ust.is/skutustadagigar/>

Náttúruvættið Skútustaðagígar eru einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna við Mývatn. Líklegt er að staðurinn laði til sín svipaðan fjölda og Dimmuborgir. Staðurinn, sem er einstakur á heimsvísu, er mikið raskaður af manna völdum. Þá hefur uppbygging vegna ferðamanna og almenns aðgengis haft áhrif á ásýnd staðarins. Náttúruvættið er innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og því nær stjórnunar- og verndaráætlun Mývatns og Laxár óbeint yfir svæðið. Á árunum 2014 – 2017 var mikið framkvæmt við Skútustaðagíga, stígar byggðir upp og útsýnisstaðir bættir. Staðurinn er því vel í stakk búinn að taka á móti gestum.

Skútustaðagígar - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,15	9,00
Innviðir áfangastaðar	9,05	8,10
Verðmæti áfangastaðar	7,50	7,89
Heildareinkunn áfangastaðar	8,05	8,18

Breytingar á milli ára

Á árinu 2020 var útsýnispallur á Hræðuhver stækkaður og handriði komið fyrir á honum. Eins var komið fyrir varanlegum vegvísun innan svæðisins. Þökur sem áttu að bæta ásýnd svæðisins en höfðu ekki náð festu voru fjarlægðar þar sem þær höfðu neikvæð áhrif á upplifun gesta.

Úrbætur

Ljúka þarf við lokafrágang við útsýnispalla og uppsetningu á skiltum.

Friðland í Svarfaðardal

<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-eystra/fridland-i-svarfadardal/>

Friðland Svarfdæla er votlendissvæði með miklu fuglalífi en oft er talað um fuglafriðland í daglegu tali. Svæðið sem er í mynni Svarfaðardals skammt frá Dalvík, er sívaxandi útivistarsvæði heimamanna og viðkomustaður ferðamanna. Töluverð innviðauppbygging hefur verið á svæðinu undanfarin ár.

Friðland í Svarfaðardal - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,08	8,15
Innviðir áfangastaðar	8,57	7,92
Verðmæti áfangastaðar	6,73	7,22
Heildareinkunn áfangastaðar	7,30	7,60

Breytingar á milli ára

Aukin landvarsla er á svæðinu, uppbygging innviða hefur verið töluverð auk þess sem stjórnunar- og verndaráætlun er á lokametrunum.

Úrbætur

Byggja þarf upp í samræmi við aðgerðaáætlun í stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

Vatnajökulspjóðgarður – Jökulsárgljúfur

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/jokulsargljufur>

Jökulsárgljúfur voru friðlýst sem þjóðgarður árið 1973 og hafa frá 2008 verið hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Svæðið er í Norðurþingi og nær frá Dettifossi í suðri að Ásbyrgi í norðri.

Vatnajökulspjóðgarður – Botnstjörn í Ásbyrgi

Botnstjörn er helsti áfangastaður ferðamanna í Ásbyrgi. Tjörnin er í fornum fosshyl undir lóðréttum hamraveggjum innst í Ásbyrgi, en veggirnir mynda gott skjól fyrir bæði flóru og fínu. Auðugt fuglalíf er á tjörninni og í skóginum norðan hennar liggja göngustígar milli hávaxinna trjáa.

Um eitt hundrað þúsund manns heimsækja Botnstjörn á ári hverju. Íslendingar eru hátt hlutfall gesta í Ásbyrgi samanborið við önnur svæði þjóðgarðsins, en annars er engin ein tegund ferðamanna sem sker sig úr. Langflestir koma á einkabíl, en hlutfall rútuferðalanga fer minnkandi. Umferð á jaðartímanum fer vaxandi, en annars koma langflestir á sumrin og álag er mest um miðjan daginn.

Botnstjörn í Ásbyrgi - ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,00
Innviðir áfangastaðar	7,14
Verðmæti áfangastaðar	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,42

Úrbætur

Skilti á svæðinu eru mörg hver komin til ára sinna og þarf að endurnýja. Jafnframt þarf að skipta út skyndiskiltum (heimatilbúnum skiltum) fyrir varanlegri skilti. Viðvera landvarða hefur verið aukin á síðastliðnum árum en hana má engu að síður auka enn frekar. Svæðið sjálft ber ágætlega þann fjölda ferðamanna sem þangað kemur, ef frá er talið bílastæðið og aðkomuleiðin að svæðinu. Það mætti leysa með því að bjóða gestum upp á skipulagðar ferðir milli svæðisins og Gljúfrastofu.

Dettifoss að austan

Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss eru í umsjón Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðið er vinsæll áfangastaður innlendra og erlendra ferðamanna.

Þrátt fyrir uppbyggingu vestanvert við Dettifoss og stöðuga fjölgun ferðamanna þeim megin fossins, þá virðist það hafa haft lítil áhrif á fjölda ferðamanna að austanverðu. Þar hefur tala þeirra farið hækkandi ár frá ári. Fjöldi gesta árið 2019 var kominn langt umfram þolmörk svæðisins. Skráðar gestakomur árið 2019 voru 131 þúsund en til samanburðar voru þær 47 þúsund árið 2011.

Segja má að fækkun ferðamanna vegna COVID19 hafi gert ástandið við Dettifoss austanverðan eðlilegt. Skráðar gestakomur árið 2020 voru 41 þúsund og er það nokkurn veginn í takt við þann fjölda sem svæðið var skipulagt fyrir.

Dettifoss að austanverðu - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,42	6,30
Innviðir áfangastaðar	4,76	5,71
Verðmæti áfangastaðar	3,59	5,67
Heildareinkunn áfangastaðar	4,29	5,81

Breytingar á milli ára

Það má fullyrða að það er fyrst og fremst fækkun ferðamanna sem útskýrir hækkaða einkunn milli ára.

Úrbætur

Endurskoða þarf heildarskipulag svæðisins í samráði við landeigendur og Umhverfisstofnun. Samtal er hafið við Vegagerðina um breyttar vegmerkingar í því skyni að vísa betur á aðkomuleið að fossinum vestanverðum. Afmarka þarf mun betur gönguleiðir og koma í veg fyrir traðk utan þeirra.

Vatnajökulsþjóðgarður – Dettifoss að vestanverðu

Dettifoss er í Jökulsá á Fjöllum, á mörkum Norðurþings og Skútustaðahrepps.

Fjöldi gesta við Dettifoss vestanverðan hefur verið í kringum 250-300 þúsund undanfarin ár. Verulega dró úr gestakomum árið 2020 (nálægt 75.000), en gera má ráð fyrir að það hafi verið tímabundin sveifla vegna heimsfaraldurs. Flestir koma á einkabíl, en jafnframt er talsvert um húsbíla og rútur. Rútufarþegar eru

oftast í hringferð um landið eða úr skemmtiferðaskipi í nálægri höfn. Umferð á jaðartímanum og ekki síst að vetrinum fer vaxandi. Langflestir koma þó á sumrin og álag er mest um miðjan daginn.

Dettifoss að vestanverðu - ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,17
Innviðir áfangastaðar	8,75
Verðmæti áfangastaðar	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,89

Úrbætur

Mikilvægt er að byggja upp göngustíga umhverfis nýtt salernishús og tengja þá við aðalgöngustíginn að Dettifossi. Koma þarf upp nýjum fræðslu- og upplýsingaskiltum við upphaf gönguleiðar og setja upp varanleg skilti í stað skyndiskilta á gönguleiðum. Auka þarf viðveru landvarða, bæði að sumarlagi og á jaðartíma.

Vatnajökulsþjóðgarður - Hljóðaklettur

Hljóðaklettur eru einstakar jarðminjar við Jökulsá á Fjöllum, milli Ásbyrgis og Dettifoss.

Fjöldi gesta í Hljóðaklettum hefur verið í kringum 25-30 þúsund undanfarin ár. Vegna framkvæmda var ekki hægt að telja umferð á svæðinu árið 2020, en hún var þó umtalsverð að mati landvarða. Flestir koma á einkabíl, en jafnframt er talsvert um smærri rútur og litla húsbíla. Eins er töluvert af göngufólki á svæðinu sem og gestum á tjaldsvæði. Fram til þessa hefur umferð á svæðinu verið mest bundin við sumrin og álag verið mest um miðjan daginn. Viðbúið er að bætt aðgengi muni hafa áhrif til breytinga.

Hljóðaklettur – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,48
Innviðir áfangastaðar	7,22
Verðmæti áfangastaðar	6,89
Heildareinkunn áfangastaðar	6,89

Úrbætur

Koma þarf upp nýjum fræðslu- og upplýsingaskiltum við upphaf gönguleiðar og setja upp varanleg skilti í stað skyndiskilta á gönguleiðum. Auka þarf viðveru landvarða, bæði að sumarlagi og á jaðartíma. Afmarkanir og girðingar við gönguleiðir þarf að endurnýja og auka. Bæta þarf stýringu á umferð reiðhjólafólks. Endurskoða þarf uppsetningu teljara með tilliti til breytts aðgengis. Skilgreina þarf í stjórnunar- og verndaráætlun æskilegar leiðir og heimildir til stýringar á umferð.

Austurland

Álfaborg

<https://ust.is/alfaborg>

Álfaborg er hamraborg fram við sjó við miðjan Borgarfjörð eystri og var friðlýst sem fólkvangur árið 1976. Öllu jafna er talið að um 60-70.000 gestir heimsækja svæðið á tímabilinu apríl til október. Flestir gestanna eru útivistar- og göngufólk sem einnig heimsækja náttúruperlurnar Víknaslóðir og Stóruð. Auk þess er mikið af fuglaáhugafólki sem heimsækir svæðið sér í lagi Hafnarhólmann þar sem mikið af lunda hefur athvarf.

Álfaborg – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,76	6,67
Innviðir áfangastaðar	8,57	9,05
Verðmæti áfangastaðar	6,25	9,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,56	8,70

Breytingar á milli ára

Lokið var við gönguleið upp á borgina og var hún lögð úr grjóti úr nærumhverfinu sem eykur mjög jákvæða upplifun af svæðinu.

Úrbætur

Fræðsluskilti við upphaf gönguleiðar upp á borgina þarfnast viðhalds. Auk þess þarf að fylgjast með ágengum framandi tegundum í nágrenninu.

Blábjörg í Berufirði

www.ust.is/blabjorg

Blábjörg á Berufjarðarströnd eru friðlýst náttúruvætti vegna sérstæðra jarðmyndana sem hafa hátt fræðslu- og vísindagildi. Ekki er vitað hve margir gestir heimsækja Blábjörg en vinsælt er að stoppa þar og ganga stutta leið niður að björgunum. Talið er að ferðamenn komi við á svæðinu allan ársins hring því gott er að stoppa þar enda bílastæðið rétt við þjóðveginn.

Blábjörg í Berufirði – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	3,33	5,19
Innviðir áfangastaðar	6,00	6,11
Verðmæti áfangastaðar	8,72	8,22
Heildareinkunn áfangastaðar	6,85	7,01

Breytingar á milli ára

Ekki hafa orðið neinar breytingar á milli ára nema aukin landvarsla og úttekt á ástandi svæðisins.

Úrbætur

Setja þarf upp fræðsluskilti við bílaplan auk þess þarf nýjar tröppur niður í fjöruna þannig að gönguleiðin verði varanlegri og síður myndist villustígar á svæðinu. Auka þarf landvörslu á svæðinu.

Helgustaðanáma

www.ust.is/helgustadanama

Helgustaðanáma er gömul silfurbergsnáma í landi Helgustaða rétt utan við Eskifjörð í norðanverðum Reyðarfirði og var hún friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Talið er að um 10.000 gestir sækji Helgustaðanámu heim á ári hverju, nánast allir koma að sumarlagi. Flestir gesta eru almennir ferðamenn, þó nokkuð er um jarðfræðinga en auk þess hefur verið stöðug aukning á heimsóknum af hendi heimamanna.

Helgustaðanáma – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,04	7,67
Innviðir áfangastaðar	7,22	7,78
Verðmæti áfangastaðar	5,19	6,11
Heildareinkunn áfangastaðar	6,13	6,89

Breytingar á milli ára

Ekki hafa orðið neinar breytingar á milli ára nema að heilsárslandvarsla er komin á svæðið.

Úrbætur

Setja þarf upp fræðsluskilti við gömlu námuna og við þær menningarminjar sem þar standa enn varðandi vinnslu á silfurbergi en einnig við námugöngin fyrir neðan gömlu námuna. Auk þess þarf að fara í viðhald á göngustíg upp að námunni.

Nauðsynlegt er að koma upp aðstöðuhúsi fyrir landvörð sem auðveldar alla vöktun á svæðinu. Það gæti minnkað brottnám steinda að setja upp myndavélar og teljara á svæðið, þannig að komast megji að því hvenær flestir gestir eru á svæðinu og hve margir sækja það heim.

Hólmanes

www.ust.is/holmanes

Hólmanes er friðland og fólkvangur í Reyðarfirði. Svæðið er vinsælt útivistarsvæði ferðamanna sem og heimamanna. Ekki er vitað nákvæmlega hve margir gestir sækja Hólmanes heim ár hvert en settur var upp teljari seinnipart júlí 2020 og frá þeim tíma og fram að áramótum höfðu rétt um 2.600 manns heimsótt

friðlýsta hluta Hólmaness. Almennir ferðamenn stoppa mikið á bílastæði í Hólmahálsinum þar sem gönguleiðir liggja niður í Hólmaborgirnar, fæstir þeirra ganga niður í borgirnar. Taka verður fram að mikið af heimamönnum gengur um uppbyggða göngustíginn fólkvangsmegin í Hólmanesi en þar er ekki teljari.

Hólmanes - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,78	8,67
Innviðir áfangastaðar	7,62	8,10
Verðmæti áfangastaðar	6,54	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,09	7,82

Breytingar á milli ára

Unnið var áfram að viðhaldi á göngustígum með aðstoð sjálfboðaliða Umhverfisstofnunar. Haldið áfram að stika gönguleiðir, byrjað var á að setja upp vegvísa þar sem við á og verður haldið áfram við þá vinnu á næsta ári. Lokið var við hönnun á nýju fræðsluskilti við Baulhús og verður skiltið sett upp á vormánuðum 2021. Lokið var við uppbyggðan göngustíg sem liggur frá sundlaug Eskifjarðar fólkvangs megin og liggur hann meðfram ströndinni að friðlandinu. Haldið var áfram markvissri eyðingu á lúpínu í friðlandi Hólmaness með aðstoð starfsmanna Fjarðabyggðar.

Úrbætur

Nauðsynlegt er að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið að undanfarin ár við viðhaldi göngustíga. Ljúka þarf við uppsetningu vegvísa í samræmi við nýjan göngustíg fólkvangsmegin sem hefur verið tengdur við gönguslóða í friðlandinu. Einnig er nauðsynlegt að halda áfram við upprætingu ágengra framandi tegunda sér í lagi í friðlandinu þar sem hætt er á að þær vaxi yfir fágætar austfirskar plöntur.

Neskaupstaður fólkvangur

ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/folkvangur-neskaupsstadar/

Fólkvangurinn í Neskaupstað er notaður af heimamönnum í útivist en auk þess koma þar mikið af ferðamönnum ár hvert. Samkvæmt teljara sem staðsettur hefur verið þar síðustu árin þá er fjöldi gesta um það bil 17.000 ár hvert. Á vorin og haustin er mikið álag á göngustíga fólkvangsins vegna mikillar bleytu.

Neskaupsstaður fólkvangur - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,41	8,33
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,31	7,89
Heildareinkunn áfangastaðar	7,16	7,65

Breytingar á milli ára

Ekki hafa orðið miklar breytingar á milli ára nema helst að heilsárs landvarsla er á svæðinu. Einstaka brýr voru lagaðar þetta árið auk almenns viðhalds eins og að dreina göngustíga.

Úrbætur

Nauðsynlegt er að halda áfram viðhaldi á göngustíg og dreni vegna mikillar aurbleytu sem þar myndast auk þess þarf að viðhalda brúm þar sem við á og leggja fleiri palla þar sem bleyta er mikil. Laga þarf keðju við gönguleið niður í Páskahelli. Sveitarfélagið Fjarðabyggð hyggst leggja uppbyggðan göngustíg að útsýnisskífu sem staðsett er rétt við byrjun gönguleiðar þannig að stígurinn verði hjólastólafær. Vinna þarf áfram að því að halda ágengum framandi tegundum frá fólkvanginum og nágrenni hans. Taka þarf ákvörðun með sveitarfélaginu Fjarðabyggð hvaða gönguleiðir eigi að vísa gestum á þar sem eitthvað af þeim gönguleiðum sem í boði eru hefur ekki verið viðhaldið og eru hættulegar þeim sem ekki þekkja til á svæðinu.

Teigarhorn náttúruvætti og fólkvangur

www.ust.is/teigarhorn

Teigarhorn er náttúruvætti og fólkvangur staðsett í sunnanverðum Berufirði rétt innan við Djúpavog. Náttúruvættið er einn þekktasti fundarstaður geislasteina (zeólíta) í heimi. Fólkvangurinn er mikið útivistarsvæði. Ekki er vitað nákvæmlega hve margir gestir sækja Teigarhorn heim ár hvert en flestir eru ferðamenn og áhugafólk um steina.

Teigarhorn náttúruvætti - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,63	9,33
Innviðir áfangastaðar	7,92	8,10
Verðmæti áfangastaðar	6,35	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,46	8,31

Breyting milli ára:

Unnið var að breytingum á hitakompu í skipulagða geymslu fyrir steindir. Skipti voru gerð á efni í tröppum niður í fjöru. Tvö ný leiðbeiningarskilti voru sett upp á svæðinu. Auk þess var unnið við uppbyggingu á æðarvarpinu, búin til hús og raðað upp skjóli á tveimur stöðum.

Úrbætur

Hefjast þarf handa við framkvæmdir þær sem teknar eru fram í deiliskipulagi. Hönnun á skiltum, staðfesta þarf stjórnunar- og verndaráætlun af hendi UST. Setja þarf upp teljara á svæðið til stuðnings áætlunum og til upplýsinga um fjölda gesta á svæðinu.

Fara þarf í hönnun á stígum, setja upp kassa með sandi/salti þannig að sinna megi vetrarþjónustu á auðveldari máta. Þörf er á yfirferð á göngustikum upp Búlandstind, finna þarf betri lausn á salernismálum þar sem einungis er opið yfir sumarið. Bæta þarf í landvörslu yfir háanna tímenn.

Suðurland

Álftaversgígar

<https://ust.is/alftaversgigar/>

Álftaversgígar er þyrping gervígga innan Skaftárhrepps. Gervíggar eru taldir til einstakra jarðmyndana með hátt verndar og vísindagildi, en þeir mynduðust við eldsumbrot árið 934 er Eldgjáhraunið rann yfir mýrlent svæði Álftavers. Engir teljarar eru við Álftaversgíga og því lítið vitað um fjölda gesta á ári. Svæðið er rétt fyrir utan alfaraleið og því margir sem hafa færi að stoppa og litast um. Reynsla okkar og landvarða er að bæði erlendir og innlendir gestir stoppa stutt við Álftaversgíga. Fólk heimsækir Álftaversgíga allt árið um kring en þó helst yfir sumartímann.

Álftaversgígar - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,52	5,19
Innviðir áfangastaðar	5,67	5,83
Verðmæti áfangastaðar	6,79	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,01	6,13

Breytingar á milli ára

Bílastæði við áningastað var afmarkað með stikum og böndum. Þrep upp á gíginn hafa verið lagfærð af heimamönnum. Landeigandi hefur girt fyrir svæðið svo fólk getur ekki keyrt inn á það svæði sem lá helst undir skemmdum vegna utanvegaaksturs.

Úrbætur

Vinna þarf deiliskipulag í samræmi við tillögur úr úrbótaskýrslu sem unnin var af Landslagi. Færa þarf skilti og koma uppröðun og samhæfingu upplýsinga í rétt horf.

Landsáætlun gerir ráð fyrir 1.500.000 í deiliskipulag og 750.000 í skiltavinnu.

Dverghamrar

<https://ust.is/dverghamrar/>

Dverghamrar er kyrrlát svæði með formfögru stuðlabergi og kubbabergi. Náttúruvættið er staðsett við Þjóðveg 1 í Skaftárhreppi. Bílateljari er staðsettur við aðkomuveg og tölur fyrir 2020 sýna að um 22.000 manns lögðu leið sína að Dverghömrum. Svæðið er heimsótt af heimamönnum og erlendu jafnt sem innlendu ferðafólki.

Dverghamrar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,59	9,26
Innviðir áfangastaðar	8,06	7,78
Verðmæti áfangastaðar	8,97	7,89
Heildareinkunn áfangastaðar	8,44	8,15

Breytingar á milli ára

Uppbyggður og fallegur göngustígur hefur verið lagður hringleiðina um Dverghamra. Stígurinn fellur einstaklega vel inn í umhverfið og bætir upplifun gesta á svæðinu. Talsvert af lúpínu var fjarlæggt af svæðinu seint í sumar.

Úrbætur:

Athuga þarf aðgengi hreyfihamlaða inn á svæðið. Halda þarf áfram upprætingu á lúpínu. Landsáætlun gerir einnig ráð fyrir 1.000.000 í skiltagerð fyrir náttúruvættið árið 2021.

Dyrhólaey

<https://ust.is/dyrholaey/>

Dyrhólaey er höfði út við sjó á suðurströnd landsins. Árið 2019 heimsóttu 475.000 manns svæðið, en það var fækkun um 12% frá 2018. Árið 2020 voru um 120.000 heimsóknir, en sóttvarnalög og tilmæli stjórnvalda vegna Covid19 höfðu mikil áhrif á aðsókn á svæðinu. Engu að síður er Dyrhólaey einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á Suðurlandi og skiptist að jafnaði upp í tvo áfangastaði, Háey og Lágey. Landvarsla er á svæðinu allt árið um kring og yfir varptíma fugla eru tveir landverðir á vakt og eygni lokað yfir nóttina. Margir gestir stoppa stutt til að taka myndir á vinsælum myndatökustöðum en aðrir stoppa til lengri tíma, ganga um svæðið og sækjast eftir fræðslu.

Dyrhólaey - Háey

Dyrhólaey, Háey - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	8,67
Innviðir áfangastaðar	6,46	8,10
Verðmæti áfangastaðar	8,65	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,64	8,17

Breytingar á milli ára

Skípt var út keðjum á gönguleið frá Háey niður á Lágey. Unnið er að deiliskipulagi fyrir aðkomusvæði að Háey. Stjórnunar og verndaráætlun hefur verið unnin fyrir svæðið. Nýtt fræðluskilti hefur verið sett upp

við aðkomu inn á Háey, dróna og varúðarskiltum hefur einnig verið komið upp. Unnið er að gerð fuglaskilta. Hönnunar og skipulagsvinna fyrir stíg á milli Háey og Lágey er í vinnslu.

Úrbætur

Þörf er á að skipuleggja aðkomu að Háey. Hugmyndir um frekari nýtingu vitans og geymsluhúsnæðis á Háey þarf að halda áfram. Það mætti setja upp fuglaskoðunarsjónauka á standi til að auka upplifun og höfða til fleira fólks. Þörf er á nýjum fuglaskiltum. Gert er ráð fyrir 88.828.000kr í landsáætlun til uppbyggingar og hönnun stíga á Dyrhólaey fyrir árið 2021.

Dyrhólaey - Lágey

Dyrhólaey, Lágey - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,22	8,67
Innviðir áfangastaðar	7,71	9,05
Verðmæti áfangastaðar	7,21	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,35	8,08

Breytingar á milli ára

Mörgum keðjum hefur verið skipt út við útsýnisstaði og göngusvæði. Nýtt, vel skipulagt bílaplan verður tilbúið vetur 2020 og tekur það betur við umferðarþunga inn á svæðið. Til stendur að skipta út staurum fyrir aðra sem samræmast svæðinu betur. Vinna við að hanna og skipuleggja stíg frá Lágey upp á Háey er í gangi og til stendur að bæta stíga og útsýnissvæði á Lágey. Nýtt fræðsluskilti er komið upp við aðkomusvæði Lágeyjar.

Úrbætur

Ljúka hönnun og skipulagi við stígagerð og sjá til þess að verkið fari í gang. Skoða þarf vel hvar og hvort hægt sé að bæta við útsýnisstaði eða hringleið um áður óraskað svæði. Afmá villustíga og koma upp fuglaskiltum. Búið er að malbika og skipuleggja bílastæðið á Lágey, frágangi á bílastæði lýkur snemma árs 2021. Gert er ráð fyrir 88.828.000kr í landsáætlun til uppbyggingar og hönnun stíga á Dyrhólaey fyrir árið 2021.

Geysir

<http://ust.is/geysir>

Náttúruvættið Geysir í Haukadal þarf vart að kynna en svæðið hefur verið einn vinsælasti og fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna frá upphafi Íslandsferða. Hverasvæðið var loks friðlýst ásamt bænum Laug, Laugarfjalli og Laugarheiði þann 17. júní 2020 og er nú friðlandið Geysir.

Geysir - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	7,78
Innviðir áfangastaðar	7,92	7,04
Verðmæti áfangastaðar	1,54	6,35
Heildareinkunn áfangastaðar	4,34	6,83

Breytingar á milli ára

Helstu breytingar voru þær að svæðið var friðlýst á árinu. Unnið var töluvert í göngustígum á Laugarfjalli og útsýnispöllum bætt við. Gestir dreifast þannig betur um svæðið og ásýnd hefur batnað til muna. Hellulögn var tekin upp og löguð ásamt því að kantsteinn var settur meðfram afrennsli af hverum við göngustíg. Brýr voru reistar yfir affall Strokks og gönguleiðir girtar betur og bætt við nýjum girðingum meðfram gönguleið upp á Laugarfjall. Landvarsla hefur verið aukin sem bætt hefur þjónustu og upplýsingagjöf. Teljari var settur við aðalinngang við Geysi í júlí. Vegna þess er best að styðjast við fjölda sem sóttu Gullfoss heim eða rúmlega 200.000 gestir yfir árið 2020.

Úrbætur

Þær úrbætur sem gerðar voru innan hverasvæðis eru bráðabirgða úrbætur á gamalli hellulögn sem nær yfir hluta svæðis. Brýn þörf er á endurhönnun á öllu hverasvæðinu enda aðeins uppbyggður stígur á hluta svæðisins. Gengið er á hverahrúðri og hveraleir þar sem gróður hefur verið gengin niður á stórum hluta svæðisins en gönguleiðir eru afmarkaðar með böndum. Hönnunarvinna er hafin á heildstæðri uppbyggingu svæðisins sem vissulega er löngu orðin tímabær. Þörf er á uppbyggðu stígakerfi á svæðinu þannig að hægt verði að hlífa náttúru svæðisins ásamt því að bæta aðgengi og upplifun. Fjölga þarf upplýsinga- og fræðsluskiltum á svæðinu en þau eru sárafá. Fjármagn hefur ekki enn verið tryggt í verkefnið.

Gullfoss

<http://ust.is/gullfoss>

Gullfoss þarf vart að kynna en fossinn er í uppsveitum Árnessýslu í Bláskógabyggð og hefur verið friðlýstur síðan 1979 ásamt Hvítárgljúfri að Brattholti. Friðlandið Gullfoss er einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi og er nauðsynlegt að allir innviðir taki mið af því. Árin 2018 og 2019 voru rúmlega milljón gestir sem sóttu Gullfoss heim. Því þarf svæðið að vera í stakk búið að taka við miklum fjölda þannig að náttúra friðlandsins beri sem minnstan skaða af. Í ár voru gestir um 210.000.

Gullfoss - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,78	8,00
Innviðir áfangastaðar	7,04	7,33
Verðmæti áfangastaðar	6,35	7,56
Heildareinkunn áfangastaðar	6,83	7,59

Breytingar á milli ára

Helstu breytingar eru þær að ráðist var í að fjarlægja göngustíg úr trefjaborðum og timbur útsýnispall á efra útsýnissvæði við Gullfoss. Þess í stað var stígur breikkaður og steypdur þar sem sá fyrri annaði ekki lengur umferð og var orðin lélegur. Nýtt skiltatorg var steypd og nýr og stærri útsýnispallur á efra svæði byggður. Hvíldarbekkjum var bætt við göngustíg. Því er aðkoma frá efra bílastæði að fossi orðin góð og auðveldara er að sinna vetrarþjónustu. Landvarsla hefur verið aukin sem hefur skilað sér í betri þjónustu og fræðslu á staðnum. Bæta þarf við upplýsingaskiltum á nýtt skiltatorg.

Úrbætur

Nauðsynlegt er að halda uppbyggingu áfram á neðra svæði við Gullfoss þannig að samræmi verði á svæðinu. Enn í dag er ótryggur malarstígur niður að fossi sem ekki er unnt að þjónusta að vetrarlagi þar sem vatnsúði frá fossi, ásamt ís sem safnast fyrir, gera stíginn hættulegan. Taka þarf mið af því að fjöldi gesta sækir Gullfoss heim sumar sem vetur. Þannig verður heildarútlit svæðisins í samræmi og gestir þurfa ekki að koma að lokuðu hliði hálf t. árið. Við Gullfoss væri upplagt að hafa upplýsingamiðstöð fyrir svæðið og hálendið þar sem Gullfoss er í jaðri byggðar.

Háalda

<https://ust.is/haalda>

Háalda er lítið náttúruvætti á Suðausturlandi sem byggist upp af hlaupseti eftir jökulhlaup samfara eldgosi í Örfæjökli 1727. Í hlaupsetinu eru tvö stór jökulker sem vinsælt er að skoða. Svæðið er hrátt, það vantar fræðsluskilti og skýrari afmörkun fyrir aðkomuveg og bílastæði. Keyrt hefur verið utan vega á þessu svæði og sjást för m.a. í jökulkerinu sjálfu.

Háalda - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,76	3,33
Innviðir áfangastaðar	7,22	7,78
Verðmæti áfangastaðar	8,40	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,32	6,44

Breytingar á milli ára

Unnið hefur verið að tveim fræðsluskiltum fyrir svæðið sem fræða gesti um tilkomu hlaupsetsins og myndun þessara miklu jökulkerja.

Úrbætur

Þörf er á frekari afmörkun á svæðinu og uppsetningu nýrra skilta, reiknað með að það verði gert vor 2021.

Ingólfshöfði

<https://ust.is/ingolfshofdi>

Ingólfshöfði er kletthöfði staðsettur á Suðausturlandi, höfðinn er úr basalti sem hvílir á móbergssundirstöðu. Í dag er höfðinn nokkuð vinsæll ferðamannastaður en erfitt er að komast í hann. Vagnferðir með traktor eða ferðir á breyttum jeppum eru vinsælar út í höfðann.

Ingólfshöfði – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,54	7,22
Innviðir áfangastaðar	8,96	8,54
Verðmæti áfangastaðar	9,81	9,33
Heildareinkunn áfangastaðar	9,31	8,68

Breytingar á milli ára

Hringleið um höfðann var stikuð og lagfærð af sjálfboðaliðum í sumar. Unnið er að gerð fræðsluskiltis fyrir fuglalífið í höfðanum.

Úrbætur

Klára vinnslu á fuglafræðsluskilti og setja það upp, jafnframt meta hvort þörf sé á skiltum víðar um höfðann eða hvort vinna eigi fræðslubækling. Setja upp reglulegri viðveru landvarða í höfðanum.

Kirkjugólf

<https://ust.is/kirkjugolf>

Kirkjugólf er staðsett við Kirkjubæjarklaustur og hluti af hringleið um svæðið. Svæðið er lágrest, veðruð stuðlabergsklöpp sem myndar nokkuð slétt og formfagurt “gólf”. Ágætis bílastæði og fræðsluskilti er við aðkomustað og stígur frá bílastæði að Kirkjugólfi er uppbyggður, þörf að lagfæra kanta á stíg. Reglulegt eftirlit er á svæðinu.

Kirkjugólf - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,81	8,33
Innviðir áfangastaðar	9,33	7,22
Verðmæti áfangastaðar	9,36	10,00
Heildareinkunn áfangastaðar	9,24	8,90

Breytingar á milli ára

Breyting á innviða einkunn er tilkomin vegna þess að gerðar eru meiri kröfur til skipulags og ásýndar bílastæðis, þannig að fyrsta upplifun gesta verðir mjög góð.

Úrbætur

Ljúka stígaframkvæmd vor 2021. Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Bæta skipulag og merkingar á bílastæði.

Ósland

<https://ust.is/osland>

Ósland er fólkvangur við Höfn í Hornafirði. Þar er auðugt fuglalíf og fjölbreytileg vistkerfi. Gónhóll er hæð á miðju Óslandi og helsta aðkomusvæði gesta, þar eru afmörkuð bílastæði, listaverk, minnisvarðar og fræðsluskilti. Fín hringleið er á Óslandi sem er lítið uppbyggð og fellur vel inn í náttúruna. Lítið er vitað um fjölda gesta á svæðinu en það er almennt mikið notað af heimafólki.

Ósland – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,89
Innviðir áfangastaðar	7,78
Verðmæti áfangastaðar	9,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,99

Breytingar á milli ára

Unnin hefur verið stjórnunar- og verndaráætlun sem veitir svæðinu stefnu og skipulag til næstu ára. Aukið samstarf milli Umhverfisstofnunar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar gekk vel og leiddi af sér 3 ára aðgerðaáætlun fyrir fólkvanginn sem stuðlar að bættri náttúruvernd og stýringu fólkvangsins. Umhverfisstofnun mun sjá um að gera ástandsmat fyrir fólkvanginn.

Úrbætur

Sveitarfélagið sér um úrbætur á fólkvanginum s.s. afmörkun stíga, bætt sorphirða, samhæfing fræðslu og upplýsinga.

Skógafoss, láglandi

<https://ust.is/skogafoss>

Náttúruvættið Skógafoss er staðsett á Suðurlandi við rætur Eyjafjallajökuls og er einn vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á landinu. Nákvæm tala yfir fjölda gesta svæðisins er óþekkt en bílateljari er við aðkomusvæði. Miðað við tölur í lok nóvember má reikna með að um 250.000 manns heimsæki Skógafoss árið 2020. Svæðið skiptist í tvo staði, láglandið framan við fossinn og Skógaheiði ofan við fossinn. Skipulagðar rútuferðir, dagsferðir og lengri ferðir stoppa við Skógafoss ásamt mjög mörgum bílaleigu- og einkabílum. Hjólreiðafólk, göngufólk og puttaferðalangar stoppa gjarnan við náttúruvættið og nýta þá taldsvæði framna við Skógafoss. Svæðið er vinsæll aðkomustaður yfir allt árið.

Láglendi við Skógafoss tekur á móti gestum sem vilja skoða og ganga við Skógafoss og á Skógaheiði. Stórt hrátt bílastæði er á svæðinu sem þyrfti að lagfæra eða skipuleggja á nýjan hátt. Vöntun er á móttökusvæði og góðu aðkomuskilti með korti fyrir náttúruvættið og gönguleiðum innan svæðisins.

Skógafoss láglendi – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,85	8,33
Innviðir áfangastaðar	6,46	7,14
Verðmæti áfangastaðar	7,31	8,78
Heildareinkunn áfangastaðar	6,98	8,24

Breytingar á milli ára

Teljara hefur verið komið upp við aðkomusvæði Skógafoss og tölur gefa skýrari mynd um fjölda gesta á svæðinu. Endurheimt gróðurs hefur gengið vel og lítill átroðningur í sumar skilar bættri gróðurþekju á svæðinu. Ekki hefur verið vöntun á eftirliti í ár en það er villandi útkoma tilkomin vegna Covid19 faraldursins. Skiltum, staurum og keðjum hefur verið bætt við og viðhald á innviðum í góðu standi.

Úrbætur

Mikil þörf er að bæta móttöku svæðisins, hanna þarf og setja upp ný fræðslu- og upplýsingaskilti á nokkrum stöðum. Fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir 1.700.000 kr í landsáætlun til gerðar upplýsinga- og fræðsluskilta. Nauðsynlegt er að lagfæra og bæta neðstu tröppurnar að útsýnispalli við Skógafoss. Fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir 10.800.000 kr í landsáætlun til hönnunar á nýjum tröppum upp með Skógafossi ásamt viðhaldi á girðingum. Alls er sótt um 69.000.000 í innviðasjóð til framkvæmdar á nýjum stiga og þrepum upp meðfram Skógafossi.

Skógafoss, Skógaheiði

<https://ust.is/skogafoss>

Skógaheiði tekur við ofan við Skógafoss, friðlýst svæði á Skógaheiði fylgir Skógá um 7 km upp heiðina þar til Skógá er þveruð til vesturs á leið á Fimmvörðuháls. Ekki er vitað um nákvæmar tölur gesta á Skógaheiði en samkvæmt eftirliti og viðveru landvarða ganga margir gestir um 1 km upp meðfram Skógá en nokkuð færri ganga lengra en það. Leiðin um Fimmvörðuháls liggur meðfram Skógá og er ein vinsælasta dagsgönguleið á Íslandi þar sem mörg þúsund mans ganga á hverju sumri. Leiðin er einnig vinsæl fjallahjólaleið og hlaupaleið, en ekki er vitað um nákvæmar fjölda tölur fyrir þessa hópa.

Skógafoss, Skógaheiði – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,25	6,67
Innviðir áfangastaðar	5,95	6,67
Verðmæti áfangastaðar	6,44	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,27	7,53

Breytingar á milli ára

Nýr stígur var gerður á Skógaheiði í sumar og breytir hann miklu fyrir svæðið. Stýring og skipulag svæðisins er mun betra og endurheimt gróðurs í kringum stíginn gengur vel. Sjálfbóðaliðar lögðu mörg dren ofar á Skógaheiði í sumar til bráðabirgða-björgunar, en vatn rann oft langar vegalengdir eftir stígnum.

Úrbætur

Nauðsynlegt er að halda áfram með uppbyggingu stígs og drenframkvæmdir ofar á Skógaheiði. Í landsáætlun fyrir árið 2020 var gert ráð fyrir 35.000.000 kr til vinnu við göngustíg á Skógaheiði, fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir 40.000.000 kr. Mikil vöntun er á fræðslu- og upplýsingaskiltum fyrir Skógaheiði.

Þjórsárdalur

<https://ust.is/thjorsardalur>

Hluti Þjórsárdals er friðlýst landslagsverndarsvæði sem býr yfir jarðfræðilegri sérstöðu, fágætu, sérstöku og fögru landslagi ásamt sérstökum náttúruferðum sem þar er að finna. Innan friðlýsta svæðisins eru þrjú náttúruvætti Gjáin, Háifoss og Hjálparfoss. Einnig eru í dalnum margar merkar fornminjar eins og Stangarbærinn. Náttúruvættin þrjú eru vinsælir viðkomustaðir ferðamanna. Bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn heimsækja svæðin. Svæðið er vinsælt til gönguferða, hjólríða og hestaferða.

Þjórsárdalur – Gjáin

Gjáin er gljúfur með mörgum lindum og fossum. Í Gjánni eru fallegar bergmyndanir, stuðlar, hraun og móberg, jafnframt er hún gróskumikil og fer þar mest fyrir ætíhvönn, birki og víðiplöntum.

Gjáin – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,58	5,56
Innviðir áfangastaðar	5,42	4,17
Verðmæti áfangastaðar	5,77	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,43	6,11

Breyting á milli ára

Hafin er vinna við uppbyggingu göngustíga. Stýring um svæðið hefur verið aukin með uppsetningu girðinga og leiðbeinandi skilta. Unnið hefur verið að viðhaldi stíga þar sem þeir voru verst farnir. Villustígar hafa verið græddir upp og svæðið tekið ágætlega við sér eftir að komið var á aukinni stýringu og landvörslu.

Úrbætur

Halda þarf áfram uppbyggingu göngustíga, gera hringleið milli Stangar og Gjárinnar greiðfæra. Afmarka og byggja upp áningasvæði og útsýnisstaði. Gera bílastæði sunnanmegin við Gjána og færa það fjær gjábrúnni. Halda áfram uppgræðslu á villustígum og setja upp upplýsingaskilti og vegvísa.

Þjórsárdalur – Háifoss

Háifoss og nágranni hans Granni, hafa mikið aðdráttarafl enda er Háifoss annar hæsti foss landsins, 122 metra hár. Bílastæði er austanmegin við gljúfrið sem fossarnir falla niður í og gönguleið þaðan út að brún. Hægt er að ganga niður í gljúfrið ef gengið er lengra niður í Fossárdal. Frá Háafossi liggur vinsæl göngu- og hjólaleið niður að Stöng, um 8 km löng.

Háifoss – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,17	5,56
Innviðir áfangastaðar	7,04	6,30
Verðmæti áfangastaðar	6,73	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,28	7,20

Breyting á milli ára

Settar voru upp fleiri girðingar til að stýra gangandi og hjólandi umferð um svæðið. Viðhald á hluta göngustíganna og útsýnisstaðir lagfærðir og afmarkaðir. Stikur á gönguleiðum voru endurnýjaðar og þeim fjölgað. Bætt við leiðbeinandi skiltum.

Úrbætur

Gera heildarskipulag fyrir svæðið. Byggja upp innviði, laga bílastæði, halda áfram viðhaldi á göngustígum og endurnýja og fjölga fræðslu- og upplýsingaskiltum. Setja upp þurrsalerni.

Þjórsárdalur – Hjálparfoss

Hjálparfoss er einstaklega fallegur tvöfaldur foss og eru stuðlabergsmyndanir beggja megin við hann. Svæðið er gróið og er birki og víðikjarr mest áberandi. Svæðið er í alfaraleið með góðu aðgengi og því fjölsóttur ferðamannastaður. Gestir stoppa þar ýmist stutt við eða dvelja þar með nesti og busla í ánni.

Hjálparfoss – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,00	6,30
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,11
Verðmæti áfangastaðar	6,54	8,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,25	7,13

Breyting milli ára

Viðhald á gönguleiðum, uppsetning girðinga til stýringar umferðar og leiðbeinandi skilta. Lokun og uppræting villustíga.

Úrbætur

Klára byggingu salernishúss og klára frágang á bílastæði. Halda áfram viðhaldi á göngustígum og uppbyggingu þeirra. Setja upp nýtt fræðsluskilti. Halda lúpínu í skefjum.

Vatnajökulspjóðgarður

<https://vatnajokulsthjodgardur.is>

Skaftafell og Breiðamerkursandur eru meðal fjölsóttustu ferðamannastaða á Suðurlandi og nauðsynlegt að eftirlit og uppbygging taki mið af því. Yfir 800.000 manns heimsækja svæðið ár hvert og þörf á þjónustu, viðeigandi innviðum og stýringu gesta því mikil. Fjölbreytt flóra ferðamanna sækir svæðin heim og ferðast ýmist á einkabílum, rútum eða jafnvel hjólandi. Í Skaftafelli er að auki tjaldsvæði með leyfi fyrir 1800 manns í gistingu. Ferðamenn heimsækja svæðin allt árið um kring og þarf því heilsársstarfsfólk til þess að sinna eftirliti og viðhaldi auk þess að tryggja aðgengi og þjónustu.

Vatnajökulspjóðgarður – Fjallsárlón

Nýting á Fjallsárlóni hefur verið í höndum eins rekstraraðila frá árinu 2015 þegar Sveitarfélagið Hornafjörður gerði samning um nýtingu og uppbyggingu á svæðinu. Árið 2017 þegar svæðið kom inn í Vatnajökulspjóðgarð fylgdi sá samningur með. Góð uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu. Á Fjallsárlóni eru bátaferðir að sumri til en yfirleitt er lokað yfir vetrartímann. Árið 2019 komu 265.053 manns að Fjallsárlóni og í lok október 2020 var heildarfjöldi gesta kominn upp í 71.547 manns.

Fjallsárlón– ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,70
Innviðir áfangastaðar	8,67
Verðmæti áfangastaðar	9,66
Heildareinkunn áfangastaðar	9,19

Úrbætur

Nauðsynlegt er að koma upp upplýsingaskiltum á svæðinu.

Vatnajökulspjóðgarður – Jökulsárlón

Jökulsárlón er einn fjölsóttasti áfangastaður ferðamanna á landinu. Mesti umferðarþunginn er um svæðið yfir sumarmánuðina en vegna aukningar í vetrarferðamennsku síðustu ár hefur verið stöðug umferð á svæðinu allt árið um kring. Svæðið við Jökulsárlón er, eins og önnur svæði á Breiðamerkursandi, tiltölulega nýkomið inn í Vatnajökulspjóðgarð. Stjórnunar-og verndaráætlun fyrir svæðið er ekki tilbúin, auk þess sem uppbygging hefur gengið hægt og innviðir á svæðinu ekki eins góðir og þeir þurfa að vera miðað við þann fjölda gesta sem sækir svæðið heim. Árið 2019 heimsóttu rúmlega 800.000 gestir svæðið, í lok október 2020 var fjöldi gesta kominn upp í tæplega 300.000.

Jökulsárlón – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,83
Innviðir áfangastaðar	6,28
Verðmæti áfangastaðar	6,11
Heildareinkunn áfangastaðar	6,31

Úrbætur

Vinna þarf að framtíðar uppbyggingu svæðisins. Gera stígakerfi og setja upp skilti

Vatnajökulspjóðgarður – Námuvegur

Frá þjóðvegi 1 vestan við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi liggur vegur, upp að Breiðárlóni og áfram upp á Breiðamerkurjökul vestanverðan, sem í daglegu tali er kallaður Námuvegur. Vegurinn varð til fyrir tilstuðlan Vegagerðarinnar, en upphaflega lá hann að námu Vegagerðarinnar á svæðinu. Í dag er vegurinn mest notaður af ferðarþjónustuaðilum, en einnig er vegurinn, og slóði sem liggur út frá honum upp á jökul, skilgreindur sem akstursleið á Vatnajökul árið um kring. Mest umferð er um veginn frá lok október til loka mars ár hvert þegar íshellaferðamennskan er í gangi. Heildarfjöldi gesta árið 2019 var tæplega 60.000 manns og í lok október 2020 var heildarfjöldi gesta kominn upp í 23.490 manns.

Námuvegur – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,17
Innviðir áfangastaðar	2,78
Verðmæti áfangastaðar	5,44
Heildareinkunn áfangastaðar	4,67

Úrbætur

Gera þarf veginn vel færan flestum bílum að áningarstað við Breiðárlón.

Vatnajökulsþjóðgarður – Sel

Sel er uppgerður torfbær í Skaftafellsheiði þar sem búið var til ársins 1946. Þangað liggur gönguleið frá þjónustukjarna Skaftafells og akstursvegur með takmarkaða umferð í samráði við Vegagerðina. Erlendir ferðamenn eru stærstur hluti gesta sem heimsækja Sel og koma flestir yfir sumartímann.

Sel – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,07
Innviðir áfangastaðar	9,39
Verðmæti áfangastaðar	9,03
Heildareinkunn áfangastaðar	9,14

Úrbætur

Á gönguleið og við Sel þarf að endurskoða allan skiltakost en mikill skortur er á merkingum, fræðslu og vegvísunum. Bútasumur í skiltum.

Vatnajökulsþjóðgarður – Skaftafell tjaldsvæði

Tjaldsvæðið í Skaftafelli samanstendur af átta flötum, það hefur leyfi fyrir 1800 manns í gistingu og þar eru tvö salernishús. Flestir gestir koma á tjaldsvæðið á sumrin og eru það bæði erlendir ferðamenn og Íslendingar, en oft er meira álag um helgar.

Skaftafell tjaldsvæði – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,33
Innviðir áfangastaðar	9,20
Verðmæti áfangastaðar	8,60
Heildareinkunn áfangastaðar	8,71

Úrbætur

Þörf á nýjum og betri skiltum vegna breyttrar aðkomu inn á tjaldsvæði. Þörf á yfirlitskorti og betra skipulagi. Finna þarf leið til að fjármagna stærri verkefni á tjaldsvæðinu, en það er ekki tryggt inni í viðhalds- og rekstrarkostnaði.

Vatnajökulsþjóðgarður – Skaftafell þjónustuvæði

Þjónustukjarninn í Skaftafelli saman stendur af Skaftafellsstofu, salernishúsi, landvarðahúsi, bílastæði hreyfihamlaðra fyrir framan gestastofu, almennum bílastæðum og veginum í Skaftafell. Mikill gestafjöldi sækir Skaftafell heim árlega, árið 2019 voru það tæplega 700.000 manns. Gestir ársins 2020 urðu þó ekki nema tæplega 100.000.

Skaftafell þjónustuvæði – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,17
Innviðir áfangastaðar	8,61
Verðmæti áfangastaðar	8,93
Heildareinkunn áfangastaðar	8,69

Úrbætur

Koma þarf upp nýjum aðkomuskiltum inn í þjóðgarðinn, að bílastæðum og að tjaldsvæði. Núverandi skilti eru ófullnægjandi og boðskapur þeirra skilar sér illa til gesta.

Vatnajökulsþjóðgarður – Skaftafellsjökull

Skaftafellsjökull er stór skriðjökull austan við þjónustuvæðið í Skaftafelli. Að sporði hans liggur hringleið og er hluti leiðarinnar fær hreyfihömluðum. Merkingar eru á leiðinni og er leiðin hluti af verkefninu Hörfandi Jöklar. Yfir fræðslutímabilið eru daglegar göngur með landverði á þessari leið. Helstu áskoranir eru hættulegar aðstæður sem skapast í vetraraðstæðum þegar lónið og ána leggur, og gestir komast þar af leiðandi út á lónið og upp á jökul þrátt fyrir að aðstæður geti verið ótryggar. Grjóthrun getur verið úr hlíð Skaftafellsheiðar.

Undanfarin ár hafa rúmlega 100.000 manns farið um stíginn á ári hverju en í ár hafa gestirnir eingöngu verið tæplega 20.000.

Skaftafellsjökull – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,10
Innviðir áfangastaðar	7,67
Verðmæti áfangastaðar	8,44
Heildareinkunn áfangastaðar	8,37

Úrbætur

Tímabært að endurskoða skiltakost og merkingar, merkja upphaf gönguleiðar betur og leggja áherslu á hringleiðina. Huga að öryggi í vetraraðstæðum.

Vatnajökulsþjóðgarður – Svartifoss

Svartifoss er eitt þekktasta kennileiti Skaftafells. Hann fellur um 20 metra fram af formfögru svörtu stuðlabergi. Þangað liggur mjög góð gönguleið frá þjónustukjarna. Leiðin upp að Svartafossi er vinsælasta gönguleið svæðisins. Skapast geta erfiðar snjóaðstæður og hálsa yfir vetrartímann.

Heildarfjöldi gesta árið 2019 var 108.000 manns. Árið 2020 fækkaði gestum svæðisins niður í um 18.000 manns.

Svartifoss – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,50
Innviðir áfangastaðar	9,17
Verðmæti áfangastaðar	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,80

Úrbætur

Helstu áskoranir eru mikill fólksfjöldi en eftirlit þarf að hafa með traðki utan við útsýnispall við fossinn. Geta skapast erfiðar snjóaðstæður og hálsa yfir vetrartímann.

Vatnajökulsþjóðgarður - Þröng

Frá þjóðvegi 1 austan við Jökulsárlón liggur vegur inn að Breiðamerkurjökli austanverðum, en það svæði er í daglegu talið kallað Þröng. Þessi vegur er aðallega notaður til að ferja ferðamenn að Breiðamerkurjökli í íshellaferðir yfir vetrartímann og í jöklagöngur yfir sumartímann. Vegna mikillar umferðar síðustu 2 árin hefur vegurinn mikið látið á sjá og eru nú sýnileg för eftir utanvegaakstur í kringum hann. Heildarfjöldi gesta árið 2019 var 68.710 manns og í lok október 2020 var heildarfjöldi gesta kominn upp í 41.700 manns

Þröng – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,67
Innviðir áfangastaðar	7,20
Verðmæti áfangastaðar	6,28
Heildareinkunn áfangastaðar	6,82

Úrbætur

Afmá þarf sýnileg akstursför utan vega. Laga þarf fyrsta hluta vegarins, u.þ.b. 3 km, þannig að hann verði fær flestum bílum og gera þar áningarstað með upplýsinga- og fræðsluskiltum.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

www.thingvellir.is

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum þarf vart að kynna, enda hefur hann verið einn vinsælasti ferðamannastaður landsins um áratuga skeið.

Gestastofa og verslun þjóðgarðsins er á vesturbrún Almagnagjár, Hakinu, þar sem gengið er niður í Almagnagjá. Á Leirum, á mótum þjóðvega 36 og 550, er þjónustumiðstöð þjóðgarðsins. Þar er rekin upplýsingaþjónusta, minjagripaverslun og veitingastaður á vegum þjóðgarðsins.

Langstærstur hluti ferðamanna á Þingvöllum fer um þinghelgina og þingstaðinn og því er þar mestur ágangur ferðamanna og stígar að sama skapi breiðastir og best afmarkaðir. Þinghelgin liggur neðan og austan Almagnagjár.

Yfir 2 milljónir ferðamanna hafa komið til Íslands undanfarin ár og skv. talningum koma 70-75% þeirra til Þingvalla eða um 1,5 milljón manns. Skv. Jafnvægisás ferðamála er gert ráð fyrir 2-5% árlegri fjölgun ferðamanna til ársins 2030 og ef gert er ráð fyrir að 70 - 75% þeirra komi til Þingvalla má búast við um 2-3 milljónum ferðamanna til Þingvalla árið 2030.

Þeir staðir sem valdir voru fyrir ástandsmatið eru helstu viðkomustaðir ferðamanna í þinghelginni og nærsvæði.

Þingvellir – Almagnagjá

Almagnagjá er einn helsti viðkomustaður gesta í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Langflestir sem heimsækja þjóðgarðurinn hefja ferð sína annað hvort hjá gestastofunni á Haki eða á bílastæðinu við enda Almagnagjár og ganga gjána fram og til baka. Árin 2018 og 2019 fóru rúmlega 1,3 milljónir gesta um Almagnagjá en í ár voru gestir í Almagnagjá rúmlega 320 þúsund. Mikil vetrarþjónusta hefur verið á svæðinu undanfarin ár þar sem gjáin er mokuð og sönduð þegar þörf hefur verið á. Í vetur verður dregið úr þeirri þjónustu í ljósi aðstæðna.

Almagnagjá – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	10
Innviðir áfangastaðar	9,67
Verðmæti áfangastaðar	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	9,22

Úrbætur

Í vinnslu er deiliskipulag fyrir svæðið þar sem enn frekar verður kveðið á um ásýnd og útlit mannvirkja. Unnið hefur verið með svipað útlit innviða að mestu leyti. Minni deiliskipulagáætlanir hafa verið unnar fyrir hluta svæðisins vegna framkvæmda. Slá þarf búðatóftir reglulega á sumrin svo þær sjáist betur og í kringum þær hlaðist ekki upp jarðvegur þannig að þær eyðileggist. Í

leysingum rennur efni til í malarstígnum í Kárastaðastíg og einnig myndast pollar í gjánni hjá Lögbergi. Hægt er að bregðast við því með því að bera efni reglulega í stígin og gæta þess að jaðrarnir liggi aðeins lægra en miðjan þannig að vatnið renni út fyrir stígin en safnist ekki fyrir á honum.

Þingvellir - Hakið

Megnið af þeim sem heimsækja þjóðgarðinn koma við á Hakinu. Árið 2018 komu rúmlega 1,4 milljónir gesta á Hakið og í fyrra voru þeir rúmlega 1,3 milljónir. Árið 2020 voru gestir um 320 þúsund. Vetrarþjónusta hefur verið veitt síðustu ár þar sem göngustígar og bílastæði eru mokuð og sönduð. Í ljósi COVID-19 mun draga úr þeirri þjónustu í vetur.

Hakið – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	10
Innviðir áfangastaðar	10
Verðmæti áfangastaðar	8,61
Heildareinkunn áfangastaðar	9,28

Úrbætur

Ganga þarf frá jarðveginum í kringum nýju bílastæðin og á milli bílastæðanna. Bæta þarf merkingar frá nýja bílastæði að útsýnispalli við Hakið.

Þingvellir – Silfra og nærumhverfi

Silfra er vatnsfyllt gjá innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Þar hefur verið stunduð köfun og yfirborðsköfun um árabíl og þó nokkur fyrirtæki eru með starfsemi þar. Vetrarþjónustu hefur verið sinnt við Silfru undanfarin ár þar sem stígur og bílastæði hafa verið mokuð og sönduð. Gestir ofan í Silfru hafa verið í kringum 60.000 síðastliðin tvö ár en í ár hefur gestum fækkað vegna COVID-19. Þó nokkur fjöldi gengur að Silfru í venjulegu árferði til þess að fylgjast með köfurum og yfirborðsköfurum og til þess að berja gjána augum. Ekki eru til nákvæmar tölur yfir þá gesti.

Silfra – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,67
Innviðir áfangastaðar	9,44
Verðmæti áfangastaðar	5,89
Heildareinkunn áfangastaðar	7,64

Úrbætur

Endurheimta þarf gróður þar sem rof hefur orðið í gróðurþekjunni en einnig þarf að græða upp hentistíga sem sjást ennþá vel í landslaginu. Vatnsgæðamæling hefur ekki farið fram í Silfru en sú aðgerð var í undirbúningi þegar COVID-19 skall á. Farið verður í þær mælingar þegar færi gefst.

Þingvellir – Öxarárfoss

Öxarárfoss er einn af mest sóttu stöðum þjóðgarðsins á Þingvöllum. Árið 2018 fóru rúmlega 375 þúsund manns upp að Öxarárfossi. Ári síðar fækkaði gestum aðeins og voru þeir tæplega 362 þúsund. Í október á þessu ári höfðu tæplega 190 þúsund manns gengið upp að Öxarárfossi. Engin vetrarþjónusta er á svæðinu en viðvörðunarskilti vegna hálfu eru sett upp þegar líður að hausti.

Öxarárfoss – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,50
Innviðir áfangastaðar	8,89
Verðmæti áfangastaðar	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,38

Úrbætur

Bæta þarf úr því hvernig bannskiltum er komið fyrir á svæðinu. Einnig væri gott að græða upp hentistíga og loka betur svæðum þar sem gestir fara ítrekað út fyrir skipulagða stíga.

Miðhálandið

Friðland að Fjallabaki

www.ust.is/fjallabak

Friðland að Fjallabaki er víðfemt svæði eða um 44.600 hektarar að stærð. Fjallabakssvæðið er hluti af Torfajökulssvæðinu sem er einstakt jarðminjasvæði á heimsmælikvarða. Innan friðlandsins eru mörg háhitasvæði sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir ágangi. Umferð um svæðið er mikil og er þar ferðaþjónusta allt árið um kring. Svæðið er undir talsverðu álagi vegna ágangs ferðamanna. Landvarsla er í friðlandinu frá því það opnar í byrjun sumars og fram í október. Einnig er landvarsla í næsta nágrenni friðlandsins frá miðjum maí og út september sem er gerð út frá starfstöðinni í Hrauneyjum.

Helstu ógnir við verndargildi svæðisins er akstur utan vega sem veldur umtalsverðu tjóni á náttúru friðlandsins. Svæðinu er lokað á vorin á meðan snjóa leysir og frost fer úr jörðu. Stjórnunar- og verndaráætlun er í vinnslu og stefnt á að hún verði tilbúin í byrjun árs 2021.

Fjallabak – Hnausapollur

Hnausapollur gengur einnig undir nafninu Bláhylur og er gígur sem er í alfaraleið við veg nr. 208. Einstefnuvegur liggur upp á gígbarminn þar sem hægt er að leggja bílnum og ganga um svæðið. Bílastæði eru ekki afmörkuð og engir skilgreindir göngustígar. Vegvísir er við veg 208 en engin önnur skilti til staðar. Þetta er fjölsóttur staður þar sem hann er í alfaraleið en gestir staldra stutt við.

Hnausapollur - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,00	5,93
Innviðir áfangastaðar	6,67	5,33
Verðmæti áfangastaðar	8,72	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,38	7,19

Breytingar á milli ára

Lítill breyting milli ára. Innviðir hafa þó orðið fyrir skemmdum, vegvísar og leiðbeinandi skilti.

Úrbætur

Bæta þarf viðhald vega og vegmerkingar. Afmarka þarf bílastæði og skipuleggja göngustíga út frá því. Setja upp upplýsingaskilti.

Fjallabak - Hrafninnusker

Hrafninnusker er um 1000 m.y.s. Þar er tjaldsvæði, gistiskáli og aðgangur að þurrsalernum og nestisaðstöðu sem rekin er af Ferðafélagi Íslands. Gönguleiðin um Laugaveg liggur um staðinn. Vegslóði liggur að skála Ferðafélagsins og er einungis ætlaður til að þjónusta skálann. Hrafninnusker er að mestu

gróðursnautt en viðkvæmt hverasvæði er í nágrenninu. Mikil umferð ferðamanna er um staðinn yfir sumartímann.

Hrafninnusker - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,58	4,81
Innviðir áfangastaðar	7,14	7,08
Verðmæti áfangastaðar	7,76	7
Heildareinkunn áfangastaðar	6,92	6,56

Breytingar á milli ára

Aukning á utanvegaakstri. Salernismál hafa verið bætt og allur úrgangur fluttur af svæðinu.

Úrbætur

Koma í veg fyrir utanvegaakstur með skýrari reglum um akstur á svæðinu. Auka eftirlit og bæta upplýsingagjöf með skiltum og vegvísunum.

Fjallabak - Landmannahellir

Í Landmannahelli eru tjaldsvæði og fjallaskálar til útleigu og einkanota. Skáli landvarða er einnig í Landmannahelli. Nokkrar gönguleiðir liggja um og frá Landmannahelli. Hestaumferð er talsverð og aðstaða fyrir hesta er í gerði á svæðinu. Umferð um svæðið er mikil þar sem vinsælar hjóla-, göngu- og reiðleiðir liggja út frá Landmannahelli.

Landmannahellir - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5	5,19
Innviðir áfangastaðar	5,33	5,56
Verðmæti áfangastaðar	6,73	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,99	6,40

Breytingar á milli ára

Gerð voru bílastæði við fjallaskála, settar upp nýjar girðingar meðfram vegum og bílastæðum.

Úrbætur

Endurnýja þarf deiliskipulag og gera heildar skipulag um uppbyggingu á svæðinu sem er í vinnslu. Gera þarf bílastæði, áningastaði og setja upp fræðslu- og upplýsingaskilti. Auka þarf landvörslu á svæðinu.

Fjallabak - Landmannalaugar

Landmannalaugar er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á hálendi Íslands allt árið um kring. Ferðafélag Íslands rekur gístaðstöðu í skála og tjaldsvæði ásamt salernisaðstöðu. Heit laug á svæðinu hefur mikið aðdráttarafl. Talsverð umferð hesta er um staðinn. Verslun og veitingasala er í rútum yfir sumartímamann og aðstaða fyrir starfsfólk í gámum. Margar gönguleiðir eru út frá Landmannalaugum og hefst ganga um Laugaveg þar, en jafnframt er mikið um daggesti sem fara í styttri göngur. Samkvæmt talningum árið 2019 komu 71.483 gestir í Landmannalaugar á tímabilinu 1. júlí – 30. september. Árið 2020 komu á sama tímabili 41.588 gestir.

Landmannalaugar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,00	4,81
Innviðir áfangastaðar	5,76	4,29
Verðmæti áfangastaðar	6,35	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,90	5,98

Breytingar á milli ára

Minna álag af völdum ferðamanna, færri ferðamenn. Stýring á svæðinu bætt með endurnýjun girðinga. Viðvera landvarða, fræðsla og upplýsingagjöf aukin. Aukið samstarf við rekstraraðila á svæðinu og Hálendisvakt Landsbjargar.

Úrbætur

Auka þarf viðhald á vegum, hanna og byggja bílastæði og rúrustæði. Bæta þarf skipulag tjaldsvæðis og svæði fyrir húsbíla. Endurnýja þarf göngustíga um votlendið. Lengja þarf landvarðatímabilið og setja upp aðstöðu fyrir landverði til að miðla fræðslu og upplýsingum til gesta.

Fjallabak - Laugahringur

Laugahringur er fjölfarnasta gönguleiðin í friðlandinu og upphaf gönguleiðarinnar um Laugavegin. Stærsti hluti gesta sem koma í friðlandið ganga þennan hring, ýmist að hluta eða allan hringinn.

Laugahringur – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,25	6,30
Innviðir áfangastaðar	7,22	7,22
Verðmæti áfangastaðar	6,88	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,84	7,09

Breytingar á milli ára

Framkvæmdir við annan áfanga uppbyggingar gönguleiðarinnar var haldið áfram. Aukið eftirlit landvarða og aukið við leiðbeinandi skilti og stikum um Grænagil fjölgað og þær lagfærðar.

Úrbætur

Halda áfram framkvæmdum við annan áfanga uppbyggingar gönguleiðarinnar, auka viðveru landvarða á svæðinu og setja upp fræðslu- og upplýsingaskilti.

Fjallabak - Laugavegur

Gönguleiðin Laugavegur er fjölfarin hálendisgönguleið og einnig vinsæl hjólaleið. Gönguleiðin liggur frá Landmannalaugum í Þórsmörk. Niðurstöður talninga við Kaldaklofskvísl sýna að árið 2019 á tímabilinu 1. júlí – 30. september fóru 11.386 um þann hluta Laugavegarins. Gönguleiðin liggur frá Landmannalaugum í Þórsmörk. Hluti leiðarinnar er innan Friðlands að Fjallabaki og er hér gert ástandsmat á leiðinni frá Brennisteinsöldu að friðlandsmörkum sunnan við Hrafninnusker.

Laugavegur - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,00	5,19
Innviðir áfangastaðar	5,71	7,14
Verðmæti áfangastaðar	6,79	6
Heildareinkunn áfangastaðar	6,13	6,14

Breytingar á milli ára

Svæðið opnaði tæpum mánuði seinna en árið 2019 og færri ferðamenn vegna Covid-19.

Úrbætur

Auka þarf landvörslu og eftirlit með gönguleiðinni. Fjármagn þarf í árlegt viðhald á afmörkuðum hlutum hennar. Afmarka þarf útsýnisstaði og girða af viðkvæm svæði eins og hverasvæði. Bæta þarf upplýsingagjöf með fræðsluskiltum og vegvísunum.

Fjallabak – Ljótípollur

Ljótípollur er einn af mörgum gígum sem varð til í Veiðivatnagosinu árið 1477 og er talinn vera einn af þeim heillegustu og fegurstu. Gígurinn er nú orðinn þekktur á lands- og heimsvísu í gegnum samfélagsmiðla. Umferð að gígnum hefur aukist umtalsvert undanfarin ár. Gígurinn er stutt frá vegi nr. 208 og því í alfaraleið. Hægt er að ganga á gíginn ýmist frá vegi 208, frá bílastæði við rætur gígsins eða með því að aka upp á gígbarminn.

Ljótípollur - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,58	5,56
Innviðir áfangastaðar	4,81	5,42
Verðmæti áfangastaðar	7,44	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,13	6,44

Breytingar á milli ára

Minni umferð var um svæðið árið 2020. Sett var upp lokunarskilti á veginn upp á gíginn að vestanverðu og upplýsingar um að umræddur vegur sé lokaður vegna jarðminja og gróðurverndar. Enn er ekið utan vegar á og við gíginn.

Úrbætur

Gera þarf betra bílastæði við rætur gígsins að vestanverðu. Einnig þarf að afmarka betur bílastæði upp á gígnum. Afmá þarf vegslóðann í hlíð gígsins að vestan og stöðva þar frekara rof. Koma þarf í veg fyrir að ekið sé utan vega með meira viðhaldi og vegi og afmörkun bílastæða. Setja þarf upp fræðsluskilti og vegvísa. Stika þarf betur gönguleiðir og gera þær skýrari.

Fjallabak - Rauðifoss og Rauðufossakvísl

Rauðifoss er orðin mjög þekktur á lands- og heimsvísu og undanfarin ár hefur orðið umtalsverð fjölgun á gestum sem leggja leið sína að fossinum. Margir fara ekki lengra en að fossinum en þó hefur einnig aukist umferð upp með Rauðufossakvísl fyrir ofan fossinn að upptökum árinna.

Rauðifoss– ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	3,33	5,19
Innviðir áfangastaðar	5,00	4,29
Verðmæti áfangastaðar	5,51	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	4,92	5,37

Breytingar milli ára

Göngustígur frá bílastæði að Rauðafossi var endurgerður og útsýnisstaður gerður við fossinn. Margir gamlir vegslóðar liggja í átt að fossinum og eru mikil lýti í landslaginu. Byrjað var í sumar að plægja þá upp og unnið er að því að afmá þá. Umferð heldur áfram að aukast og bílastæði annar ekki þeim fjölda sem heimsækir svæðið. Vegur að bílastæði fer versnandi vegna aukinnar umferðar og talsvert um utanvegaakstur.

Úrbætur

Gera nýtt bílastæði og stækka það. Fara í viðhald á vegi sem liggur að bílastæði. Halda áfram gerð náttúrustígs frá Rauðafossi að upptökum árinna. Halda áfram upprætingu gamalla vegslóða. Setja upp fræðsluskilti og vegvísa. Auka landvörslu á svæðinu.

Fjallabak – Stútur

Gígurinn Stútur varð til í Veiðivatnagosinu árið 1477 og er á syðsta hluta um 60 km langrar gossprungu sem myndaðist í því gosi. Gönguleið liggur upp á gíginn frá vegi nr. 208 og er því í alfaraleið.

Stútur – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,81
Innviðir áfangastaðar	4,29
Verðmæti áfangastaðar	4,67
Heildareinkunn áfangastaðar	4,59

Úrbætur

Gera þarf bílastæði, setja upp upplýsingaskilti og vegvísa. Græða þarf upp villustíga sem liggja í hlíðum gígsins og tryggja, með betri lokunum, að ekki sé gengið um þá. Auka þarf eftirlit yfir sumartímann og auka viðhald á gönguleiðinni.

Fjallabak – Suðurnámur

Suðurnámur er um 920 metra hátt líparítfjall í norðurjaðri Torfajökulsöskjunnar. Vinsæl gönguleið liggur upp á fjallið frá vegi F224 og er hún metin hér. F224 liggur í Landmannalaugar og er því gönguleiðin í alfaraleið.

Suðurnámur – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,19
Innviðir áfangastaðar	5,19
Verðmæti áfangastaðar	4,67
Heildareinkunn áfangastaðar	4,92

Úrbætur

Ástand gönguleiðarinnar er verst þar sem gengið er upp á Sigöldu frá vegi nr. F224. Breyta þarf legu á upphafi gönguleiðarinnar þannig að hún falli betur að landslaginu og gera nýjan náttúrustíg. Stoppa þarf jarðvegsrof og græða upp villustíga. Setja þarf upp upplýsingaskilti og endurnýja vegvísa. Bæta þarf aðgengi við veg F224 og skoða möguleika á að gera lítið bílastæði.

Fjallabak – Vondugiljaaurar og Brennisteinsalda

Gönguleið á Brennisteinsöldu liggur m.a. um Vondugiljaaura. Þá er beygt út af Laugaveginum sunnan megin á aurunum og gengið eftir gróinni fjallshlíðinni. Leiðin liggur að hluta um votlendi. Uppganga á Brennisteinsöldu er um gróið bratt svæði. Brennisteinsalda er eitt þekktasta kennileitið á svæðinu og vinsælt til myndatöku.

Vondugiljaaurar – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,19
Innviðir áfangastaðar	6,19
Verðmæti áfangastaðar	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	5,88

Úrbætur

Ástand gönguleiðarinnar er verst þar sem gengið er upp frá Vondugiljaaurum. Skoða þarf að breyta legu stígarins á kafla vegna viðkvæms gróðurfars. Stöðva þarf jarðvegsrof á leiðinni þar sem uppganga hefst og byggja upp náttúrustíg. Setja þarf göngupalla yfir votlendissvæði. Setja þarf upp upplýsingaskilti og endurnýja vegvísa. Græða þarf upp villustíga.

Hveravellir

www.ust.is/hveravellir

Hveravellir eru friðlýst náttúruvætti á miðjum Kili. Svæðið býr yfir einstaklega vatnsríkum hverum, sem jafnvel má telja þá tærustu á landinu. Einkar miklar og fagurlitaðar útfellingar fylgja hverasvæðunum. Svæðið er sennilega aðalviðkomustaður ferðamanna á leið þeirra yfir Kjalveg, en flestir koma þar við og dvelja part úr degi. Aðrir kaupa gistingu hjá Hveravallafélaginu og vinsælt er að stökkva ofan í heita laug, sem nýtir affallsvatn af hverasvæðinu. Umferðin er að mestu leyti bundin við sumarmánuði, en ávallt er einhver vetrarumferð að Hveravöllum.

Hveravellir – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,08	6,88
Innviðir áfangastaðar	8,67	8,89
Verðmæti áfangastaðar	5,58	6,56
Heildareinkunn áfangastaðar	6,73	7,25

Breytingar milli ára

Litlar sem engar breytingar urðu á stöðu verndarsvæðisins milli ára. Teljari var settur upp, en hann bilaði og ekki fengust gögn fyrir fjölda ferðamanna sumarið 2020.

Úrbætur

Skoða þarf lausagöngu sauðfjár innan verndarsvæðisins vegna sýnilegra skemmda á hverahrúðri. Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Sinna þarf viðhaldi á göngupalli.

Kerlingarfjöll

www.ust.is/kerlingarfjöll

Kerlingarfjöll eru mikill fjallaklasi á Kili, suðvestur af Hofsjökli. Fjöllin og nágrenni þeirra, alls 344 km², voru friðlýst sem landslagsverndarsvæði sumarið 2020. Verndargildi svæðisins byggist fyrst og fremst á jarðfræðilegri sérstöðu, fögru landslagi og óbyggðum víðernum þar sem mikil tækifæri eru til útivistar. Í dag er skíðafólk á svæðinu á vorin og snemma sumars, en eftir það er göngufólk í miklum meirihluta yfir sumarið. Ferðamennska er að mestu leyti bundin við sumarmánuðina. Fjallvegir opnast um miðjan júní og er umferð um svæðið fram eftir hausti, jafnvel fram í október eða nóvember. Ávallt er þó einhver jeppaumferð á veturna á meðan færð leyfir. Nýlegur umferðarteljari gefur til kynna að 16.000-18.000 gestir hafi heimsótt fjöllin sumarið 2020. Gönguleiðabæklingur kom út sumarið 2020 sem bætti almenna upplýsingagjöf til ferðamanna á svæðinu öllu.

Kerlingarfjöll – Ásgarður

Aðalþjónustusvæðið í Kerlingarfjöllum er í Ásgarði. Þar er rekin margþætt þjónusta við ferðamenn og hægt er að gista á tjaldsvæði, í svefnpokaplássi, kaupa skálagistingu eða hótélherbergi. Veitingaþjónusta er einnig til staðar, auk eldunaraðstöðu fyrir gesti. Nær allir sem eiga leið í Kerlingarfjöll koma við í Ásgarði. Frá Ásgarði liggja vinsælar gönguleiðir yfir í Neðri-Hveradali og að náttúrulegum við Ásgarðsá.

Ásgarður – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,71
Innviðir áfangastaðar	7,04
Verðmæti áfangastaðar	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,99

Úrbætur

Bæta þarf upplýsingagjöf til gesta á svæðinu. Nokkur átroðningur er á gróðri við laugarstíg og upphaf leiðar yfir í Hveradali. Efla þarf stýringu og afmörkun gönguleiða. Stöðva þarf jarðvegsrof í árbakka á laugarstíg, stígurinn hefur farið hratt breikkandi þar sem brekkan er að skriða fram. Úttekt þarf að gera á laugarstígnum og huga að uppbyggingu hans sem sjálfbærns náttúrustígs. Við sömu úttekt þarf að meta hvort breyta eigi legu stígsins.

Kerlingarfjöll – Hveradalir

Hveradalir eru sennilega helsta aðdráttarafli gesta í Kerlingarfjöllum. Mikill jarðhiti í litríkum fjallasölum skapa þar einstakt landslag og er tækifæri til að njóta þess á nokkrum mismunandi gönguleiðum. Lítið er

um innviði í Hveradölum og áberandi skortur á stýringu, en þar eru þó þrjár göngubrýr yfir ár og læki, ásamt þrepum í bröttum brekkum.

Hveradalir - ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,04
Innviðir áfangastaðar	5,56
Verðmæti áfangastaðar	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	5,89

Úrbætur

Styrkja þarf nær alla innviði í Hveradölum. Leggja þarf göngupall meðfram viðkvæmu hverasvæði sem er undir sífelldum átroðningi, ásamt því að bæta við göngubrú yfir Ásgarðsá. Átak þarf að gera í stýringu á umferð með afmörkunum og er stefnt að uppsetningu girðinga við viðkvæmustu svæðin 2021, auk leiðbeinandi tákmynda. Loka þarf villuslóðum og afmarka stíga þar sem þeir liggja meðfram viðkvæmum jarðminjum eða hafa breitt úr sér óþarflega mikið. Gera þarf heildarúttekt á núverandi neti gönguslóða í Hveradölum, með það í huga að vinna úrbótaáætlun fyrir uppbyggingu sjálfbærra náttúrustíga. Algjör skortur er á upplýsingagjöf, en ný upplýsingaskilti eru klár og verða sett upp vorið 2021. Þörf er á að merkja og afmarka bílastæði betur og loka sjálfsprottnum bílastæðum meðfram veginum að Hveradölum, ásamt því að ráðast þarf í vegbætur.

Kerlingarfjöll – Keis

Á Keis er að finna upphaf vinsælla gönguleiða á fjöllin Fannborg, Snækoll og Loðmund, þar sem finna má einstakt útsýni á miðju hálendinu. Að svæðinu liggur illfær vegslóði og bílum er lagt á nokkrum óafmörkuðum bílastæðum. Óskýr afmörkunum bílastæða veldur óþarfa álagi á svæðinu. Ómerktar gönguleiðirnar kvíslast niður að mismunandi bílastæðum þegar gengið er niður af Fannborg.

Keis – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,04
Innviðir áfangastaðar	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,71

Úrbætur

Ráðast þarf í vegbætur á veginum sem liggur frá Ásgarði að Keis og Hveradölum. Skipuleggja þarf bílastæði á Keis betur, merkja þau og afmarka, ásamt því að loka sjálfsprottnum bílastæðum. Stika þarf upphaf gönguleiða að fjallsrótum Fannborgar og á vissum köflum uppi á fjöllum sjálfum. Skortur er á upplýsingagjöf til ferðamanna, en þar verður framför þegar upplýsingaskilti verða sett upp 2021.

Vatnajökulsþjóðgarður – Hálendi Skaftárhrepps

<https://vatnajokulsthodgardur.is>

Hálendi Skaftárhrepps innan Vatnajökulsþjóðgarðs ber þess greinileg merki að vera hluti gosbeltis. Umbrotahrinur og barátta elds og íss hafa mótað landslagið sem ber merki mikilla flæðigosa á löngum gossprungum í SV-NA stefnu. Við slík gos undir jökli myndast móbergshryggir, eitt af einkennum svæðisins, en utan jökuls standa eftir gígaraðir og víðáttumikil hraun sem minnismerki um átökin. Vegir liggja vítt um svæðið og umferð töluverð að sumrinu. Umhverfið er víða afar viðkvæmt fyrir raski, einkum þar sem mosi er ráðandi gróður og því mikilvægt að stýra umferð fólks eftir völdum leiðum. Skaftá setur líka gjarnan mark sitt, bæði á umhverfi sitt og ferðatilhögun gesta, með jökulhlaupum og því er ein af áskorunum í landvörslu svæðisins að tryggja öryggi gesta sem best.

Vatnajökulsþjóðgarður – Eldgjá

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/laki-eldgja-langisjor>

Eldgjá er um 75 km löng gossprunga og nær frá Mýrdalsjökli langleiðina að Vatnajökli. Sá hluti gjárinnar sem í daglegu tali nefnist Eldgjá er um 8 km að lengd, 600 m á breidd og 150 m þar sem hún er dýpst. Stuttur afleggjari liggur af Fjallabaksleið nyrðri að bílastæði í Eldgjá. Stór hluti þeirra sem fara Fjallabak staldra við í Eldgjá, nýta salerni og nokkur hópur gengur inn að Ófærufossi, um 2,5 km leið. Þarna er einnig áningarstaður gönguhópa á leiðinni milli Sveinstinds og Hólaskjól. Gestakomur fylgja opnun vegar, vanalega frá miðjum júní fram í byrjun október. Sumarið 2020 komu rúmlega 5000 gestir að þjónustuhúsunum í Eldgjá.

Eldgjá – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,81
Innviðir áfangastaðar	9,07
Verðmæti áfangastaðar	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	9,08

Úrbætur

Búið er að loka allnokkrum gömlum villustígum, en uppgræðslu þeirra er ekki lokið. Vinna við að græða upp gamla stíga heldur áfram. Göngustígur upp á Gjáarbarm þarfnast viðhalds.

Vatnajökulsþjóðgarður – Laki

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/laki-eldgja-langisjor>

Fjallið Laki er móbergsfjall sem stendur upp úr Lakagígaröðinni, um 25 kílómetra langri gígaröð. Vinsæl gönguleið liggur yfir Laka. Árið 2020 heimsóttu 5200 gestir Laka á tímabilinu júlí til september.

Laki – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,44
Innviðir áfangastaðar	8,15
Verðmæti áfangastaðar	8,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,52

Úrbætur

Göngustígur upp á Laka að sunnan/austan er ónothæfur vegna vatnsskemmda. Búið að fá styrk til endurbóta og áætlað að framkvæmdir hefjist næsta sumar. Mikil ummerki eru eftir gamla umferð vítt og breitt um gígana. Búið að loka villustígum en mikið er ógert í uppgræðslu á þeim. Uppgræðsla og mosaflutningar halda áfram jafnt og þétt.

Vatnajökulsþjóðgarður – Langisjór

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/laki-eldgja-langisjor>

Langisjór er um 20 km langt og 2 km breitt stöðuvatn í jaðri Vatnajökuls. Sumarið 2020 komu um 2200 manns inn að Langasjó á tímabilinu júlí til september.

Langisjór – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,07
Innviðir áfangastaðar	8,96
Verðmæti áfangastaðar	9,33
Heildareinkunn áfangastaðar	9,18

Úrbætur

Til staðar nokkur góð skilti, þarf að uppfæra önnur smærri. Þörf á að bæta í viðveru landvarðar á staðnum. Stígur á Sveinstind þarfnast lítilsháttar lagfæringa.

Vatnajökulsþjóðgarður – Tjarnargígur

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/laki-eldgja-langisjor>

Tjarnargígur er hluti af Lakagígaröðinni, einstaklega fallegur gígur sem, eins og nafnið bendir til, skartar stöðuvatni í botninum. Frá bílastæðinu liggur stutt og greiðfarin gönguleið inn að barmi Tjarnargígs þar sem mjög fallett útsýni er yfir gíginn. Einnig er hægt að ganga hring sem liggur að stærstum hluta um stóra hrauntröð (Eldborgarfarveginn). Um 3400 af þeim sem keyrðu Lakahringinn í sumar stöldruðu við í Tjarnargíg og gengu a.m.k. að útsýnispallinum á gígbarminum.

Tjarnargígur – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,44
Innviðir áfangastaðar	9,58
Verðmæti áfangastaðar	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	9,08

Úrbætur

Mikil ummerki eftir gamla umferð vítt og breitt um gígana. Búið að loka villustígum en mikið ógert í uppgræðslu á þeim. Uppgræðsla og mosaflutningar halda áfram jafnt og þétt.

Vatnajökulsþjóðgarður – hálandið norðan Vatnajökuls

Svæðið sem um ræðir inniheldur Snæfell, Krepputunga, Hvannalindir, Kverkfjöll, Herðubreiðarlindir og Herðubreið, Öskju, Holuhraun, Dyngjufjalladal, Trölladyngju, Gæsavötn, Gjallanda og Nýjadal.

Flestir gestir koma á vélknúnum farartækjum á eigin vegum en einnig er nokkuð um ferðir undir leiðsögn ferðapjónustuaðila. Algengustu ferðaleiðir eru færar jepplingum, en einnig er mikið um torleiði sem krefjast sérútbúinna jeppabifreiða. Nokkur ásókn er í göngu milli gistiskála (Lónsöræfi-Snæfell og Öskjuvegur), en einnig hefur færst í vöxt að ofurhugar komi hjólandi eða fótgangandi í langferðum (t.d. “strönd til strandar”). Í hefðbundnu árferði eru erlendir ferðamenn stærstur hluti gesta að sumarlagi, en Íslendingar í vetrarferðum.

Almennt er gott aðgengi að svæðinu seinnipart júní, háönn júlí – ágúst og undanfarin ár að jafnaði verið fært fram í október. Innan áfangastaða að sumarlagi fara nánast allir gestir um gangandi. Þess utan krefjast heimsóknir á svæðið tækja eða útbúnaðar til ferðalaga á snjó. Að vori, er svæðið óaðgengilegt vegna leysinga.

Svæðinu hefur almennt verið mjög vel sinnt m.t.t. þarfar á landvörslu og rík áhersla lögð á fræðslu, forvarnir og góða upplifun. Innviðauppbygging hefur gengið skv. áætlunum og viðhaldi innviða almennt sinnt af landvörðum.

Vatnajökulsþjóðgarður - Askja

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/odadahraun/natturutulkun-og-fraedsla/um-oskju>

Um 8 km langur afleggjari liggur frá þjónustusvæði í Drekgili að Vikraborgum í Öskju. Frá bílastæðinu er 2,3 km gangur að Víti og Öskjuvatni. Landvarsla á svæðinu er mjög virk og fræðsluferðir í boði daglega á háönn. Flestir gestir koma á vélknúnum farartækjum, en einstaka gestur kemur hjólandi (eftir vegi) eða gangandi (að norðan).

Gestafjöldi í hefðbundnu árferði hefur verið allt að 20 þúsund en var árið 2020 um 10 þúsund. Á háönn 2020 var meðalfjöldi gesta á dag 175 manns, miðað við rúmlega 300 þegar mest lét, árið 2017.

Askja – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,67
Innviðir áfangastaðar	10,0
Verðmæti áfangastaðar	9,33
Heildareinkunn áfangastaðar	9,58

Úrbætur

Í áætlunum hefur verið miðað að takmörkuðum innviðum, í takt við staðaranda og þolmörk svæðis og lauk uppbyggingu miðað við það árið 2020. Ástand svæðis almennt gott, en vegna hás verndargildis og fjölda gesta eru jarðminjar hluti af “Vöktun náttúruverndarsvæða” sem Náttúrustofa Norðausturlands leiðir á svæðinu í samstarfi við þjóðgarðinn.

Vatnajökulsþjóðgarður – Drekgil

Í Drekgili hefur verið skilgreidd *hálandismiðstöð* norðan Vatnajökuls, enda er þar að finna meginstarfsstöð landvarða Vatnajökulsþjóðgarðs á hálandi norðursvæðis. Á svæðinu rekur FA gistiskála og tjaldsvæði sem eru stærsti næturvalarstarður á hálandinu norðan Vatnajökuls. Flestir koma akandi (fært jepplingum), að austan um veg F910 (með viðkomu í Herðubreiðarlindum eða Krepputungu). Aðrir koma um torleiði, á breyttum bílum vestan úr Nýjadal (um Gæsavötn) eða að norðan um Dyngjufjalladal.

Drekgil – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,67
Innviðir áfangastaðar	9,33
Verðmæti áfangastaðar	8,44
Heildareinkunn áfangastaðar	8,73

Úrbætur

Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu undanfarin ár, nú síðast með byggingu aðstöðuhúss Ferðafélagsins fyrir tjaldgesti. Ásýnd þjónustusvæðis mætti vera heildstæðari. Deiliskipulag þyrfti að ná yfir stærri hluta þjónustusvæðis og þarfnast endurskoðunar, áætlað árið 2022. Þrátt fyrir að á köflum hafi tekist mjög vel að fella vatnslögn inni í Drekgili að landslagi, stingur hún í stúf við umhverfið á ákveðnum stöðum en frekari úrbætur kerfðust mikils jarðrasks eða nýrrar vatnsveitu sem vandséð er að yrði vistvænni en nú er.

Vatnajökulsþjóðgarður – Herðubreiðarlindir

Herðubreiðarlindir urðu hluti af Vatnajökulsþjóðgarði árið 2019 (hluti Herðubreiðarfriðlands frá 1974). Svæðið er 60 km sunnan þjóðveggar 1 og eru þrjú vöð á leiðinni. Flestir koma á vélknúnum farartækjum, en einstaka kemur hjólandi. Landvarsla á svæðinu er virk og fræðsluferðir í boði daglega á háönn.

Fjöldi gesta í Herðubreiðarlindum helst mjög í hendur við gestafjölda í Öskju, en viðvöl almennt mun skemmri. Næturgestum í skála eða tjaldsvæði FA hefur fækkað í áranna rás, en jókst sumarið 2020.

Herðubreiðarlindir – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,33
Innviðir áfangastaðar	8,18
Verðmæti áfangastaðar	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,22

Úrbætur

Lág einkunn skýrist af ferli innviðauppbyggingar og áætlanagerðar sem enn eru í vinnslu. Árið 2020 var unnið að verulegum endurbótum á merkingum og gerð fræðsluskilta sem áætlað er að sett verði upp 2021, sem saman mun stuðla að lágmörkun álags. Vöktun sem tekur til álags á gönguleiðum, ásamt vöktun fuglalífs og gróðurs hófst 2020. Með áframhaldandi vöktun og sambærilegri landvörslu er ekki talin þörf á úrbótum.

Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins hefst formlega 2021 og gert er ráð fyrir deiliskipulagsvinnu fyrir þjónustusvæðið árið 2023.

Vatnajökulspjóðgarður – Holuhraun

Holuhraun varð til í eldgosi á árunum 2014 - 15. Vegur F910 liggur meðfram hrauninu norðanverðu. Flestir gestir koma akandi úr Drekgili, aðrir að vestan. Gönguleiðir hafa verið merktar í hrauninu, en utan þeirra ver hraunið sig sjálfst sökum þess hve torfært það er. Verndargildi Holuhrauns er hátt og vjöktun á ástandi mikilvæg. Vísindalegt gildi hátt og mikil ásókn vísindamanna. Virk landvarsla er á svæðinu og fræðsluferðir í boði daglega á háönn.

Fjöldi gesta sem fer um svæðið hefur verið talinn frá 2015 og var mestur rétt eftir gos en var 2020 áætlaður um 2.000 manns.

Holuhraun – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,33
Innviðir áfangastaðar	9,63
Verðmæti áfangastaðar	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	8,37

Úrbætur

Uppbyggingu innviða hefur verið haldið í algeru lágmarki í takt við umlykjandi víðerni og staðaranda og ekki er áformuð frekari uppbygging á svæðinu.

Vatnajökulsþjóðgarður – Hvannalindir

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/odadahraun/natturutulkun-og-fraedsla/um-hvannalindir>

Þjónustusvæðið við Hvannalindir er við veg F903 í Krepputungu. Rúmlega 2000 manns heimsækja/keyra í gegnum svæðið árlega, megnið eru erlendir ferðamenn. Gestir ferðast um svæðið á jeppum. Vegur í Hvannalindir opnar um leið og gæsavarpí lýkur og eru gestir á svæðinu þar til vegir verða ófærir á haustin. Megnið af gestum er á svæðinu um háönn í júlí og ágúst og ferðast um svæðið á leið úr / í Kverkfjöll með viðkomu í Hvannalindum. Á bílastæði inn við rústir undir Kreppuhrygg, er upphaf þrigga stikaðra gönguleiða og er sú sem liggur að rústum vinsælust meðal Íslendinga.

Landverðir hafa aðsetur í Hvannalindum og sinna náttúruvöktun, fræðslu og eftirliti á svæðinu, löng hefð er fyrir landvörslu á svæðinu.

Hvannalindir - ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	9,63
Innviðir áfangastaðar	8,57
Verðmæti áfangastaðar	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	8,84

Úrbætur

Ástand svæðisins er almennt gott en í samvinnu við Minjastofnun er æskilegt að laga aðgengi að rústum og vernda þær betur fyrir ágangi ferðamanna. Árið 2021 verður unnið að deiliskipulagi fyrir svæðið.

Vatnajökulsþjóðgarður - Snæfell gönguleið

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/svaedin/odadahraun/natturutulkun-og-fraedsla/um-hvannalindir>

Gönguleiðin á Snæfell er 1,5 km sunnan við þjónustusvæðið í Snæfellsskála (F909).

Snæfellssvæðið er það svæði þjóðgarðsins sem opnar síðast á sumrin vegna þess hversu snjópungt það er, algengt er að vegurinn opni í byrjun júlí og sé fær fram eftir hausti. Um 2500 manns heimsækja svæðið yfir sumartímann. Landverðir eru á svæðinu frá því að vegir opna og þar til veiðitímabili lýkur 20. september. Fjöldi slóða og gönguleiða er á Snæfellsöræfum, sem einnig er afréttur og veiðisvæði og veiðmenn eru tíðir gestir á svæðinu. Gönguleiðin á Snæfell er vinsælasti áningastaðurinn á svæðinu, fyrir utan Snæfellsskála þar sem er gisting og tjaldsvæði. Um 400 manns gengur á Snæfell árlega.

Snæfell gönguleið - ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	10,0
Innviðir áfangastaðar	9,58
Verðmæti áfangastaðar	10,0
Heildareinkunn áfangastaðar	9,89

Suðvesturland

Höfuðborgarsvæði

Á höfuðborgarsvæðinu hafa verið metnir 29 vinsælir áfangastaðir. Innan marka þéttbýlis eða í grennd við það má finna 32 friðlýst svæði: 8 friðlönd, 13 náttúruvætti, 9 fólkvangar og 2 búsvæði. Flest öll svæðin eru vinsælir áfangastaðir bæði fyrir heimamenn og ferðamenn.

Álafoss

www.ust.is/alafoff

Álafoss er náttúruvætti sem friðlýst var árið 2013. Friðunin verndar fossinn við Varmá og Álanesskóg sem er meðal elstu birkiskóga á höfuðborgarsvæðinu. Náttúruvættið er vinsælt útivistarsvæði sem er staðsett við Varmá í þéttbýli Mosfellsbæjar. Svæðið er mikið nýtt af almenningi allt árið um kringum sem og af ferðamönnum. Það er stutt að fara fyrir ferðamenn sem eru að heimsækja Álafossreitinn.

Álafoss – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,08	8,52
Innviðir áfangastaðar	8,00	8,00
Verðmæti áfangastaðar	5,48	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,50	7,07

Breytingar á milli ára

Vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir náttúruvættið lauk í nóvember 2020 og hefur áætlunin öðlast gildi. Viðvera landvarða á vegum Umhverfisstofnunar var aukin. Til þess að komast að útsýnistöðum við fossinn, minjunum og upplýsingaskiltum þarf enn að fara út fyrir stíga, þar eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem eru ekki hafnar. Náttúrulegur gróður er á miklu undanhaldi vegna ágengra og óæskilegra tegunda sem vaxa á svæðinu. Aukin umferð var á svæðinu vegna Covid-19.

Úrbætur

Hefja þarf áætlaðar framkvæmdir, sérstaklega göngubrú og göngustíg að skilti til að koma í veg fyrir að gestir gangi utan þeirra til að komast að útsýnistöðum og fræðsluskiltum og loka þarf villustígum. Halda þarf lúpínu og öðrum ágengum tegundum í skefjum. Hlúa þarf að menningarminjum sem eru á svæðinu. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur svæðin.

Ásfjall og Ástjörn-Fólkvangur

www.ust.is/asfjall

Ástjörn og Ásfjall í Hafnarfirði voru friðlýst sem fólkvangur árið 1996. Fólkvangurinn umlykur friðland Ástjarnar en Ástjörn og svæðið umhverfis hana var friðlýst árið 1978. Fólkvangurinn er í þéttbýli og er vinsæll til útivistar allt árið um kring.

Ásfjall – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,19	5,42
Innviðir áfangastaðar	7,78	7,33
Verðmæti áfangastaðar	5,38	5,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,20	6,06

Breytingar á milli ára

Göngustígur sem í raun er einungis troðningur, er orðin mjög slitinn og runnið hefur úr honum á mörgum stöðum. Einnig er hann blautur á stöku stað og þolir hann því ekki hjólaumferð. Einn stígur liggur upp á fjallið frá vegvísi norðan megin. Margir villustígar eru á svæðinu sem eru misskýrir í lúpínubreiðunum og ekki er vitað til að þeim sé viðhaldið. Hjólreiðamenn nýta stígana á fjallinu ásamt göngufólki en vinsældir fjallahjólreiða sem ferðamáta hafa aukist á undanförunum árum. Aukin umferð var á svæðinu vegna Covid-19.

Úrbætur

Bæta þarf skipulag stíga á sjálfu fjallinu, loka villustígum og auðkenna þær leiðir sem til stendur að nýta áfram með merkingum eða með því að bæta sýnileika þeirra. Afmarka þarf sérstakar hjólaleiðir ef umferð hjóla eykst á sjálfu fjallinu til að minnka líkur á árekstrum milli hjóla- og göngufólks þar sem stígar eru þröngir og erfitt að mætast. Til að auðvelda aðgengi að útsýnisskífu og koma í veg fyrir óþarfa árekstra er mælt með að útbúa stíg að skífunni. Stígar eru einnig að verða mjög slitnir og þarfnast viðhalds í samræmi við notkun sem er mikil. Þar sem mikil lúpína og annar ágengur aðkomugróður eru að dreifa sér um svæðið þarf að fara í átak til að stemma stigu útbreiðslu þeirra.

Ástjörn

www.ust.is/astjorn

Ástjörn í Hafnarfirði og svæðið umhverfis hana var friðlýst sem friðland árið 1978. Tjörnin og svæðið umhverfis hana einkennist af mjög auðugu gróður- og dýralífi. Ástjörn er afar vinsælt svæði til útivistar fyrir almenning og ferðamenn allt árið um kring. Göngustígur liggur umhverfis tjörnina. Gangandi fólk er heimil för um svæðið en á varptíma fugla á tímabilinu 1. maí - 15. júlí er öll umferð um svæðið óheimil, nema gangandi fólk á stígum.

Ástjórn – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,25	5,56
Innviðir áfangastaðar	7,62	7,33
Verðmæti áfangastaðar	5,77	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,37	6,27

Breytingar á milli ára

Mikil lúpína og annar ágengur aðkomugróður er að dreifa sér um svæðið sem annars einkennist af votlendisgróðri og lágvöxnum gróðri í hrauninu. Umhverfisstofnun var aðeins á svæðinu í ár með sumarstarfsmenn og sjálfboðaliða til að slá lúpínu og taka fræ. Vegna Covid-19 jókst umferð á svæðinu.

Úrbætur

Halda þarf áfram aðgerðum til að stemma stigu við lúpínu og öðrum ágengum tegundum plantna sem eru að dreifa sér inn á friðlandið. Endurnýja þarf skilti, bæði fræðsluskilti og bannskilti (setja þarf bannskilti á stíga sem liggja inn á svæðið). Auka þarf eftirlit landvarða á varp- og ungatíma, til að fylgja eftir banni við umferð um svæðið á þeim tíma. Setja þarf upp teljara til að telja hversu margir gestir heimsækja friðlandið. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk friðlandsins .

Bakkatjörn

www.ust.is/bakkatjorn

Bakkatjörn á Seltjarnarnesi var friðlýst sem friðland árið 2000. Friðlandið er mjög vinsælt útivistar- og fuglaskoðunarsvæði. Útivist er stunduð á svæðinu allt árið um kring, af gangandi, hlaupandi og hjólandi fólki. Almennungi er heimil för um svæðið sé góðrar umgengni gætt. Á varptíma fugla, frá 1. maí – 1. júlí er umferð um friðlandið næst Bakkatjörn takmörkuð.

Bakkatjörn – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,19	6,25
Innviðir áfangastaðar	9,44	8,89
Verðmæti áfangastaðar	6,35	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,15	7,18

Breytingar á milli ára

Vegna Covid-19 hefur umferð aukist á svæðinu, sérstaklega umferð gangandi, hlaupandi og hjólandi gesta. Aukin umferð gæludýra er á svæðinu sem getur haft neikvæð áhrif, sérstaklega á varp- og ungatíma. Traðk við Bakkatjörn er sýnilegra.

Úrbætur

Útbúa þarf tengistíg frá göngustíg sem liggur meðfram friðlandinu, að fuglaskoðunarhúsi til að stýra betur umferð og loka þarf villustígum. Setja upplýsingaskilti um umgengi, bæta staurum og kaðli til að koma í veg fyrir að fólk gangi á tjarnarbakkanum á varp- og ungatíma. Góð skilti eru á staðnum en misræmi er í textum varðandi hundahald. Uppfæra þarf texta á skiltum til að samræma upplýsingar. Mikilvægt er að bættu landvörslu á varp- og ungatíma. Skoða þarf leiðir til að minnka gróðurskemmdir vegna bíla sem lagt er í vegköntum. Uppræta þarf ágengar tegundir á svæðinu. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Borgir

www.ust.is/borgir

Náttúruvættið Borgir var friðað 1981 vegna merkra ísaldarminja sem eru klapparholt með fjörugrjóti og vegna lífríkis. Friðsvæðið sem er lítið er í miðri byggð í Kópavogi. Á svæðinu er ágætt skilti á íslensku með upplýsingum um svæðið og áhugaverða staði innan þess. Kópavogskirkja er í miðju náttúruvættisins en þó utan þess. Margir ganga í gegnum svæðið á hverjum degi. Umferð er á svæðinu allt árið.

Borgir – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,11	6,67
Innviðir áfangastaðar	7,50	8,67
Verðmæti áfangastaðar	6,92	7,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,91	7,73

Breytingar á milli ára

Lúpína og garðamaríustakkur dreifast hratt um svæðið. Trjágróður (sérstaklega birki) er að verða vandamál. Í sumar vann hópur á vegum Kópavogsbæjar við að saga niður tré til að þau yxu ekki yfir allt svæðið, yfir minjar og upprunalegan gróður. Einnig fór sumarhópur Umhverfisstofnunnar á svæðið og tók garðamaríustakk. Aukin umferð var á svæðinu vegna Covid-19.

Úrbætur

Komin er svolítill skemmd í skiltið og styttest í þörf á viðhaldi, gott væri að uppfæra skilti í samráði við Umhverfisstofnun. Ágætur stígur liggur í gegnum svæðið en ekki að þeim stöðum sem skiltið sýnir. Bæta þarf merkingar innan svæðisins og marka leiðir að minjunum svo gestir svæðisins geti skoðað þær. Í dag ganga þeir mikið út fyrir stíginn með tilheyrandi traðk skemmdum og villuslóðum. Fylgjast þarf með að ræktaðar tegundir úr görðum í nágreninu sái sér ekki innan svæðisins. Einnig þarf að halda áfram að taka smáplöntur trjáa og saga stærri tré. Sóðaskapur og rusl er töluvert á svæðinu og þarf að huga betur að rusli sem kemur frá kirkjuhlani. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Bringur

www.ust.is/bringur

Fólkvangurinn Bringur var friðlýstur 2014 en hann er partur af jörðinni Bringum í Mosfellsdal. Fólkvangurinn er nýttur til útivistar og um hann liggur vinsæl gönguleið, Skáldastígur. Einnig eru þarna búsetuminjar og Kaldakvísl með fallegum fossum s.s. Helgufoss. Gestir svæðisins eru aðallega af höfuðborgarsvæðinu en einnig ferðamenn. Útivist er stunduð þar allt árið, mikið er af göngufólki og hlaupurum jafnframt sem náttúruskoðun er vinsæl.

Bringur – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	5,71
Innviðir áfangastaðar	5,00	5,56
Verðmæti áfangastaðar	7,50	6,11
Heildareinkunn áfangastaðar	6,42	5,88

Breytingar á milli ára

Sumarið 2020 var hrossabeit innan svæðisins og mikið traðk eftir hrossin. Einhverjar stikaðar leiðir liggja um svæðið en það vantar mikið af stikum. Mun meira álag var á svæðinu árið 2020 vegna Covid-19 og hefur villustígum fjölgað og traðk aukist. Búið er að endurnýja einhver skilti á svæðinu. Bílastæði sem er rétt utan svæðis var stækkað.

Úrbætur

Loka þarf villustígum, lagfæra stíga, gera þarf þrep í brekkum og bæta við stikum þar sem þær eru horfnar. Girða þarf tóftirnar af til að hlífa þeim við traðki vegna ágangs hrossa ef halda á áfram að beita hrossum á svæðinu. Laga þarf traðk eftir hesta við brýr. Ákveða þyrfti útsýnisstaði t.d. fyrir Helgufoss. Færa þarf skilti Umhverfisstofnunar svo að bílar sem lagt er byrgi ekki sýn annarra gesta á skiltið. Staðsetning Helgufoss á skiltinu er röng og þarf að leiðrétta hana. Auka þarf eftirlit.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá

www.ust.is/burfell

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá voru friðuð árið 2020 sem náttúruvætti. Hluti af svæðinu er einnig innan Reykjanesfólkvangs sem var friðlýstur 1975. Náttúruvættið er við höfuðborgarsvæðið og er í landi Garðabæjar. Náttúruvættið er kjörið til umhverfisfræðslu og rannsókna en það er einnig gríðarlega vinsælt útivistarsvæði allt árið, ekki síst vegna nálægðar þess við þéttbýli höfuðborgarsvæðisins. Einnig sækja ferðamenn á svæðinu í náttúruvættið í náttúruskoðun og útivist. Árið 2020 heimsóttu tæplega 50.000 manns Búrfellsgjá.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,83	7,50
Innviðir áfangastaðar	7,08	6,25
Verðmæti áfangastaðar	6,15	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,34	6,73

Breytingar á milli ára

Svæðið var friðað 2020 og við það jókst landvarsla og þekking á svæðinu sem er töluvert stórt. Hlaupakeppni var haldin á svæðinu í sumar og jók hún álag á stíga. Covid-19 jók mjög álag á svæðinu en höfuðborgarbúar sækja mikið á svæðið til útivistar, heilsuræktar og náttúruskoðunar.

Úrbætur

Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun. Brýnt er að laga núverandi stíg, marka hvar gengið er á gíginn og loka villustígum. Merkingar mætti bæta með því að uppfæra skilti í samræmi við friðun og koma upp upplýsingaskilti um að lausaganga hunda sé bönnuð. Mikilvægt er að halda lúpínu og öðrum óæskilegum gróðri s.s. sígrænum trjám í skefjum til að vernda bæði nútímahraunin og fjölbreyttan náttúrulegan staðargróður sem þar er að finna. Auka þarf viðveru landvarða á svæðinu, bæta upplýsingagjöf og stýringu mismunandi hópa sem sækja svæðið á sama tíma.

Fjaran við Kasthúsatjörn

www.ust.is/fjaranvidkasthusatjorn

Aðliggjandi fjara við Kasthúsatjörn á Álftanesi í Garðabæ var friðlýst sem fólkvangur árið 2002. Fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru sérstaklega áhugaverð og vinsæl til náttúruskoðunar svo sem fugla- og fjöruskoðunar. Almennigur heimsækir svæðið allt árið um kring. Góður stígur liggur með svæðinu á mörkum fólkvangsins sem nýtist til útivistar.

Fjaran við Kasthúsatjörn - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,67
Innviðir áfangastaðar	9,17	8,00
Verðmæti áfangastaðar	6,79	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,41	7,20

Breytingar á milli ára

Umferðin jókst á svæðinu vegna Covid-19 og gróðurinn við bílastæði hefur látið á sjá vegna traðks.

Úrbætur

Lítið bílastæði er við svæðið en mörk þess eru óljós og renna saman við göngu-/reiðstíg ef margir bílar eru á bílastæðinu, eða þeim jafnvel lagt á stíginn og í gróðurinn. Afmarka þyrfti reið-/göngustíg í gegnum bílastæðið. Bæta þarf skilti sem segir að svæði sé friðlýst sem fólkvangur. Nóg væri að sameina upplýsinga- og fræðsluskilti með korti fyrir bæði friðland (Kasthúsatjörn) og fólkvang. Aðgengi fólks að fjörunni er yfir hlaðinn sjóvarnargarð og bæta þyrfti aðgengi með stíg eða tröppum frá bílastæði og uppá hann. Jafnvel setja upp útsýnispall. Auka þarf landvörslu. Minna þarf á að lausaganga hunda er bönnuð.

Fossvogsbakkar

www.ust.is/fossvogsbakkar

Fossvogsbakkar voru friðaðir 1999 sem náttúruvætti til verndar sjávarsetlögnum sem eru frá lokum ísaldar. Fossvogsbakkarnir eru við Skerjafjörð og í landi Reykjavíkurborgar. Náttúruvættið er afar vinsælt útivistarsvæði en það tengir saman tvö vinsæl útivistarsvæði í Fossvogsdal, Nauthólsvík og Öskjuhlíð. Góðir stígar liggja við svæðið og malarstígur eftir því endilöngu. Almennigur notar svæðið til útivistar og náttúruskoðunar allt árið. Ferðamenn sækja líka á svæðið.

Fossvogsbakkar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,08	7,50
Innviðir áfangastaðar	6,67	7,33
Verðmæti áfangastaðar	6,15	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,49	6,68

Breytingar á milli ára

Fleiri gestir leita á óskilgreinda útsýnisstaði með tilheyrandi raski og hættu á falli. Vegna Covid-19 hefur útivist aukist á svæðinu og því aukið álag. Malarstígar þarfnast viðhalds. Villustígar og traðk þar sem gengið er fram á brún bakkanna.

Úrbætur

Flýta þarf uppsetningu skiltis um öryggismál og loka villustígum sem liggja fram á brún. Skilgreina þarf örugg svæði og beina umferðinni þangað. Mikið er af lúpínu, kerfli, þistli og öðrum ágengum eða framandi tegundum á svæðinu og er útbreiðsla þeirra vöktuð en litlar mótvægisáðgerðir eru í gangi. Lúpína er slegin meðfram malarstíg sem liggur eftir endilöngum bökkunum. Stemma þarf stigu við ágengum og þekjandi tegundum innan svæðisins og setja fram aðgerðaáætlun. Umgengni í kringum menningarminjarnar fer versnandi, þær eru útkrotaðar og í þeim talsvert af sorpi. Gamli ruslahaugar eru að koma í ljós meðfram fjörunni, mikilvægt er að fylgjast vel með því og hreinsa rusl jafnóðum.

Garðahraun neðra og efra, Vífilstaðahraun

www.ust.is/gardahraun

Fólkvangurinn var friðlýstur 2014, hann nær yfir stór og falleg hraunsvæði Búrfellshrauns og er í landi Garðabæjar. Góðir stígar liggja um svæðið. Svæðið er afar vinsælt útivistar- og náttúruskoðunarsvæði í þéttbýli og mikið notað af almenningi og ferðamönnum allt árið.

Garðahraun, Vífilstaðahraun– ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,14	8,10
Innviðir áfangastaðar	9,52	9,52
Verðmæti áfangastaðar	6,73	6,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,57	7,56

Breytingar á milli ára

Sumarhópur Umhverfisstofnunar fjarlægði lúpínu og trjágróður sem óx í gamla atvinnubótaveginum í Garðahrauni efra í sumar. Mikil aukning í útivist er á svæðinu vegna Covid-19 en virðist það að mestu bera umferðina.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á svæðinu til að stemma stigu við lausagöngu hunda og koma í veg fyrir akstur vélknúinna farartækja á stígum. Þar eru ágæt fræðsluskilti, en vantar upplýsingar um fólkvang og mörk á þau.

Talsvert er um ágengar tegundir á svæðinu, sérstaklega lúpínu og kerfil og votlendistegundir við lækinn í Garðahrauni efra. Einnig eru grenitré áberandi í hraununum. Skoða þarf útbreiðslu trjágróðurs á svæðinu auk lúpínu og kerfils. Sérstaklega þarf að passa atvinnubótavegin. Gera þarf aðgerðaáætlun og halda þessum tegundum í skefjum til að vernda náttúrulegan gróður á svæðinu og um leið upplifun.

Maríuhellar við Vífilstaðahraun

www.ust.is/gardahraun

Svæðið er afar lítið með nokkrum hellum. Afar mikil umferð er um svæðið sem er að mestu gegnum streymis umferð gangandi, hlaupandi og hjólandi, en almenningur notar þetta svæði sem er í Heiðmörk mikið til útivistar allt árið um kring.

Maríuhellar við Vífilstaðahraun – ástand	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,22
Innviðir áfangastaðar	6,67
Verðmæti áfangastaðar	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,78

Breytingar á milli ára

Margir stígar og miklar traðk skemmdir eru á svæðinu, aukin umferð er um svæðið vegna Covid-19. Sett voru upp tvö hraphættu skilti við op á hellisþaki.

Úrbætur

Búa þarf til nýja stíga til að leiða hlaupara, göngufólk og hjólaþátttakendur fram hjá svæðinu en þessir hópar eru mikið að stytta sér leið í gegnum svæðið og búa þannig til nýja stíga. Svæðið er mjög lítið og ætti að þjóna þeim sem eru að skoða hellana og eru komnir til að skoða svæðið sérstaklega og vera á því.

Gálgahraun

www.ust.is/galgahraun

Gálgahraun var friðlýst árið 2009 sem friðland. Hraunið er nyrsti partur Búrfellshrauns. Almennungur sækir mikið á svæðið til útivistar og náttúruskoðunar allt árið um kring.

Gálgahraun– ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,67	7,22
Innviðir áfangastaðar	10,00	9,17
Verðmæti áfangastaðar	7,31	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	7,90	7,81

Breytingar á milli ára

Vegna Covid-19 þá er mikil aukning á allri útivist á svæðinu og hafa skapast margir stígar samhliða eldri stígum.

Úrbætur

Fræðslu- og upplýsingaskilti er til staðar en á það vantar að sýna afmörkun hins friðlýsta svæðis og færslu á Álftanesvegi. Stemma þarf stígu við lausagöngu hunda í friðlandinu en bannið er ekki virt. Bæta þarf stýringu gesta t.d. upplýsingaskilti, til að minnka neikvæð áhrif á fuglalíf. Laga þarf stíga þar sem komnir eru margir samhliða stígar og traðk. Einnig þarf að endurnýja stíkur.

Skoða þarf mótvægisáðgerðir vegna lúpínu til að koma í veg fyrir að hún skjóti rótum innan friðlandsins, einnig þarf að fylgjast með trjágróðri. Tilgangur friðlýsingar var að viðhalda náttúrulegu gróðurfari og skapa skilyrði til náttúrulegrar endurnýjunar staðargróðurs með það að markmiði að ekki verði raskað líffræðilegri fjölbreytni á svæðinu. Þyrfti því að fara í áðgerðir til að uppræta tegundir sem ekki tilheyra staðargróðri og borist hafa inn á svæðið s.s. sígrænum trjám.

Gróttá

www.ust.is/grotta

Gróttá á Seltjarnarnesi var friðlýst sem friðland árið 1974. Friðlandið er vinsælt fuglaskoðunar-, útivistar- og norðurljósaskoðunar svæði. Í næsta nágrenni eru önnur vinsæl útivistarsvæði og við jaðar þeirra liggur fjölfarin göngu- og hjólaleið. Almennigur og ferðamenn heimsækja svæðið allt árið. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí. Hundar er bannaðir í Gróttu allt árið um kringum.

Gróttá – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	7,14
Innviðir áfangastaðar	8,67	8,67
Verðmæti áfangastaðar	8,08	7,56
Heildareinkunn áfangastaðar	7,94	7,77

Breyting á milli ára

Sérstök áhersla var lögð á að halda gestum frá eyjunni á lokunartíma vorið 2020 með fræðslu og landvörslu, þannig að fuglar fengu frið. Umferð um svæðið jókst vegna Covid-19, bæði vor og sumar 2020.

Á undanförunum árum hefur notkun dróna aukist, jafnvel þó hún sé bönnuð. Traðk og villustígar hafa aukist í kringum vitanum. Sumarstarfsmenn UST fóru og fjarlægðu fræ og plöntur kerfils og eitthvað af hvönn. Sveitarfélagið setti skilti við bílastæðið og á hjóla- göngustígnum með hundabannmerki sem gestir geta misskilið og haldið að það sé í lagi að fara með hunda í Gróttu að vetri.

Úrbætur

Setja þarf upplýsinga- og fræðsluskilti með korti af friðlandinu og afmörkun þess og drónabannmerki við aðkomu að friðlandinu. Afmarka þyrfti betur göngustíga til að koma í veg fyrir óþarfa traðk og villuslóða. Setja þarf upp tröppur með palli til að fólk komist upp á sjóvarnargarðinn og sjái yfir svæðið. Meta þarf ástand menningarminja. Mikilvægt að halda ágengum plöntum í skefjum.

Hamarinn

www.ust.is/hamarinn

Hamarinn var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1984. Hann er í þéttbýli og nýtur vinsælda sem útivistarsvæði. Takmarkaðir innviðir eru innan svæðisins. Almennigur heimsækir svæðið allt árið.

Hamarinn – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,11	7,62
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,67
Verðmæti áfangastaðar	7,40	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,38	7,41

Breyting á milli ára

Mikil aukning í útivist er á svæðinu vegna Covid-19 en virðist það að mestu bera umferðina. Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar er hafin. Sumarstarfsmenn UST tóku upp með rótum lítil sjálfsáð tré í sumar.

Úrbætur

Efst á toppnum eru ágætt skilti og útsýnisskífa en engir stígar liggja þar á milli. Þar sem engir eiginlegir stígar liggja um stóran hluta svæðisins er nokkuð um traðk. Loka þarf óþarfa villustígum og hlífa svæðum sem liggja undir ágangi. Ef jökulsorfnir klettur og útsýni á að vera aðgengilegt í framtíðinni á þessum stað verður að halda þessari miklu sjálfsáningu trjáplantna í skefjum. Mikill skógur af furu, greni, og lauftrjám er að vaxa upp á náttúruvættinu. Mikilvægt er að halda áfram að uppræta sjálfsáð tré til að varðveita jarðminjar. Setja þarf upp aðkomuskilti við bílastæði til að auka vitund um verndargildi svæðisins. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Háubakkar

www.ust.is/haubakkar

Háubakkar voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1983. Á svæðinu er að finna þykk setlög sem bera merki um áhrif loftslagsbreytinga á ísöld. Fjölbreytt fuglalíf er í fjörunni og voginum. Náttúruvættið er lítið og aðkoma að svæðinu háð flóði og fjöru. Þar eru jarðmyndanir sem mikilvægt er að varðveita sakir fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna. Háubakkar eru ekki fjölsótt svæði af almenningi.

Háubakkar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,89	8,10
Innviðir áfangastaðar	8,00	7,50
Verðmæti áfangastaðar	7,31	7,22
Heildareinkunn áfangastaðar	7,83	7,48

Breytingar á milli ára

Framkvæmdir í nágrenni bakkanna hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Ágengar tegundir og þekjandi jurtir eru að aukast á svæðinu.

Úrbætur

Aðkoma að svæðinu er óljós, en ágætt upplýsingaskilti er við Naustavog. Töluvert rusl er á Háubökkum en samkvæmt friðlýsingarskilmálum er losun á rusli óheimil á svæðinu. Hreinsa þarf svæðið reglulega og leita leiða til að bæta umgengni um náttúruverndarsvæðið. Stemma þarf stigu við lúpínu, kerfli og öðrum tegundum sem eiga ekki heima á svæðinu og jafnframt setja fram aðgerðaáætlun um upprætingu þeirra. Stjórnunar- og verndaráætlun er til staðar en hana þarf að endurnýja. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Hleinar

www.ust.is/hleinar

Hleinar í Hafnarfirði voru friðlýstir sem fólkvangur árið 2009. Svæði er að mestu hraun og strandlengja. Vegurinn skiptir svæðinu í tvennt, hraun í byggð og strönd við bílastæðið. Fólkvangurinn er vinsælt útivistarsvæði í næsta nágrenni við þéttbýli og er notaður allt árið um kring sem slíkur.

Hleinar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,56	6,19
Innviðir áfangastaðar	6,11	6,11
Verðmæti áfangastaðar	5,19	5,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,52	5,72

Breyting á milli ára

Sveitarfélagið hefur hellulagt í kringum bekk við bílastæði. Utan vega akstur hefur aukist á svæðinu og för eftir fjórhjól eru sýnileg á göngustígnum og á öðrum stöðum. Gróðurfar er að breytast vegna dreifingar gróðurs (sjálfssáningar) frá húsagörðum sem og aukningar lúpínu. Tré vaxa inni í fólkvanginum sem breyta sérstökum gróðri svæðisins. Umferð gesta hefur aukist vegna Covid- 19 og einnig lausaganga hunda.

Úrbætur

Afmarka þarf gönguleiðir sbr. gildandi deiliskipulag, til að hlífa viðkvæmum svæðum fyrir ágangi en það mættu vera fleiri skilti. Mikið er af minjum á svæðinu sem eru í hættu vegna vaxtar gróðurs og skemmdarverka og vantar upplýsingaskilti við minjarnar. Einkalóða- og fólkvangsmörk eru óskýr fyrir gesti og íbúa og valda árekstrum. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk fólkvangsins og lóða.

Loka þarf fyrir umferð um malarkamb frá bílastæði og við hundasvæði í Garðabæ til að stöðva akstur utan vega. Stemma þarf stigu við útbreiðslu óæskilegra trjá- og plöntutegunda og veiða þarf mink. Auka þarf eftirlit.

Hlið

www.ust.is/hlid

Fólkvangurinn Hlið var fyrst friðlýstur 2002 og svo stækkaður árið 2020. Hann er staðsettur á Álftanesi í landi Garðabæjar. Markmið friðlýsingarinnar er að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota og að vernda fuglalíf, búsvæði fugla og líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Almennungur sækir svæðið til útivistar og náttúruskoðunar allt árið um kring.

Hlið – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	6,67
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,67
Verðmæti áfangastaðar	5,00	5,67
Heildareinkunn áfangastaðar	5,80	6,15

Breytingar á milli ára

Umhverfisstofnun og sveitarfélagið unnu saman að endurskoðun á friðlýsingunni og var fólkvangurinn stækkaður sumarið 2020.

Úrbætur

Endurnýja þarf skilti sem eru farin að láta á sjá. Stemma þarf stigu við lúpínu og kerfli sem vaxa á svæðinu. Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun til að stýra aðgengi almennings á svæðinu. Framkvæmdir til að stækka bílastæði og laga veg eru hafnar. Koma þarf í veg fyrir utanvega akstur í fólkvanginum með greinilegum lokunum og vinna að endurheimt gróðurs. Tryggja þarf að nærliggjandi rekstraraðili fjarlægji úr fólkvanginum efni/innviði/mannvirki sem tilheyra starfsemi hans og hafa verið reist án leyfis stofnunarinnar og gerir Umhverfisstofnun ráð fyrir að þetta verði fjarlægt. Endurskoða þarf legu rafmagnsgirðinga hestabeitahólfa með tillit til fuglaverndar og aðgengi gesta. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Hvaleyrarlón

www.ust.is/hvarleyrarlon

Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði voru friðlýst sem fólkvangur árið 2009. Fólkvangurinn er í jaðri byggðar í Hafnarfirði. Svæði við Hvaleyrarlón er vinsælt til útivistar og fuglaskoðunar en við jaðar þess er að finna golfvöll. Almennungur heimsækir svæðið allt árið um kring.

Hvaleyrarlón - ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,56	6,19
Innviðir áfangastaðar	7,50	8,33
Verðmæti áfangastaðar	7,05	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,84	7,19

Breytingar á milli ára

Varúðarskilti var fært út að varpsvæðinu á Hvaleyrinni.

Úrbætur

Við Hvaleyrina mætti bæta fræðsluskilti um varpsvæðið sem myndi draga úr ágangi fólks á varpsvæðinu. Vegslóði liggur út í Hvaleyrarhöfða sem er ekki merktur á kort. Gera þarf stjórnunar- og verndaráætlun. Merkja þyrfti gönguleið um svæðið þar sem gert yrði ráð fyrir útivistarleið til að stýra umferð fólks um svæðið og koma í veg fyrir ágang á viðkvæm lífríkissvæði. Auka þyrfti viðveru landvarða á varptíma, m.a. til að veita fræðslu sbr. friðlýsingaskilmála.

Kaldárhraun og Gjárnar

www.ust.is/kaldarhraun

Náttúruvættið var friðlýst árið 2009 og er í landi Hafnarfjarðarbæjar. Svæðið er hraunbreiður með gjám og fallegum hraunmyndunum. Þetta er afar vinsælt útivistar og náttúruskoðunarsvæði. Gangandi, hlaupandi, hjólandi og fólk á hestum sækir þangað allt árið um kring.

Kaldárhraun og Gjárnar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,56	4,81
Innviðir áfangastaðar	6,67	6,19
Verðmæti áfangastaðar	7,50	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,87	6,50

Breyting á milli ára

Mikil aukning í umferð er um svæðið vegna Covid-19 og hafa orðið skemmdir, þá sérstaklega eftir fjalla- og torfærumótorhjól. Þessir aðilar hafa verið að gera sér nýja slóða t.d. í mosavöxnu hrauninu. Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið hófst haustið 2020.

Úrbætur

Merkja þarf stíga og loka villustígum til að stoppa traðk og keyrslu á mosa og viðkvæmum gróðri á svæðinu. Vinna þarf að eyðingu ágengra plantna og þeirra sem ekki eiga heima á svæðinu, t.d. útbreiðslu sjálfháðra trjáa, sem gengur á móti friðlýsingaskilmálum. Halda þarf sáningu trjáa í skefjum á friðaða svæðinu s.s.

furu og greni. Einnig þarf að huga að því að lúpína breiði ekki meira úr sér á svæðinu. Koma þarf í veg fyrir að farið sé á hestum inn í gjárnar þ.e. út fyrir útivistarveginn, t.d. með lokun og skiltum. Endurnýja þarf upplýsinga- og fræðsluskilti.

Kasthúsatjörn

www.ust.is/kasthusatjorn

Kasthúsatjörn og umhverfi hennar á Álfanesi í landi Garðabæjar var friðlýst árið 2002 sem friðland til að vernda tjörnina með fjölskrúðugu fuglalífi hennar og lífríki, en tjörnin er strandtjörn, grunn og lífrík. Tjörnin býr yfir líffræðilegri fjölbreytni og er ákjósanleg til rannsókna og fræðslu. Í dag er svæðið vinsælt útivistar- og fuglaskoðunarsvæði. Umferð fólks um friðlandið er takmörkuð á varptíma frá 1. maí til 1. júlí.

Kasthúsatjörn – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,22	7,50
Innviðir áfangastaðar	7,22	7,22
Verðmæti áfangastaðar	6,15	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,67	7,17

Breytingar á milli ára

Aukin umferð hefur verið um svæðið á þessu ári vegna Covid-19. Aukning hefur orðið á lausagöngu hunda á svæðinu sem og umferð katta. Beitarhólf land megin var ekki afmarkað í ár og því minna álag á fuglalíf.

Úrbætur

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun. Bæta þarf landvörslu og fræðslu. Skilgreina betur reglur um hestabeit í friðlandinu á varp- og ungatíma og taka tillit til árferðis. Afmarka þarf bílastæði svo að bílar leggi ekki á reið- og gönguleið. Uppfæra þarf skilti.

Laugarás

www.ust.is/laugaras

Laugarás var friðlýstur sem náttúruvætti árið 1982. Náttúruvættið er í Reykjavíkurborg og hefur mikið gildi sem útivistarsvæði í miðri íbúðarbyggð og nálægt öðrum mikilvægum útivistarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Almennigur notar svæðið til að komast milli staða en einnig til útivistar og náttúruskoðunar allt árið um kring.

Laugarás – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	8,33	8,10
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,67
Verðmæti áfangastaðar	5,00	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,60	7,68

Breytingar á milli ára

Aukin umferð var á svæðinu vegna Covid-19. Staðagróðurinn er undir álagi vegna traðks og villustígum hefur fjölgað ásamt því að mikið traðk er nú á toppi holtsins. Lúpinan heldur áfram að breiða úr sér. Sumarhópur Umhverfisstofnunar og sjálfboðaliðar tóku lúpínu upp með rótum meðfram stíg á svæðinu í sumar. Einnig voru söguð niður tré til að viðhalda sýnileika grágrýtisklappanna sem eru forsenda friðunar svæðisins.

Úrbætur

Viðhalda þarf sýnileika minjanna. Stemma þarf stigu við lúpínu innan svæðisins og setja fram aðgerðaáætlun. Bæta þarf stíga á svæðinu og loka villustígum. Einnig þarf að marka útlínur náttúruvættisins gagnvart lóðum og gördum. Jafnframt þarf að stemma stigu við garðaúrgangslausun á svæðinu. Tína þarf rusl reglulega á svæðinu sjálfu. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Rauðhólar

www.ust.is/rauholar

Rauðhólar og nágrenni þeirra í landi Reykjavíkurborgar voru friðlýstir sem fólkvangur árið 1974. Svæðið er safn gervigiga og votlendi. Fólkvangurinn er vinsælt útivistarsvæði og í næsta nágrenni við Heiðmörkina og Elliðavatn. Svæðið er mikið notað af almenningi og ferðamönnum allt árið um kring.

Rauðhólar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,00	4,58
Innviðir áfangastaðar	5,56	5,42
Verðmæti áfangastaðar	5,00	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	5,15	5,55

Breytingar á milli ára

Verið er að gera bæði deiliskipulag og stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið. Viðvera landvarða var aukin. Aukin umferð gesta var um svæðið vegna Covid-19 á þessu ári.

Úrbætur

Stika þarf og merkja legu göngustíga og loka villuslóðum. Merkja þarf og afmarka reiðleið sem liggur um svæðið. Koma þarf í veg fyrir umferð utan stíga. Stýra þarf betur umferð um votlendissvæðið þannig að umferð raski ekki lífríki. Bregðast þarf við lúpínu á svæðinu, uppræta stakar plöntur og slá stærri breiður.

Stekkjahraun

www.ust.is/stekkjahraun

Stekkjahraun í Hafnarfirði var friðlýst árið 2009. Fólkvangurinn er vinsælt útivistarsvæði í byggð og almenningur heimsækir svæðið árið um kring.

Stekkjahraun – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,71	7,08
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,33
Verðmæti áfangastaðar	7,40	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,30	7,20

Breyting á milli ára

Gott stígakerfi liggur um svæðið en eitthvað er um að fólk fari út fyrir stíga og hafa því myndast villustígar. Töluvert meira á þessu ári vegna Covid-19. Umferð hjóla hefur aukist og traðk utan stíga myndast meðfram aðalstígunum og að skógrækt.

Í haust 2020 var einn göngustígur sem þverar Stekkjahraun breikkaður, malbikaður og upplýstur til að bæta aðgengi.

Úrbætur

Engar merkingar eru á svæðinu sem sýna að um friðlýst svæði sé að ræða. Gera þarf upplýsinga- og fræðsluskilti með kortum af fólkvanginum, mörk hans og annan fróðleik um svæðið. Einhverjar smávægilegar gróðurskemmdir eru á svæðinu sem fylgja traðki utan stíga. Loka þarf villustígum og styttingum. Taka þarf ákvörðun um hve miklu af þessu svæði, skal fórnað undir trjágróður. Halda trjáplöntum í skefjum og uppræta lúpínu til verndar íslenskrí flóru.

Tröllabörn

www.ust.is/trollaborn

Náttúruvættið Tröllabörn var friðlýst árið 1983 í landi Kópavogsbæjar. Náttúruvættið einkennist af sérkennilegum hraundrylum (hornító). Lítil bílastæði, fræðsluskilti og stuttur malarborinn stígur taka á móti gestum, sem eru mjög fjölbreyttur hópur, skólahópar og útivistarfólk sem hjólar og gengur meðfram svæðinu sérstaklega um helgar og ferðamenn allt árið.

Tröllabörn – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,56	5,83
Innviðir áfangastaðar	5,89	6,67
Verðmæti áfangastaðar	7,95	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,88	6,67

Breytingar á milli ára

Sumarið var blautara en í fyrra og gróðurinn því viðkvæmari fyrir traðki. Aukning varð á förum hjólreiðamanna sem stytta sér leið í gegnum náttúruvættið og í traðki gesta uppá þau drýli sem þar eru og er gróður farinn að láta á sjá vegna ágangs. Aukin umferð um svæðið vegna Covid-19 á þessu ári.

Úrbætur

Loka þarf villustígum sem hafa myndast og afmarka bílastæði betur. Bæta mætti merkingar á svæðinu en svæðið hefur mikið fræðslugildi. Endurgera þarf skilti við svæðið en það er farið að láta á sjá og textinn eingöngu á íslensku. Brýnt er að uppræta lúpínu við mörk náttúruvættisins. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur svæðin.

Tungufoss

www.ust.is/tungufoss

Tungufoss í Mosfellsbæ var friðlýstur sem náttúruvætti árið 2013. Svæðið er vinsælt til útivistar og náttúruskoðunar allt árið, gestir koma gangandi inn á svæðið.

Tungufoss – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,62	7,50
Innviðir áfangastaðar	6,67	7,33
Verðmæti áfangastaðar	5,13	5,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,07	6,16

Breytingar á milli ára

Stjórnunar- og verndaráætlun var unnin fyrir svæðið. Aukin umferð var vegna Covid-19. Umgengni á svæðinu hefur versnað á milli ára, til að mynda var nýlegt bálstæði á flötinni.

Úrbætur

Tryggja þarf að hestaumferð fari ekki út fyrir reiðstíga og þannig inn á friðlýsta svæðið. Mosfellsbær hefur kortlagt útbreiðslu ágengra tegunda innan sveitarfélagsins og er aðgerðaáætlun í vinnslu. Stemma þarf stigu við lúpínu, bjarnarkló, kerfli og öðrum ágengum og þekjandi plöntum sem eru áberandi á svæðinu.

Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur svæðin. Mosfellsbær og Umhverfisstofnun hafa nú fengið fjárveitingu til að bæta stýringu gesta við fossinn til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður og framkvæmdir munu hefjast árið 2020.

Valhúsahæð

www.ust.is/valhusahaed

Valhúsahæð á Seltjarnarnesi var friðlýst sem náttúruvætti árið 1998. Á Valhúsahæð er rákað berg eftir ísaldarjökul. Náttúruvættið er staðsett í miðri íbúðarbyggð við útivistarsvæði þar sem er að finna fótboltavöll og frísbíggvöll. Engir innviðir eru á svæðinu nema eitt fuglaskilti. Almennigur sækir svæðið heim allt árið um kring.

Valhúsahæð – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,11	7,22
Innviðir áfangastaðar	-	8,33
Verðmæti áfangastaðar	6,35	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,23	7,23

Breyting á milli ára

Aukin umferð var á svæðinu vegna Covid-19. Innviðir voru ekki metnir árið 2019 og skýrir það breytta einkunn.

Úrbætur

Gróður er að mestu heilbrigður, traðk er við alfaraleiðir en um er að ræða afturkræfar skemmdir. Ástand menningarminja er ekki gott og skemmdarverk eru sýnileg. Bæta þyrfti stýringu gesta um svæðið til að koma í veg fyrir rask. Deiliskipulag gerir ráð fyrir göngustíg inn á svæðið sem vert væri að leggja. Engar merkingar eru við svæðið sem gefa til kynna að um friðlýst svæði sé að ræða eða fræðsluefni um verndargildi þess. Setja þarf upplýsinga og fræðsluskilti og aðkomuskilti. Lagt er til að sett verði upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins.

Lúpína og ýmsar tré og garðplöntur er aukast á svæðinu. Mikilvægt er að halda gróðri úr nálægum görðum í skefjum og að stöðva vöxt trjáa þar sem flóra svæðisins er afar fjölbreytt og falleg.

Varmárósar

www.ust.is/varmarosar

Varmárósar í Mosfellbæ voru fyrst friðlýstir árið 1980 sem friðland og var friðlýsingin endurskoðuð árið 2012. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda og viðhalda fitjasefi (*Juncus gerardii*) og búsvæði þess sem og náttúrulegu ástandi votlendis Varmárósa ásamt sérstöku gróðurfari sem þar er. Stígur liggur með byggð við Leirvog alveg inn á friðlandið og er svæðið er vinsælt til útivistar, náttúru- og fuglaskoðunar allt árið um kring.

Varmárósar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,56	7,22
Innviðir áfangastaðar	9,33	8,67
Verðmæti áfangastaðar	7,69	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,69	8,36

Breyting á milli ára

Ágengar og óæskilegar tegundir s.s. þistill, lúpína og hindber eru í mikilli útbreiðslu mjög nálægt fitjasefinu. Sumarhópur Umhverfisstofnunar unnu við upprætingu ágengra plantna þarna sumarið 2020. Mikill akstur utan vega er á svæðinu og hefur aukist mikið frá fyrra ári. Aukin umferð var á svæðinu vegna Covid-19.

Umhverfisstofnun og Mosfellsbær eru að vinna að stækkun friðlandsins og breytingu friðlýsingaskilmála.

Úrbætur

Mikið af ágengum og óæskilegum plöntum á svæðinu sem halda þarf áfram að uppræta. Beit er innan marka friðlandsins. Skoða þarf mörk friðlandsins til að fylgja gildandi friðunarskilmálum. Setja þarf upplýsingaskilti um bann við lausagöngu hunda.

Hefja þarf vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið til að koma í veg fyrir að nærliggjandi starfsemi hafi neikvæð áhrif á friðlandið. Mikilvægt er að Náttúrufræðistofnun Íslands vakti náttúru svæðisins og lífríki og upplýsi Umhverfisstofnun og sveitarfélagið Mosfellsbæ um aðsteðjandi hættur eða nauðsynlegar aðgerðir í þágu verndar.

Vífilsstaðavatn

www.ust.is/vifilsstadavatn

Vífilsstaðavatn og nágrenni í Garðabæ var friðlýst sem friðland árið 2007. Friðlandið er vinsælt fugla- og útivistarsvæði í jaðri höfuðborgarsvæðisins með tengingu við önnur útivistarsvæði. Mikið er um fuglaskoðun og ljósmyndun á svæðinu og einnig er vatnið vinsælt hjá veiðimönnum. Strangari reglur gilda á svæðinu á eggja og ungatíma en þar verpa flórgoðar. Almennur og ferðamenn heimsækja svæðið allt árið um kring. Árið 2020 voru rúmlega 120.000 heimsóknir á svæðið.

Vífilsstaðavatn – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	7,62	8,52
Innviðir áfangastaðar	8,33	7,50
Verðmæti áfangastaðar	6,54	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,25	7,28

Breytingar á milli ára

Aukin umferð var á svæðinu vegna Covid-19. Svæðið verður sífellt vinsælla til útisvistar s.s. fyrir göngu-, hlaupa- og hjólafólk. Brögð eru af því að fólk haldi sig ekki á stígum og veldur það skemmdum á gróðurþekju. Einnig er sífellt aukið álag af fuglaskoðurum og ljósmyndurum sem halda sig ekki á stígum. Mikil aukning var af veiðimönnum á svæðinu en þar gildir Veiðikortið, þeir mynduðu marga nýja stíga og mikið traðk meðfram bökkum.

Sumarhópur Umhverfisstofnunar vann við eyðingu lúpínu einn dag við vatnið. Hópar á vegum Garðabæjar bættu aðalstígin í sumar og máluðu tréverk. Verið er að gera stíg frá Grunnuvötum niður að aðalstíg.

Úrbætur

Umsjón með svæðinu er góð og setti sveitarfélagið upp teljara árið 2019. Bæta þarf eftirlit á svæðinu á varptíma fugla til að fylgja eftir banni við lausagöngu hunda og auka fræðslu til hundaeigenda.

Margir villustígar eru til staðar sem liggja niður að vatninu og upp í hlíðarnar. Loka þarf villustígum og stöðum þar sem fólk stytir sér leið að óþörfu. Fuglaskoðun, ljósmyndun og veiðimenn valda miklu álagi á svæðinu milli stígs og vatns og marka þyrfti betur hvar má vera og hvar ekki svo traðk á gróðri og truflun minnki.

Stemma þarf stígu við lúpínu og öðrum ágengum og þekjandi gróðri sem dreifir sér um friðlandið., ekki er nóg að slá bara lúpínu við stíg.

Víghólar

www.ust.is/vigholar

Náttúruvættið Víghólar var friðlýst 1983 og er í miðri byggð í Kópavogsbæ. Þar er að finna jökulsorfnar grágrýtisklappir eða hvalbök, frá lokum ísaldar. Svæðið er mikið notað af almenningi til útivistar allt árið um kring.

Víghólar – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,71	6,19
Innviðir áfangastaðar	9,33	9,17
Verðmæti áfangastaðar	6,35	6,89
Heildareinkunn áfangastaðar	7,02	7,36

Breyting á milli ára

Vegna Covid-19 var aukið álag á svæðinu og því meira traðk t.d. við sjónskífu.

Úrbætur

Skýra þarf mörk náttúruvættisins fyrir íbúum á lóðum sem liggja að því, sumar eru komnar langt út fyrir sín lóðamörk. Garðaúrgangur og annað drasl frá lóðum er losað inn á náttúruvættið. Lagt er til að sett verði

upp á svæðinu lítil kennileiti til að afmarka betur mörk svæðisins. Endurnýja þarf skilti og uppfæra innihaldið.

Skipulagðir stígar eru um svæðið. Eitthvað er um að farið sé utan stíga og er gróður farinn að láta á sjá á stöku stað vegna traðks. Bera þarf á stíga og gera vatnsrásir. Afmarka þarf betur göngustíga til að koma í veg fyrir að farið sé út fyrir þá. Fara þarf í aðgerðir til að koma í veg fyrir að gróður að vaxi yfir jarðminjar. Uppræta þarf lúpínu á svæðinu og annan ágengan og þekjandi gróður.

Bláfjallasvæði

Bláfjallafólkvangur er 90,4 km² að stærð og var friðlýstur árið 1973. Hann liggur að mestu í upplandi Kópavogs. Fólkvangurinn er fjallaklasi sem rís hæst 685 m yfir sjávarmál. Margar eldstöðvar, hraun og hellar eru víða í fólkvanginum. Bláfjallafólkvangur er vinsæll allt árið um kring. Á vetrartíma sem áfangastaður skíðafólks en á sumrin fyrir bæði göngufólk og fjallahjólafólk. Erlendir ferðamenn heimsækja einnig áfangastaðinn Þríhnjúkagíga. Stór hluti fólkvangsins er jafnframt hluti af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Í fólkvanginum er að finna náttúruvættið Eldborg í Bláfjöllum sem er friðlýst ásamt hluta af Drottningarfelli sem er austan megin við það.

Bláfjallafólkvangur – Skíðasvæði

www.ust.is/blafjallafolkvangur

Skíðasvæðið er vestan megin við Bláfjöll. Á svæðinu eru lyftur af mismunandi gerðum og lengd. Ekki er fullljóst hve margir gestir heimsækja svæðið árlega, mikill fjöldi stundar skíðin á veturna en svæðið þar í kring er einnig mjög vinsælt á sumrin.

Skíðasvæði – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,19	7,04
Innviðir áfangastaðar	8,33	8,33
Verðmæti áfangastaðar	5,51	5,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,21	6,50

Breytingar á milli ára

Talsvert hefur verið framkvæmt, m.a. við bílastæði og við skíðalyftu og margt er á döfinni. Skíðasvæðið hefur sótt um leyfi til að bæta innviði. Framkvæmdir áttu að hefjast vorið 2020 en þeim var frestað til ársins 2021 vegna Covid-19.

Mikið rusl var inni á svæðinu sem hefur fokið út af skíðasvæðinu á nærliggjandi svæði. Ruslið verður mjög áberandi þegar snjóá leysir. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar átti fund með rekstrarstjóra og fór yfir hvaða úrbætur myndu bæta ásýnd svæðisins. Utan vega akstur hefur aukist á svæðinu.

Úrbætur

Bæta þarf frágang eftir vetrarstarfseminna og eftir framkvæmdir. Nota þarf staðargróður til að endurheimta raskað svæði, þar sem það á við. Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn og aðgerðaáætlun til að láta skíðasvæðin falla betur að náttúrunni. Bæta þarf ásýndina og upplifun gesta sem heimsækja svæðið að sumri.

Bæta þarf aðkomuskilti sem segir að skíðasvæðið sé innan marka fólkvangsins og upplýsinga- og fræðsluskilti um sérstöðu náttúruframbæra sem finna má í fólkvanginum. Auka þarf viðveru landvarða í fólkvanginum og bæta upplýsingagjöf. Fylgjast þarf vel með akstri utan vega.

Samkvæmt auglýsingu fólkvangsins er gert ráð fyrir að samvinnunefnd sveitarfélaga fari með stjórn fólkvangsins. Umhverfisstofnun er ekki kunnugt um að slík nefnd sé starfandi og hvetur til þess að slík nefnd verði virkjuð. Samvinnunefnd Bláfjallafólkvangs myndi hafa heildaryfirsýn og stjórn á mismunandi starfsemi sem er að finna á svæðinu, í samráði og samstarfs við stjórn skíðasvæða, stjórn vatnsverndarsvæða og Umhverfisstofnun.

Bláfjallafólkvangur – Þríhnúkagígur

www.ust.is/blafjallafolkvangur

Þríhnúkar eru innan Bláfjallafólkvangs og tilheyra lögsögu Kópavogsbæjar. Þríhnúkar eru staðsettir á hálendisbrúninni ofan við Heiðmörk í Kóngslandi, um 4 km norðvestur af Bláfjöllum. Þríhnúkagígur er gíghvelfing í norð-austasta hnúki Þríhnúka þar sem mosavaxin hraun einkenna svæðið. Þríhnúkar eru aðgengilegir með göngustíg frá skíðasvæði. Í gíghvelfingunni er afmörkuð stutt hringleið.

Þríhnúkagígur – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,67	8,33
Innviðir áfangastaðar	9,17	9,44
Verðmæti áfangastaðar	8,72	8,78
Heildareinkunn áfangastaðar	8,41	8,86

Breytingar á milli ára

Aðgengi að gígnum hefur verið bætt með því að grjóthreinsa gönguleiðina, setja möl, og afmarka stíg. Keðjumottur hafa einnig verið settar í mesta brattann.

Verið er að endurskoða aðalskipulag Kópavogs og unnið er að því að skrá vegi í Vegaskrá.

Úrbætur

Fylgjast þarf vel með traðki meðfram gönguleið sem tengir Þríhnúkagíg og skíðasvæðið. Bæta mætti við staurum og köðlum í kafla á göngustígnum. Þar sem þáttur í sjónvarpsþáttaröðinni „Challenge“ var tekinn upp í gígnum í ár, verður áhugavert og þarft að fylgjast með hvort að það hafi áhrif á fjölda gesta á komandi ári. Ef svo verður þarf að bregðast við þeirri aukningu.

Vinna þarf að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn.

Eldborg í Bláfjöllum

www.ust.is/eldborgiblafjollum

Eldborg var friðlýst sem náttúruvætti árið 1971 og er einn þriggja gíga af eldborgargerð hjá Kóngsfelli. Á svæðið er mosavaxin vikurgígur, hraun og partur af fjallinu Drottningu. Eldborg er vinsælt útivistarsvæði bæði meðal almennings og ferðamanna allt árið um kring.

Eldborg í Bláfjöllum – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,56	5,24
Innviðir áfangastaðar	5,56	8,33
Verðmæti áfangastaðar	8,72	8,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,20	7,86

Breytingar á milli ára

Sumarhópur og sjálfbóðaliði á vegum Umhverfisstofnunar unnu við viðhaldsverkefni sumarið 2020. Unnar voru endurbætur á stígnum niður á börmum gígsins til að laga aðgengi og vernda jarðminjar og mosann. Komið er handrið við keðjustigann til að tryggja öryggi gesta og stuðla að því að þeir haldi sig á stígnum. Bætt var við stikum alla leið frá bílastæði, upp og niður gíginn og í kringum Drottninguna. Bílastæðið var lagað og afmarkað (hægt er að leggja 5-6 bílum). Lagaðar voru skiltaundirstöður. Óæskilegum stígum var lokað.

Úrbætur

Bæta þarf umsjón á svæðinu og fylgjast með að villustígar myndist ekki. Setja þarf mól í stíga á blautum köflum. Endurprenta þarf skilti og bæta við korti með merktum gönguleiðum. Athuga þarf hvort nauðsynlegt sé að fara í frekari uppbyggingu, ef gestum fjölgar enn frekar.

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Eldborgir undir Geitahlíð

www.ust.is/eldborgvidgeitahlid

Eldborgir undir Geitahlíð voru friðlýstar sem náttúruvætti árið 1987. Náttúruvættið er gígaröð í Reykjanesfólkvangi í landi Grindavíkurbæjar. Eldborgir eru vinsælar sem útivistarsvæði fyrir almenning og ferðamenn einkum að sumri.

Eldborgir undir Geitahlíð – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,76	5,83
Innviðir áfangastaðar	4,44	7,22
Verðmæti áfangastaðar	5,67	6,11
Heildareinkunn áfangastaðar	5,15	6,35

Breytingar á milli ára

Sumarið 2020 voru gerðar endurbætur á stígunum frá bílastæði að gígnum. Hópur sumarstarfsmanna og sjálfbóðaliða á vegum Umhverfisstofnunar breyttu förum eftir utanvegaakstur í fallegan náttúrustíg. Hluta af villustígum var lokað og göngustígurinn var stikaður alla leið upp á topp gígsins. Sett var handrið í brekku uppi á gígnum til að auðvelda uppgöngu. Bílastæði við gamla þjóðveginn var afmarkað og stækkað. Skilti sem bannar næturdvöl var sett við bílastæði. Landvörður á vegum Reykjanesfólkvangs hefur litið eftir svæðinu en umsjón og landvarsla á vegum Umhverfisstofnunar jókst jafnframt frá því sem verið hefur. Verið er að endurskoða aðalskipulag hjá Grindavíkurbæ.

Úrbætur

Setja verður upp fræðslu- og upplýsingaskilti með korti við bílastæði stóru Eldborgar. Valin hefur verið ein gönguleið á Stóru Eldborg og verður villustígnum í hliðum gígsins lokað til að vernda jarðminjar og í öryggiskyni. Komið verður í veg fyrir traðk og skemmdir á toppi gígsins með því að girða svæðið af og gera útsýnissvæði. Umhverfisstofnun hefur fengið fjármagn fyrir þessum framkvæmdum.

Afmarka þarf betur bílastæði við Litlu Eldborgir og vinna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Herdísarvík

www.ust.is/herdisarvik

Herdísarvík í Ölfusi var friðlýst sem friðland árið 1988. Á sumrin er nokkuð um að ferðamenn heimsæki svæðið þó það sé ekki í alfaraleið. Almennigur sækir á svæðið vegna fuglalífs, minja og til að fara í berjamó.

Herdísarvík– ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,81	5,19
Innviðir áfangastaðar	5,56	6,67
Verðmæti áfangastaðar	6,92	7,33
Heildareinkunn áfangastaðar	6,11	6,70

Breytingar á milli ára

Mikið um að gengið sé utan stíga en mat landvarða er að færra fólk hafi heimsótt svæðið í sumar. Bílastæði eru ekki afmörkuð og ómerkt, keyrt er inn á tún til að leggja bílum. Settir voru niður staurar, bönd, táknmyndir og rekaviðardrumbur við hlaðinn túngarð til að stöðva utan vega akstur á viðkvæmum lífríkissvæðum og menningarminjum. Sumarstarfsmenn og landverðir á vegum Umhverfisstofnunar hreinsuðu fjöruna í sumar.

Úrbætur

Bæta þarf aðkomuskilti. Engir skipulagðir stígar eru um svæðið en þeir stígar sem eru til staðar eru frá því búseta var á svæðinu. Bæta þarf merkingar á bílastæðum og gönguleiðum til að stýra umferð um svæðið og hlífa viðkvæmum hlutum þess.

Þar sem gamli og nýi Suðurstrandarvegurinn skarast á tveimur stöðum keyrir fólk enn á milli þeirra þó það sé hættulegt og bannað. Þetta skapar hættu og þörf á lokun.

Meta þarf þörf fyrir innviði og uppbyggingu svæðisins með tilliti til hversu mörgum gestum svæðið á að þjóna. Æskilegt að slíkt yrði gert í tengslum við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Auka þarf viðveru landvarða til að bæta verndun og auka fræðslu.

Litluborgir

www.ust.is/litluborgir

Náttúruvættið er í landi Hafnarfjarðarbæjar og innan Reykjanesfólkvangs. Svæðið er mosavaxið hraun, hraunborgir og gervígígar með dropasteinum. Einhver umferð er um svæðið af útivistarfólki allt árið en sennilega þó minnst að vetri.

Litluborgir – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,56	5,56
Innviðir áfangastaðar	10,00	10,00
Verðmæti áfangastaðar	6,22	6,67
Heildareinkunn áfangastaðar	7,20	7,33

Breytingar á milli ára

Svæðið hefur verið heimsótt töluvert í sumar og er í hnignun vegna traðks. Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun hófst á þessu ári.

Úrbætur

Svæðið var ekki fjölfarið enda lítið og úr alfaraleið, það breyttist sumarið 2019 þegar það var sett á Ratleikjakort Hafnarfjarðar. Töluvert traðk og skemmdir á mosa voru sjáanlegar á svæðinu sem hægt er að rekja beint til leit fólks að merki sem tilheyrir ratleiknum. Meta þarf skemmdir á mosa og hvort merkja þurfi gönguleiðir um svæðið. Meta þarf hvort aukið álag er að auka skemmdir á t.d. dropasteinum.

Athuga þarf hvort setja ætti upplýsinga- og fræðsluskilti, um friðun og um hversu viðkvæmt svæðið er, við upphaf gönguleiðar.

Reykjanesfólkvangur

Reykjanesfólkvangur var friðlýstur árið 1975 og er 292,62 km² að stærð. Jarðfræðileg fjölbreytni er mikil s.s. jarðhiti, hraun, grösugir balar og vellir. Í Krísuvíkurbjargi er að finna mikla sjófuglabyggð. Á svæðinu er að finna minjar s.s. vinnslu brennisteins, búskapar og verstöðvar. Innan Reykjanesfólkvangs er fjöldi gönguleiða og fornar þjóðleiðir. Á svæðinu er skipulagt tjaldsvæði við Krókamýri. Svæðið er mjög vinsælt meðal útivistafólks, ljósmyndara og ferðamanna. Veiði er í vötnum innan svæðisins. Stjórn Reykjanesfólkvang fer með umsjón og rekstur svæðisins. Inni í fólkvanginum eru einnig tvö náttúruvætti: Eldborgir undir Geitahlíð og Litluborgir.

Reykjanesfólkvangur – Helgafell

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Helgafellið er hár móbergsstapi og er meðal vinsælustu útivistarstaða á höfuðborgarsvæðinu. Mikil umferð er á svæðinu allt árið um kring af gangandi, hlaupandi og hjólandi fólki.

Helgafell – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,24	4,44
Innviðir áfangastaðar	4,58	5,83
Verðmæti áfangastaðar	5,71	6,00
Heildareinkunn áfangastaðar	5,30	5,63

Breytingar á milli ára

Covid-19 hefur aukið mjög álag á svæðið. Auknar gróðurskemmdir hafa orðið vegna traðks. Skilti við Kaldá um Helgafell er orðið ólæsilegt. Aukning varð á fjallahjólreiðum á fjallinu og sér töluvert á svæðinu við rætur þess vegna þeirra. Jafnframt jókst utan vega akstur mótórhjóra, fjórhjóra og bíla á svæðinu. Mikið hefur verið krotað á fjallið og í vor komu upp ný atvik. Sjálfbóðaliðar ásamt starfsmanni Umhverfisstofnunar afmáðu það. Settur hefur verið upp teljari sem mun gefa okkur gagnlegar upplýsingar á næsta ári.

Úrbætur

Setja þarf upp upplýsinga- og fræðsluskilti með korti af svæðinu. Afmarka þarf gönguleiðir til að stýra umferð, til verndar lífríkis og af öryggisástæðum. Fræða þarf gesti um bann við lausagöngu hunda á svæðinu. Mikið er af ljótum grjóthrúgum á leiðinni sem flokkast sem ferðamannavörður, koma þarf í veg fyrir þessa mannvirkjagerð með fræðsu.

Eyða þarf lúpínu. Vinna þarf stjórnar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Reykjanesfólkvangur – Krýsuvíkurbjarg

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Krýsuvíkurbjarg er stórt fuglabjarg innan Reykjanesfólkvangs í landi Hafnarfjarðar. Áfangastaðurinn er vinsælt útivistarsvæði. Bæði innlendir sem erlendir ferðamenn heimsækja svæðið allt árið um kring en þó er mest um heimsóknir á sumrin.

Krýsuvíkurbjarg – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,83	6,30
Innviðir áfangastaðar	5,33	5,33
Verðmæti áfangastaðar	7,31	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	6,47	6,40

Breytingar á milli ára

Nýtt deiliskipulag var samþykkt í lok ársins 2019. Í haust voru tilraunaholur teknar vegna fyrirhugaðs útsýnispalls. Vegur var lagaður niður að bjarginu og rör sett í veg við læk.

Úrbætur

Bæta þarf merkingar á staðnum og setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti. Stefnt er á að afmarka og færa bílastæði, gera útsýnispall og leggja gönguleiðir til að stýra umferð um svæðið. Framkvæmdirnar munu einnig takmarka utanvega akstur á bjarginu. Hafnarfjarðarbær stefnir að því að bæta innviði á svæðinu sbr. nýtt deiliskipulag.

Vinna þarf stjórnunar- og verndaráætlun og auka viðveru landvarða.

Reykjanesfólkvangur – Leiðarendi

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Hraunhellirinn Leiðarendi er innan Reykjanesfólkvangs í upplandi Hafnarfjarðarbæjar. Bílastæði er við Bláfjallaveg og göngustígur liggur á milli bílastæðis og hellisops. Fjöldi gesta, innlendra sem erlendra, heimsækja staðinn árlega en ferðaþjónustufyrirtæki selja ferðir í hellinn auk þess sem fólk heimsækir hann á eigin vegum. Töluvert færri gestir voru á svæðinu árið 2020 miðað við fyrri ár.

Leiðarendi – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,19	7,50
Innviðir áfangastaðar	7,50	6,00
Verðmæti áfangastaðar	5,51	5,67
Heildareinkunn áfangastaðar	6,19	6,14

Breytingar á milli ára

Bílastæði var stækkað haustið 2020 en framkvæmdum er ekki lokið. Nýtt deiliskipulag var samþykkt í apríl 2020 og sveitarfélagið er að skipuleggja frekari framkvæmdir til samræmis við deiliskipulag. Keðjur sem settar voru inn í helli til að hlífa dropasteinskertum og dropasteinum eru farin að láta á sjá. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar og sjálfboðaliði lagfærðu keðjur.

Úrbætur

Endurnýja þarf keðjur sem hlífa dropasteinskertum og dropasteinum. Bæta þarf fræðslu um umgengni og öryggismál í og við hellinn. Bæta þarf stýringu gesta um hellinn, bæði hvar er gengið og hve stórir hópar mega heimsækja hann í einu. Nauðsynlegt er að fylgjast með fjölda gesta á svæðinu og er nú unnið að uppsetningu teljara.

Umhverfi hellisins hefur látið mikið á sjá og gróðurskemmdir eru áberandi í kringum stíginn sem liggur að honum. Fyrirhugaðir framkvæmdir munu draga úr traðki. Lagfæra þarf gróðurskemmdir með mosaf lutningi. Bílastæði var stækkað en er ófrágengið, setja þarf girðingu til að koma í veg fyrir að gestir gangi utan stíga af bílastæðinu.

Auka þarf viðveru landvarða við Leiðarenda.

Reykjanesfólkvangur – Seltún

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Seltún er fallett hverasvæði við Krýsuvíkurveg í landi Hafnarfjarðar í hjarta Reykjanesfólkvangs. Svæðið er afar vinsælt bæði meðal almennings og ferðamanna allt árið um kring.

Seltún – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	6,30	7,33
Innviðir áfangastaðar	9,44	9,05
Verðmæti áfangastaðar	6,15	7,00
Heildareinkunn áfangastaðar	7,07	7,62

Breytingar á milli ára

Vegna Covid-19 voru færri erlendir ferðamenn en meira um útivistafólk sem gekk upp á Pínir og á Ketilstíg. Villustígum hefur fjölgað. Sótt var um leyfi til að endurgera part af göngustíg en framkvæmdir eru ekki hafnar. Salernum var fjölgað, en þau eru þó eingöngu opin yfir sumarið. Sveitarfélag sett upp teljara á svæðinu, en þó það seint á árinu að ekki ertu til reiðu tölur fyrir árið 2020.

Úrbætur

Afmarka þarf og gera stíg að Píni með t.d. að byggja ræsi/tröppur eða setja staura og spotta til að styðja sig við. Salerni þyrftu að vera opin allt árið. Bætta þarf upplýsingar um að áfangastaður sé í

Reykjanesfólkvangi og upplýsa um friðuninna. Tröppur eru illa farnar og of háar og sumar tröppur fela í sér hættu fyrir almenning og ganga gestir á gróðri meðfram stígum. Þetta þarf að laga.

Ferðamálastofan og Umhverfisstofnun stefna jafnframt að setja teljara á svæðið.

Meta þarf hvort þörf sé á að fjölga landvörðum á vakt á svæðinu.

Reykjanesfólkvangur – Sogin

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Sogin eru hverasvæði í landi Grindavíkurbæjar. Svæðið er vinsælt meðal göngufólks allt árið um kring. Gönguleiðin Reykjavegur liggur um svæðið.

Sogin – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,33	5,00
Innviðir áfangastaðar	5,33	5,83
Verðmæti áfangastaðar	5,51	6,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,43	5,92

Breytingar á milli ára

Covid-19 jók álag á svæðinu þar sem fleiri gestir fóru um svæðið.

Úrbætur

Setja þarf upp upplýsingaskilti um svæðið og leiðbeiningar um hegðun.

Laga þarf malarveg sem liggur að borholuplani en hann er oft í slæmu ástandi og nánast ófær fyrir stóra jeppa. Taka þarf á utanvega akstri.

Reykjanesfólkvangur - Stapar og fjaran við Kleifarvatn

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Staparnir og nærliggjandi fjörur við Kleifarvatn eru í landi Grindavíkurbæjar. Svæðið er mikið notað við myndatökur. Svæðið er jafnframt vinsæll áfangastaður ferðamanna og útivistarfólks allt árið um kring.

Stapar og fjaran við Kleifarvatn – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	4,76	4,29
Innviðir áfangastaðar	5,71	6,00
Verðmæti áfangastaðar	6,03	6,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,68	5,81

Breytingar á milli ára

Akstur utan vega er mjög mikill og er alltaf að aukast. Vegna Covid-19 jókst umferð almennings á svæðinu. Veggjakrot á kletta við Stapa hefur aukist.

Vegagerðin setti vegrið við Krýsuvíkurveg á einum stað á milli stapanna.

Úrbætur

Afmarka þarf fleiri bílastæði/útskot meðfram Þjóðvegi, meðal annars þar sem rampar liggja niðri í fjöru, með því að loka þeim og gera þá að bílastæðum. Afmarka þarf betur malarsvæði norðan megin (við Lambahagatjörn) þannig að ekki sé stundaður utanvegaakstur þar. Setja þarf upp skilti og frekari upplýsingar um akstur utan vega við hliðina á veginum.

Finna þarf leiðir til að afmarka leið frá bílastæði að ákveðnum útsýnistöðum. Bæta þarf merkingar á staðnum. Lúpína vex við Stapan og í fjallshlíðinni hinumegin við veginn. Mótvægisadgerðir eru í gangi en auka þarf adgerðir til að uppræta lúpinu á svæðinu.

Auka þarf viðveru og virka eftirfylgni landvarða til að taka á ólöglegu athæfi á svæðinu, s.s. áletrana á jarðminjar, ólöglegri tjöldun og utanvegaakstri.

Reykjanesfólkvangur – Vigdísarvellir og Vigdísarvallaleið

www.ust.is/reykjanesfolkvangur

Á Vigdísarvallaleið (líka nefnd Djúpatvatnsleið) er stórbrotið landslag með mosavöxnum hraunum og gígum, umkringdum fjöllum og hamrabeltum. Svæðið er vinsælt allt árið.

Reykjanesfólkvangur - Vigdísarvellir – ástand	Einkunn 2019	Einkunn 2020
Skipulag áfangastaðar	5,42	5,42
Innviðir áfangastaðar	7,41	5,42
Verðmæti áfangastaðar	5,19	5,33
Heildareinkunn áfangastaðar	5,84	5,37

Breytingar á milli ára

Aðkoma að svæðinu versnaði töluvert vegna losunar plastmengaðs úrgangs meðfram vegi. Mörgum tonnum af plastmengudum hrossaskít hefur verið dreift á köflum við Vigdísarvallaleið, með þeim afleiðingum að fræ af plöntum sem ekki tengjast flóru svæðisins eru nú að dreifast innan friðlýsta svæðisins. Til að stunda þessa uppræðslu er keyrt utan vega í leyfisleysi og frágangi er ábótavant.

Covid-19 hefur aukið mjög álag á svæðinu. Auknar gróðurskemmdir vegna traðks.

Utanvegaakstur er í gríðarlegri uppsveiflu. Mörg ljót för vegna akstur utan vega eru á svæðinu, sérstaklega vegna torfæru mótorhjóla, en einnig vegna bíla, fjórhjóla, buggýbíla og fjallahjóla. Sumarhópur á vegum Umhverfisstofnunar rakaði yfir utanvegaakstursför og setti steina fyrir slóða á svæðinu í sumar.

Úrbætur

Vegur sem liggur að svæðinu þ.e. Vigdísarvallarleið er skilgreindur fjallvegur, þar er engin þjónusta yfir vetrartímann. Vegur kemur illa undan vetri sem leiðir til enn meiri utanvegaaksturs. Leita þarf leiða til að koma í veg fyrir utanvegaakstur og taka á honum. Bæta þarf merkingar og loka förum með landmótum.

Fara þarf í viðhald á stikum við gönguleiðir. Skoða möguleika á að merkja búsetuminjar og koma upp fræðsluefni um þær. Fara þarf í mótvægisáðgerðir gegn lúpínu áður en hún breiðir meira úr sér. Laga þarf gamlar efnisnámur svo minna beri á þeim. Skoða þarf uppgræðsluverkefni inna marka fólkvangs í heild sinni og halda fund með hagsmunaaðilum til að koma í veg fyrir að plastmenguðum úrgangi sé dreift á svæðinu.

Lokaorð

Umhverfisstofnun hefur nú unnið með ástandsmatsverkfærið í fjögur ár. Er það trú stofnunarinnar að verkfærið sé að gagnast vel við að vernda íslenska náttúru fyrir ágangi og til að forgangsraða úrbótaverkefnum innan hvers svæðis fyrir sig. Með því að fylgjast markvisst með þróun ástands á áfangastöðum ferðamanna er hægt að grípa inn í, áður en til óefna kemur. Stofnunin vinnur samkvæmt því og leggur sérstaka áherslu á að bæta þau svæði sem koma illa út úr matinu.

Sú ánægjulega þróun hefur nú orðið milli ára að systurstofnanir Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarður og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hafa tekið verkfærið í sína þjónustu. Mikið og gott samstarf hefur verið á milli stofnananna í þessu verkefni og veitir skýrslan í ár því upplýsingar um ástand áfangastaða innan allra þjóðgarða á Íslandi sem og flestra annarra friðlýstra svæða.

Viðauki 1

Mat á ástandi ferðamannasvæða, leiðbeiningar

INNGANGUR

Undanfarin ár hefur ferðamönnum fjölgað verulega á vinsælum stöðum hérlendis. Margir staðir hafa samhliða orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna fjölgunarinnar. Á sumum ferðamannastöðum hefur álagið jafnvel valdið óafturkræfu tjóni á umhverfi og náttúru. Þar eru fyrst og fremst þrír meginþættir sem bregðast.

Skipulag svæða:

Gestasókn verður oft stjórnlaus og án skipulags. Fólki fjölgar stöðugt án þess að samhliða séu hannaðar leiðir til að taka við fjöldanum. Lítil eða engin umsjón er með svæðunum og framtíðarsýn ekki til staðar.

Innviðir svæða:

Innviðir ásamt umsjón eru einn þeirra þátta sem eykur þol svæða gagnvart mikilli gestasókn. Innviðir geta verið í margskonar formi, s.s. akvegir, bílastæði, göngustígar, upplýsingar og leiðbeiningar, salerni o.s.frv. Innviðir auka stjórn á ferðum gesta og draga úr álagi. Skortur á innviðum veldur því að svæðum hnignar hratt, lítil stýring er á ferðum gesta með tilheyrandi raski á náttúru og umhverfi.

Verðmæti svæða:

Verðmætin geta verið í formi landslags, gróðurs, jarðminja, dýralífs og menningarminja. Verðmætin eru aðdráttarafli svæðanna og skapa upplifun gesta. Skortur á skipulagi og innviðum ásamt mikilli gestasókn getur valdið átroðningi og tjóni á verðmætum svæðum, jafnvel óafturkræfum. Mjög kostnaðarsamt getur reynst að koma röskuðum svæðum í samt lag á ný og mjög raskað svæði missir gildi sitt, aðdráttarafli og upplifun gesta.

Aðferðir til að meta ástand lands:

Ýmsar aðferðir hafa verið nýttar til að leggja mat á ástand ferðamannasvæða, ekki síst friðlýstra svæða sem draga til sín gesti. Eitt þeirra verkfæra er „Ástandsskýrsla“ Umhverfisstofnunar varðandi friðlýst svæði í umsjón hennar svo og „Rauðlistaskýrslan“ þar sem útlistuð eru þau svæði sem eru undir það miklu álagi að hætta er á að verndargildi þeirra tapist. Umræddar skýrslur hafa þó haft vissa hnökra, t.d. eru ólíkar aðferðir nýttar til að meta svæði, samanburðarhæfni ekki til staðar og þá hafa þær, ekki síst Rauðlistaskýrslan, haft á sér orð fyrir að vera hlutlægar á köflum.

Á vordögum 2016 gerðu Umhverfisstofnun og Stjórnstöð ferðamanna með sér samning um að fyrrgreindi aðilinn myndi hanna og þróa verkfæri sem nýta mætti til að leggja mat á svæði sem eru undir álagi vegna gestasóknar. Áhersla var lögð á að verkfærið legði hlutlægt mat á verndarsvæði, væri samanburðarhæft milli svæða og gæfi til kynna hvort ástand svæða færi batnandi eða versnandi milli ára. Umræddir þrír meginþættir (skipulag, innviðir og verðmæti) eru metnir til að byrja með en bæta má við nýjum meginþáttum, fella þætti út ef þarf o.s.frv. Verkfærið sem hér fylgir er í þróun og verður sennilega áfram um komandi ár. Það á að geta aðlagð sig að breyttum

tímum, áherslum o.s.frv. Mikilvægt er að verkfærið sé einfalt í notkun og að ekki þurfi sérþekkingu til að nýta það. Verkfærið gefur hverjum meginþátta einkunn á bilinu 0 til 10 svo og svæðinu eina heildareinkunn.

Hönnun verkfærisins:

Ýmsar leiðir eru þekktar erlendis til að leggja mat á ástand og álag á fjölsótt svæði svo og mat á stjórnun þeirra. Við gerð þessa verkfæris voru ýmis erlend verkfæri skoðuð og hugmyndafræði þeirra nýtt. Ber sérstaklega að nefna *Management Effectiveness Tracking Tool - WWF* sem er verkfæri hannað til að meta virkni stjórnunar á friðlýstum svæðum. Aðferðarfræði ástandsmatsins er byggð á svipuðum grunni, þ.e. settar eru fram fullyrðingar um vissa þætti sem skipta ástand svæða máli og sú fullyrðing sem á best við gefur vissa einkunn (sjá síðar).

Sett voru fram alls 27 viðföng sem skiptast í þá þrjá meginþætti sem verkfærið leggur mat á, skipulag, innviði og verðmæti. Hvert viðfang hefur fjórar fullyrðingar sem gefa einkunn og einnig dálk sem merkt er í ef viðfang á ekki við umrætt svæði.

Kallaður var saman fundur margra hagsmunaaðila þar sem viðföng voru samin, rædd og metin, allt atriði sem skipta máli er kemur að ástandsmati ferðamannasvæða. Í kjölfarið voru viðföngin fínþússuð og sett fram með einkunnum. Þá var sett fram reiknilíkan til að leggja lokamat á einkunnargjöf hvers metins svæðis. Hafa ber í huga að þótt nothæft verkfæri sé þegar til staðar á það eftir að taka breytingum á komandi árum samhliða aukinni reynslu af notkun þess.

Úrvinnsla:

Við hönnun verkfærisins voru fjölmörg svæði sem Umhverfisstofnun hefur eftirlit með metin og verkfærið prófað. Eðlilega fundust hnökror sem bætt var úr og mat þá endurtekið. Það verkfæri sem hér birtist er fyrsta útgáfa af ástandsmatinu. Verkfærið er ekki fullkomið og enn á eftir að laga margt til, bæta við viðföngum og jafnvel taka einhver út, en grunnurinn er lagður og fyrsta tilraunaútgáfa gerð með mati á svæðum frá 2017. Aftur verður lagt mat á umrædd svæði 2018 og fleirum bætt við. Samhliða verður matið lagfært, enda komin samanburður og reynsla af nýtingu verkfærisins.

Notkun, leiðbeiningar:

Hafa skal í huga að verkfæri þetta er hannað til að leggja mat á ástand svæða sem eru undir álagi vegna gestasóknar svo og þekktir ferðamannastaðir. Ekki er ástæða til að leggja mat á svæði sem fáir sækja heim og áhrif vegna gesta eru óveruleg. Það er þó mat hverju sinni. Sama á við ef álag á svæði er vegna náttúrulegra þátta og/eða vegna framkvæmda þriðja aðila s.s. virkjanir, vegaframkvæmdir eða annað álag sem ekki er hægt að rekja beint til ferðamanna. Verkfærið metur gestaálag og leiðir til úrbóta. Þó eru stök viðföng sem heyra ekki beint undir álag gesta, en geta haft áhrif á upplifun þeirra, t.d. landnýting, framandi ágengar lífverur o.s.frv.

Að fylla út matið:

Verkfærið samanstendur af 27 viðföngum, með fjórum til sex fullyrðingum í hverju viðfangi. Viðföngin skiptast í þrjá meginflokkka (skipulag, innviðir, verðmæti). Sá sem tekur út svæði merkir við hvert viðfang þá fullyrðingu sem á best við. Vissulega getur komið upp að ástand sé metið

milli tveggja fullyrðinga (tvær fullyrðingar gætu átt við) og er þá hægt að fara milliveg og gefa einkunnir með kommu. Dæmi: svæðið liggur á milli 2 og 3 og má gefa einkunn 2,5 eða aðra þá tölu sem metandi telur gilda. Samhliða skal þá setja athugasemd við í athugasemdadálk, á hverju matið byggist.

Ástands- og úrbótarmat:

Tveir reitir eru aftan við einkunnargjöfina, annars vegar reitur fyrir ástand og hins vegar reitur fyrir úrbætur. Dæmi: Ástand; Talsvert er farið að sjá á göngustígum á svæðinu, sérstaklega í bleytutíð... Úrbætur; Mikilvægt er að bæta drenun göngustíga og setja betra burðalag í efsta hluta stíganna. Hér er bæði ástandi og úrbótum lýst. Mikilvægt er að textinn sé stuttur og hnitmiðaður og þegar skýrsla er unnin um ástand allra metinna svæða flyst þessi texti yfir í samanburðarskýrsluna. Gott er að hafa í huga að ekki er eingöngu verið að lýsa ástandi heldur og einnig úrbótum. Í raun má tala um ástands- og úrbótamat verkfærisins.

Við hvaða svæði miðast matið:

Líkt og fyrr segir er um að ræða svæði sem eru undir álagi vegna fjölda ferðamanna. Svæðin geta verið jafnt innan friðlýstra svæða, þjóðgarða eða svæði án hirðis sem draga að sér fjölda gesta. Svæðin sem metin eru, eru afmörkuð, þ.e. ekki er lagt mat á stórt heildarsvæði, D: Fjallabak, heldur umsetin svæði innan þeirra, t.d. Landmannalaugar, Laugahraun og Grænagil. Það eru þau svæði sem eru undir álagi vegna gesta. Benda má á að stór friðlönd eru yfirleitt í góðu ástandi þótt innan þeirra geti stöku staðir verið ofsetnir eða undir skemmdum. Á þau svæði er lagt mat og úrbætur. Fyrri ástandsmatsskýrslur lögðu fremur mat á heildarsvæði oft út frá einstaka stöðum sem illa voru farnir innan þeirra (Fjallabak var í heild á rauðum lista þó aðeins lítill hluti þeirra væri í raun undir óafturkræfu álagi). Metandi svæðis þarf því að hafa það í huga að leggja mat á álagssvæði og geta þau oft verið fleiri en eitt á stóru ferðamannasvæði. D: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, mat er lagt á Svalþúfu, Lóndranga, Malarif, Djúpalón, Saxhól, Skarðsvík, Öndverðarnes o.s.frv. en ekki á þjóðgarðinn í heild, enda stór hluti hans utan ferðamannaleiða og álags sem fylgir oft gestum. Öll svæðin eru sótt af fjölda ferðamanna. Einnig má leggja mat á einstaka göngustíga/ gönguleiðir (Laugahraun, gönguleiðin Stapar-Hellnar o.s.frv.).

Hvenær skal gera matið?

Strax og sjá fer á ferðamannasvæði eða þegar fjöldi gesta er orðinn það mikill að svæði verði hugsanlega fyrir neikvæðum áhrifum, skal gera ástandsmat. Einnig má gera mat á svæði sem er í mjög góðu standi og fáir gestir sækja heim, en þá munu mörg viðföng falla út (eiga ekki við). Mjög brýnt er að meta illa farin svæði. Gott er að gera matið þegar álagið er sýnilegt, t.d. á sumrin eða á haustin þegar fjöldi gesta kemur á svæði. Í raun má þó taka matið hvenær árs sem er. Ljúka þarf mati og skila því af sér um miðjan nóvember ár hvert. Þegar lokaskil liggja fyrir er unnin stöðugreining á öllum metnum svæðum. Benda skal á að með auknum fjölda gesta á vetrar- og vortíma hefur álag á mörgum stöðum breyst. Brýnt er að fylgjast með og skrá ástand álagssvæða á þeim tíma. Ástandsmat skal endurtekið árlega, þannig verður matið svæði samanburðarhæft milli ára og breyttar áherslur t.d. í úrbótum á umræddum svæðum skila sér árlega.

Hverjir fylla út matið (því fleiri, því betra)

Umsjónaraðili svæðis (ábyrgðaraðili) fyllir út matið þar sem slíkur aðili er til staðar. Hann getur jafnframt látið aðra (s.s. landverði) fylla út matið með leiðsögn og eftirliti svo rétt sé unnið. Ef enginn hefur umsjón með svæði getur fulltrúi sveitafélags unnið það, eigendur svæða o.s.frv. Best er að fleiri en einn aðili fylli út mat hvers svæðis, t.d. gætu einn eða fleiri landverðir fyllt út matið hver í sínu lagi og borið saman og rætt niðurstöður sínar í kjölfarið ásamt yfirmanni. Umhverfisstofnun sér um að setja upp matsskýrslu og skal skila gögnum til hennar. Fulltrúi stofnunarinnar metur áreiðanleika gagna og sækir frekari upplýsingar ef þörf er á um einstök svæði.

Viðföng:

Líkt og áður segir eru þrír meginþættir metnir á álagssvæðum. Þættirnir ásamt eintökum þáttum eru:

- Skipulag áfangastaðar
 - Leiðbeiningar og upplýsingar
 - Umsjón, landvarsla
 - Fjármögnun
 - Stefnumótun, stjórnunar- og verndaráætlun
 - Skipulagsáætlanir, aðalskipulag, deiliskipulag
 - Ólöglegt athæfi, utanvegarakstur, næturdvöl, veiði framkvæmdir, vísvitandi skemmdir á náttúru, vörðuhleðsla
 - Vöktun, talning gesta
- Innviðir
 - Göngustígar
 - Stikaðar varðaðar leiðir
 - Salerni
 - Bílastæði
 - Akvegir að/innan áfangastaðar
 - Umferð reiðhjóla
 - Reiðleiðir
 - Áningarstaðir, Útsýnisstaðir, þjónustustaðir (nestisstaðir)
 - Tjaldsvæði
- Verðmæti svæðis
 - Gróður
 - Ágengar, framandi tegundir
 - Landslag
 - Menningarminjar
 - Jarðminjar
 - Lífríki, Dýralíf
 - Landnýting á eða við áfangastaði ferðamanna, t.a.m. efnistaka, skógrækt, landbúnaður eða annað

Er hægt að tryggja að matið sé ekki huglægt?

Þegar mat og einkunn liggur fyrir eru niðurstöður skoðaðar, ekki síst ef svæði kemur illa út. Skoða þarf hvort ástandsmatið hafi verið fyllt rétt út og hvort metandi hafi gerst of huglægur eða misskilið viðföngin. Gott er að bera saman einkunnir nokkurra svæða. Ef einstakar einkunnir eru mjög á skjön skal skoða þær sérstaklega. Funda þarf um viðföng sem koma illa út og leggja sameiginlegt mat á hvort einkunnir séu réttar. Þetta skal gert til að tryggja að matið sé fyllt rétt út og fyrirbyggja að mat á ástandi sé byggt á huglægum forsendum.

Einstakir þættir matsins:

Hvað dregur úr álagi svæða og hvað skiptir framgang þess máli?

Skipulag áfangastaðar

Skipulag skiptir svæði miklu máli. Með skipulagi er átt við hvort einhver hafi umsjón og eftirlit með svæði, hvort leiðbeiningar um ferðahegðun séu til staðar og hvort þörf sé á þeim. Jafnframt hvort svæðið hafi fjármagn til að takast á við álagsvalda, s.s. með viðhaldi, uppbyggingi innviða, landvörslu o.s.frv. Er stefnumótun ráðandi og hvernig er opinberu skipulagi háttað? Gagnast gilt aðalskipulag svæðinu? Miðast deiliskipulag við þarfir og innra skipulag? Þá skal lagt mat á ólöglegt athæfi s.s. utanvegaakstur eða annað slíkt. Loks er lagt mat á vitneskju um álagsvalda s.s. fjölda ferðamanna, eigindi þeirra o.fl.

Innviðir áfangastaða

Innviðir eru flestum svæðum mjög mikilvægir, enda fylgir þeim stýring á álagi. Innviðir snúa að þörfum ferðamanna, að komast leiða sinna, njóta staða, öryggi og þægindi, læsileika áfangastaðar (hvar má ég ganga, sitja, leggja bílnum, borða nesti o.s.frv.), samhliða og vel hannaðir staðir auka á margbreytileika, fræðslu og upplifun gesta. Góðir innviðir hækka þol áfangastaða.

Verðmæti

Verðmætin liggja í náttúru og arfleifð svæða. Þau eru hið raunverulega aðráttarafl og væntingar og upplifun gesta stendur og fellur með ástandi þeirra. Í matinu er sýnilegt ástand gróðurs, jarðminja og menningarminja metið út frá álagstjóni sem gestir geta valdið (troðningar og rof). Þá er lagt mat á áhrif gesta á dýralíf, en slíkt er þó oft dulið og erfitt að meta án frekari rannsóknna. Fremur er skoðað hvort gestir geti haft áhrif á varplönd fugla o.s.frv. Landslag er einn matsþátta og mat lagt á hvort athafnir, vegir, mannvirki o.s.frv., hafi neikvæð áhrif á svæði og upplifun gesta. Jafnframt setur það þá kröfu á umsjónaraðila að standa vel að hönnun innviða og tryggja að þeir falli vel að umhverfi sínu. Loks er metin önnur landnýting s.s. efnistaka, beit, akuryrkja eða annað sem getur haft neikvæð áhrif á upplifun gesta og gildi svæðisins. Landslag og landnýting geta leitt til huglægs mats og þarf því að skoða þá þætti sérstaklega ef einkunnir eru lágar.

Einkunn:

Hvert viðfang gefur ákveðin stig. Þegar heildarfjöldi stiga er lagður saman fyrir öll viðföng kemur út talan 100 stig. Stigunum er skipt í tug og svæði með fullt hús stiga fær þannig 10 í einkunn. Slíkt einkunn yrði þó ósennileg. Einkunn er með tveimur aukastöfum (D: 5,42). Það getur komið fyrir

að viðfang á ekki við áfangastað, t.d. svæðið er girt af og umferð hrossa bönnuð, reiðleið á þ.a.l. ekki við í umræddu viðfangi. Í útreikningum er tekið tillit til þess sem á ekki við og fellur viðfangið út úr heildarreikningi svæðis. Það eru því eingöngu metin viðföng sem gefa einkunn.